SKOÐUN Guðmundur J. Guðmundsson skrifar um menntun og frekan karl. 14

MENNING Brot úr óperunni Furðuveröld Lísu verða flutt á laugardaginn. 20

LÍFIÐ Hljómsveitin Kaleo er á ferð og flugi um Bandaríkin um þessar mundir. 30

SPORT Keflvíkingar ekki byrjað verr í efstu deild karla í fótbolta í 55 ár. 26

BÓKAÐU NÚNA
Á WOWAIR.IS
WOW air

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
27. maí 2015
x. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

MARKAÐURINN

Meira en hagvöxtur

Ritstjóri Social Progress Index telur að landsframleiðsla sé ekki fullkomin mæling á framþróun samfélagsins. Taka þurfi tillit til spurninga eins og öryggis, réttlætis og fleiri mikilvægra þátta.

FRÉTTIR

Kirkja vill hlut af tekjum safns Sóknarprestur og sóknarnefndarformaður Glaumbæjarkirkju vilja að kirkjan fái hlut í aðgangseyri gesta Byggðasafns Skagfirðinga. Forstöðumaður safnsins býst við að málaleituninni verði kurteislega hafnað. 2

Tvöföldun Hvalfjarðarganga Verði umferðaraukning í takt við spár verður nauðsynlegt að tvöfalda Hvalfjarðargöngin innan sjö til tíu ára, segja forsvarsmenn Spalar. Fyrirtækið skilar göngunum skuldlaust til ríkisins árið 2019. 6

Innflytjendum fjölgar á ný Innflytjendum er farið að fjölga á ný eftir töluverða fækkun undanfarin ár. Hlutfall kynjanna í þeirra hópi hefur jafnast út. 8

12

3 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fasteignir | Fólk | Sumar og börn

Verköll ógna útflutningi

Komi til verkfalla munu markaðir fyrir íslensk matvæli tapast fljótt. Útflytjandi segir erfitt að vinna viðskipti aftur. Flóabandalagið, verslunarmenn og Stéttarfélag Vesturlands eru komin með drög að samningi við SA.

Verköll stefna verðmætu uppbyggingarstarfi við markaðssetningu erlendis í hættu og koma afar illa byggðarlögum eins og Patreksfirði, sem eiga mikið undir þessum viðskiptum. Þetta segir Jón Georg Aðalsteinsson, stjórnarformaður fyrirtækisins Ice-co.

Fyrirtækið flytur sjávarafurðir og skyr til Sviss og Þýskalands. Jón Georg segir að komi til verkfalla muni markaðir tapast fljótt. „Já, þeir munu ekki auðvelt að vinna viðskiptin til baka," segir Jón Georg og bætir við að í ofanálag bjóði Norðmenn yfirleitt betra verð á vörunni.

JÓN GEORG AÐALSTEINSSON

tapast nánast samdægurs. Þú ert að tala um ferska vöru þar sem hver dagur skiptir sköpum," segir Jón Georg. „Það gengur ekki upp fyrir stórmarkaði erlendis að fá ekki daglega íslenskan þorsk. Þeir neyðast þá til að kaupa hann af Norðmönnum. Gerist það, er

LÁGMARKSLAUN YRÐU 300 PÚSUND

Flóabandalagið, VR og Stéttarfélag Vesturlands kynntu í gær megináherslur í drögum að nýjum kjarasamningi við Samtök atvinnulífsins sem er í burðarliðnum. Drögin gera ráð fyrir að nýr samningur yrði til loka árs 2018 og aðaláhersla yrði lögð á hækkun lægri launa og að verja millitekjur. Lágmarkslaun fara úr 214 þúsund á mánuði, verða 245 þúsund við gildistöku samnings og 300 þúsund á mánuði frá og með 2018. Launataxtar hækka um 25 þúsund 1. maí síðastliðinn og um 15 þúsund 1. maí að ári. Þeir hækka svo um 4,5 prósent 1. maí 2017 og 3 prósent ári seinna. Unnið er að útfærslu annarra atriða kjarasamningsins.

- jhh / sjá síðu 4 og Markaðinn

MÓTMÆLI Á AUSTURVELLI Púsundir mótmæltu ríkisstjórninni á Austurvelli í gær. Einhverjir áttu eitthvað vantalað við Jón Sigurðsson forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vegna tafa í innanríkisráðuneytinu fá sum börn ekki að hitta foreldra sína í fleiri ár:

Seinagangur bitnar á börnum

STJÓRNSÝSLA „Þetta eru svo viðkvæm mál. Úrskurðir hjá sýslumanni varðandi til dæmis umgengni foreldra við barn eru kæranlegir til innanríkisráðuneytisins og sú staða getur verið uppi að foreldrar fái ekki að hitta barnið sitt í mörg ár vegna seinagangs hjá ráðuneytinu," segir Helga Vala Helgadóttir héraðsdómslögmaður, sem gagnrýnir ástandið í innanríkisráðuneytinu.

„Mér barst til dæmis bréf frá innanríkisráðuneytinu í vikunni þar sem fram kemur að ráðuneytið hafi móttekið kæru vegna úrskurðar sýslumanns í júní 2014 eða fyrir ellefu mánuðum," segir Helga Vala en bréfið er um kæru skjólstæðings hennar sem varðar barn. „Kæra er varðar barn á alla jafna að sæta flýtimeðferð innan stjórnkerfisins enda hagsmunir þess brýnir."

> **Kæra er varðar barn á alla jafna að sæta flýtimeðferð innan stjórnkerfisins enda hagsmunir þess brýnir.**
>
> *Helga Vala Helgadóttir, héraðsdómslögmaður*

Í umræddu bréfi segir að vegna fjölda mála ætli ráðuneytið að dráttur verði á afgreiðslu málsins og að óbreyttu megi búast við ákvörðun innan níu mánaða.

„Þetta þýðir að biðin eftir úrskurði gæti orðið enn þá lengri ef það verður mikið að gera hjá ráðuneytinu," segir Helga Vala og bætir við að þetta sé mjög bagalegt fyrir bæði börn og foreldra. „Það bara verður að fjölga starfsfólki innan ráðuneytisins til að annast kærumálin. Þetta er algjört óframdarástand og hefur verið lengi."

- ngy



YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðallestur kvenna á tölublað, 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg
Pinex® Smelt
Paracetamol 250 mg
Actavis
HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 51 1072

VEÐUR

Norðlæg átt 8-15 m/s í dag, en annars hægari vindur. Áfram skúrir í öllum landshlutum, en með kólnandi veðri fyrir norðan eru líkur á slydduéljum þar. Sunnantil verður hitinn um 5 til 10 stig.

SJÁ SÍÐU 18

Kínverjar búa sig undir átök um hafið, geiminn, kjarnorku og netið:

Kína hrellir nágrannaríkin

KÍNA Kínastjórn hefur kynnt nýja hernaðaráætlun, nágrannaríkjum sínum til mikillar hrellingar enda áherslan ekki síst lögð á útþenslustefnu Kínverja í Suður-Kínahafi.

Þar í hafinu eru hinar umdeildu Spratlys-eyjar, sem Kínverjar gera tilkall til rétt eins og Víetnam, Filippseyjar, Brúnei, Malasía og Taívan. Þar eru einnig fleiri smáeyjar sem nokkur lönd gera tilkall til.

Kínverjar segjast nú ætla að búa sig undir sóknarhernað í hafi, frekar en eingöngu varnarhernað. Undanfarin ár hafa Kínverjar eflt sjóher sinn verulega, sett meðal annars á flot ný herskip, kafbáta og flugmóðurskip. Þá hafa þeir í hyggju að reisa tvo stóra vita á Spratlys-eyjum.

Nágrannaríkin hafa áhyggjur af þessari þróun og boða aukið samstarf til mótvægis.

Í nýju hernaðaráætluninni er hafið skilgreint sem eitt af helstu átakaefnum framtíðar, en einnig segjast Kínverjar búa sig undir átök um geiminn, kjarnorku og internetið. Ætlunin er að styrkja stöðu Kína á öllum þessum sviðum. - gb

NÝLIÐAR I HERNUM Kínverskur hermaður í sjóhernum, hvítklæddur, innan um nemendur í herskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Lagabreyting í Finnlandi:

Hert refsing við kynlífskaupum

FINNLAND Frá og með 1. júní verður það refsivert í Finnlandi að kaupa kynlífsþjónustu af fórnarlambi mansals þótt kaupandinn hafi ekki vitað af aðstæðum seljandans. Áður var refsing háð því að kaupandi vissi af aðstæðunum. Hámarksrefsing er sex mánaða fangelsi.

Finnska dómsmálaráðuneytið vonast til að hert lög dragi úr eftirspurn eftir kynlífsþjónustu þeirra sem seld eru mansali. - ibs

RAMMINN AF DAGSKRÁ Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, frestaði umræðum um virkjanakosti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Forseti Alþingis frestar:

Virkjanaumræðum frestað

STJÓRNMÁL Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, frestaði í gær umræðum um virkjanakosti.

Undanfarna daga hefur hvorki gengið né rekið í umræðum um virkjanakosti og hafa þingmenn ríkisstjórnarinnar ásakað stjórnarandstöðuna um málþóf.

Stjórnarandstaðan hefur hins vegar krafist þess að málið verði tekið af dagskrá og segir mikilvægari mál bíða umræðu.

Einar sagðist vona að ákvörðunin leiddi til meiri sáttar innan þingsins en hún hefur verið lítil upp á síðkastið. - þea

Vagnstjórinn leitaði á slysadeild:

Bílstjóri Strætó bs. fyrir árás í Ártúni

OFBELDI Ráðist var á vagnstjóra Strætó bs. við stoppistöð í Ártúni í hádeginu í gær. Árásin var tilkynnt til lögreglu og leitaði vagnstjórinn sér aðstoðar á slysadeild.

Að sögn Jóhannesar Svavars Rúnarssonar, framkvæmdastjóra Strætó, er hann ekki alvarlega særður. Vagnstjórinn var að stöðva tvo farþega sem reyndu að komast inn í vagninn án þess að borga fargjald þegar annar þeirra réðst á hann með höggum.

Strætó bs. lítur málið alvarlegum augum. - ngy

Kirkja biður um hlut í tekjum byggðasafns

Sóknarprestur og sóknarnefndarformaður segja sanngjarnt að Glaumbæjarkirkja fái hlut í aðgangseyri gesta Byggðasafns Skagafirðinga. Forstöðumaður safnsins segist búast við að erindinu verði tekið ljúflega en að því verði kurteislega hafnað.

STJÓRNSÝSLA „Þetta er spurning um að það sé eitthvað komið til móts við þá sem leggja aðstöðuna eiginlega alla fram," segir Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarkirkju, um þá ósk að sóknin fái hlut í aðgangseyri ferðamanna að sýningu Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ.

Um fjörutíu þúsund gestir heimsóttu Glaumbæ í fyrra og greiddu þar ýmist 1.200 krónur eða 900 krónur í aðgangseyri eftir því hvort þeir voru í hóp eða ekki.

„Flæði ferðamanna á staðnum er líka inn í kirkjuna og kirkjugarðinn. Bílaplanið við kirkjuna er notað allt sumarið. Og kirkjan á lóðina undir safninu," segir séra Gísli sem hefur bæði sent byggðaráði Skagafjarðar erindi um málið og gengið á fund nefndarinnar. Auk þess sem ekkert endurgjald komi fyrir lóð byggðasafnsins standi til að skipuleggja nýja innkeyrslu að safninu og nýtt bílaplan. „Það þarf þá allt að vera í samráði við eiganda jarðarinnar, sem er Kirkjumálasjóður," undirstrikar sóknarpresturinn.

Sigríður Sigurðardóttir, forstöðumaður byggðasafnsins, segir að þyrfti safnið að sjá á bak hluta aðgangseyrisins sem greiddur sé inn í gamla bæinn í Glaumbæ þyrfti það að fá peninga annars staðar frá eða að segja upp fólki.

„Þetta er okkar lifibrauð þannig að ég býst við að þetta verði afgreitt ljúflega og kurteislega með höfnun," segir Sigríður. Það sé hins vegar vissulega rétt að á álagstímum sprengi aðsóknin bílastæði safnsins utan af sér og þá leggi gestir við kirkjuna.

„Við höfum haldið kirkjunni opinni fyrir sóknina mörg sumur sem er gott mál fyrir báða aðila," segir forstöðumaðurinn sem bendir á að á ákveðinn hátt sé um merkilegt mál að ræða. Það tengist erfiðum rekstri á kirkjum um allt land. „Hver veit nema fleiri sóknarnefndum detti í hug eitthvað álíka? Þegar menn fara að lenda í vandræðum með rekstur kirknanna sinna þá er eðlilegt að þeir líti í allar áttir og kanni möguleikana."

Gísli segir að þótt nefnt hafi verið að kirkjan fengi hluta af aðgangseyri byggðasafnsins kæmu aðrar leiðir til greina. „Sveitarfélagið er að greiða fyrir aðstöðu hér og þar og þetta gæti kannski verið eitthvað svipað."

gar@frettabladids.is

GLAUMBÆR Byggðasafnið á Glaumbæ og Glaumbæjarkirkja eru nágrannar og gestir safnsins leggja bílum sínum iðulega við kirkjuna. MYND/SIGRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR

> **„Þetta er okkar lifibrauð þannig að ég býst við að þetta verði afgreitt ljúflega og kurteislega með höfnun.**
>
> *Sigríður Sigurðardóttir, forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga.*

MISMUNAÐ Félag heyrnarlausra segir íslenskt táknmál vera jafn rétthátt íslensku sem tjáningarform. MYND/GETTY

Í þriðja sinn á tveimur árum:

Táknmálstúlkasjóður uppurinn

SAMFÉLAG Félagi heyrnarlausra hefur borist tilkynning frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra þess efnis að frá og með 25. maí til 30. júní verði ekki veitt endurgjaldslaus táknmálstúlkaþjónusta þar sem fjármagn sem ætlað er til túlkaþjónustu þetta tímabil sé uppurið. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Félagi heyrnalausra.

Þetta þýðir að fólk sem reiðir sig á íslenskt táknmál til samskipta er útilokað frá því að taka þátt í til dæmis húsfundum og í íþrótta- og tómstundastarfi barna sinna. - ngy

Sameining framhaldsskóla:

Kennarafélög reið ráðuneyti

MENNTAMÁL Fimm kennarafélög á Norðurlandi krefjast þess að áform ríkisins um sameiningu skóla verði dregin til baka. Stefnt er að því að sameina annars vegar Menntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga og Framhaldsskólann á Húsavík og hins vegar Verkmenntaskólann á Akureyri og Framhaldsskólann á Laugum.

Kennarafélögin lýsa óánægju með það að áformin hafi ekki verið unnin í samráði við skólana og segja þau byggja á afar óljósum forsendum og taka ekkert mið af hugmyndum heimamanna. - þea

Áætlað er að ný ferja sem mun sigla til og frá Vestmannaeyjum fari í notkun árið 2016:

Smíði nýrrar ferju til Vestmannaeyja

SAMFÉLAG „Nú er búið að kynna fyrir okkur að skipið verði tilbúið til siglinga árið 2016 og við treystum því. Áður hafði okkur reyndar verið sagt að skipið yrði tilbúið árið 2010," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, um nýja ferju sem mun sigla til og frá Vestmannaeyjum. „Ferjan mun bera jafn marga farþega og núverandi ferja eða rétt um fjögur til fimm hundruð manns."

Innanríkisráðherra, ásamt fulltrúum Vestmannaeyjabæjar, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar, fór yfir stöðuna varðandi siglingar í Landeyjahöfn fyrr í vikunni. Fjallað var um smíði nýrrar ferju, fyrirkomulag siglinga þar til ný ferja verður komin í gagnið, líklega þróun sandburðar við Landeyjahöfn og rannsóknir sem fram undan eru.

„Það er enn þá bara búið að ljúka helmingi framkvæmdar sem hófst árið 2008 með byggingu Landeyjahafnar og nú bindum við vonir um að ríkið ljúki við hinn helminginn," segir Elliði.

Í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu kemur fram að við fjármögnun verði litið til verkefnisins í heild, það er smíði nýrrar ferju og aðgerða til aðlögunar Landeyjahafnar að breyttum náttúrulegum aðstæðum. - ngy



LANDEYJAHÖFN Elliði segir að með nýju ferjunni ljúki síðari helmingi framkvæmda sem hófust með Landeyjahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilboð: 1.490.000 kr.

Hyundai i30 Comfort FXK94
Skráður ágúst 2009, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.

Tilboð: 3.290.000 kr.

Skoda Superb NNK74
Skráður mars 2013, 2,0TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 132.000 km.
Ásett verð: 3.590.000 kr.

Verð: 2.390.000 kr.

Ciroen Nemo Fourgon Van BHM78
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinsk.
Ekinn 2.700 km.
Í ábyrgð

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!

Tilboð: 2.790.000 kr.

Volkswagen Passat Metan UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.190.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!

Tilboð: 4.490.000 kr.

Volvo XC90 Executive D5 AWD GTK54
Skráður mars 2008, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 125.000 km.
Ásett verð: 5.290.000 kr.

Verð: 1.890.000 kr.

Nissan Micra Visia OXS12
Skáður júní 2012, 1,2i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 43.100 km.

Verð: 1.850.000 kr.

Suzuki Alto GL DHA99
Skráður júní 2013, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 16.400 km.
Í ábyrgð

FINNDU BÍLINN ÞINN

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING

Tilboð: 1.050.000 kr.

Ford Focus Trend NN019
Skráður október 2006, 1,6i bensín, beinsk.
Ekinn 129.200 km.
Ásett verð: 1.190.000 kr.

Tilboð: 1.490.000 kr.

Mercedes Benz C-Class UX494
Skráður september 2001, 2,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.

Tilboð: 2.450.000 kr.

Ford Focus Trend HBV42
Skráður maí 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 83.000 km.
Ásett verð: 2.590.000 kr.
Í ábyrgð

Tilboð: 2.390.000 kr.

Renault Megane II Berline FYM75
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr.

Tilboð: 3.550.000 kr.

Ford Kuga Titanium S PGH11
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 101.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.

Tilboð: 3.590.000 kr.

Ford Escape Limited AWD AYX84
Skráður júní 2011, 2,5i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 99.900 km.
Ásett verð: 3.870.000 kr.

Tilboð: 8.290.000 kr.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD EYG10
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 72.000 km.
Ásett verð: 8.590.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Verkfall dýralækna hefur veruleg áhrif á rekstur veitingahúsa sem tapa viðskiptavinum og tekjum í kjölfarið:

Veitingahús landsins tapa á verkfalli dýralækna

„Viðskiptavinir okkar eru búnir að kvarta mjög mikið og við erum að missa mikil viðskipti vegna verkfallsins," segir Charin Thaitrasert, framkvæmdastjóri núðlustaðarins Noodle Station, um verkfall félagsmanna BHM í Dýralæknafélagi Íslands.

Verkfall dýralækna hefur haft veruleg áhrif á veitingastaði landsins og er nú svo komið að skyndibitastaðurinn Noodle Station getur ekki boðið upp á nautakjöt í núðlusúpur sínar, en sá réttur er einn sá vinsælasti á matseðlinum. Engum nautum hefur verið slátrað í rúman mánuð.

„Nú eru liðnar þrjár vikur síðan við höfum fengið nautakjöt og síðan þá höfum við verið að tapa viðskiptavinum. Það er líka mikið af erlendum ferðamönnum sem koma og ætla að fá núðlusúpu með nautakjöti," segir Charin og bætir við að starfsmenn hafi horft á eftir mörgum viðskiptavinum sem hætta við að versla við staðinn vegna kjötskortsins.

„Birgirinn okkar er Kjöthúsið ehf. sem hefur tilkynnt okkur að það gætu liðið allt að tveir mánuðir þar til við fáum kjötið."

Verkfall dýralækna sem starfa hjá ríkinu hefur nú staðið frá 20. apríl. Það hefur einnig haft áhrif á rekstur sushi-veitingastaðarins Osushi the Train.

„Verkfall dýralækna er farið að hafa einhver áhrif á reksturinn hjá okkur og ef þessu fer ekki að ljúka gætu áhrifin orðið mjög slæm," segir Elsa Sól Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Osushi the Train. „Meðal vinsælustu sushi-bitanna hjá okkur eru bitar sem innihalda hrossakjöt sem ekki er fáanlegt vegna verkfallsins," segir Elsa og bætir við að hún sjái ekki fram á að samið verði á næstunni.

- ngy

NOODLE STATION Nautakjöt hefur ekki verið fáanlegt í súpur á Noodle Station í þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

STRÆTÓ Ferðir á landsbyggðinni falla niður vegna verkfalla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Verkföll hafa áhrif á þjónustu:

Ferðir falla niður vegna verkfalla

KJARAMÁL Einstaka ferðir Strætó munu falla niður á landsbyggðinni vegna verkfalla sem Starfsgreinasambandið hefur boðað. Verkfallið verður dagana 28. og 29. maí og 1. júní næstkomandi.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Strætó bs. Þá segir að komi til boðaðra verkfalla muni falla niður ferðir á leiðum 51, 56, 59, 72, 73, 74, 75, 78 og 79 á verkfallsdögum.

Þá fellur leið 52 niður klukkan tíu frá Mjódd og klukkan 12.35 frá Landeyjahöfn.

- ngy

Vilja fyrirbyggja misskilning:

SGS frestar ekki verkföllum

KJARAMÁL Starfsgreinasamband Íslands, SGS, greindi frá því á vef sínum í gær að sambandið væri ekki hluti af því ferli sem veldur frestun verkfalls Flóabandalagsins, VR, Landssambands íslenzkra verzlunarmanna og Stéttarfélags Vesturlands.

SGS hefur því ekki ákveðið að fresta verkföllum sínum sem fyrirhugað er að verði 28. og 29. maí né heldur allsherjarverkfalli sem hefjast á 6. júní.

SGS hefur enn ekki kallað til fundar við Samtök atvinnulífsins en sambandið segir að búast megi við samningafundi í vikunni.

- þea

Konum á leið í keisaraskurð snúið við í afgreiðslunni

Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur á kvennadeild Landspítala, segir sjúklinga ekki hafa talsmenn sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta eins og grísir. Lítið mark virðist tekið á forstjóra Landspítala og landlækni.

HEILBRIGÐISMÁL „Vegna verkfalls verðum við að biðja þig að koma á morgun. Því miður þurfum við að færa keisaraskurðinn þinn sem var áætlaður í dag um nokkra daga vegna verkfalls ljósmæðra. Mér þykir það leitt en við vitum ekki hvað kom út úr blóðprufunni þinni í síðustu viku því það er verkfall. Þetta hefur verið minn veruleiki í vinnunni síðastliðnar vikur," skrifar Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur á kvennadeild Landspítalans og varaformaður læknaráðs Landspítalans, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

Hún segir það með öllu ólíðandi að geta ekki svarað fólki hverjar niðurstöður rannsókna séu eða hvenær skurðaðgerð verði framkvæmd. „Keisaraskurðir eru settir upp á þriðjudögum og fimmtudögum. Ljósmæður hafa verið í verkfalli á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Við höfum fært meirihluta keisaraskurðanna á aðra daga en fyrirhugað var. Konum sem hafa verið að koma í sónarskoðun, meira að segja frá Selfossi, hefur verið snúið við í afgreiðslunni og þær beðnar um að koma daginn eftir."

Ebba bendir á í grein sinni að forstjóri Landspítala og landlæknir hafi báðir tjáð sig um ástandið og læknaráð Landspítalans hafi sent frá sér ályktanir. Lítið mark virðist tekið á ummælum þeirra. „Það er eins og oft áður, þetta reddast og sleppur fyrir horn er hugsunin sem ræður ríkjum. Nú þegar hjúkrunarfræðingar, en þeir eru þriðjungur starfsfólks Landspítalans, fara í verkfall stefnir í fordæmalaust ástand eins og forstjóri nefnir í síðasta föstudagspistli sínum."

Á LANDSPÍTALA „Veikindi fara ekki í verkfall, heldur versna í sumum tilfellum," segir Ebba Margrét Magnúsdóttir, sérfræðingur á kvennadeild Landspítala. Í baksýn eru verkfallsverðir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hún segir það óþolandi og ekki sæmandi menntaðri þjóð sem telur sig búa í velferðarsamfélagi að setja sjúklinga á bið. Birtar séu myndir í fréttum af grísum sem ekki verður slátrað en engar myndir af sjúklingum sem fá ekki viðunandi heilbrigðisþjónustu. „Sjúklingar virðast ekki vera sterkur þrýstihópur og þeir hafa ekki talsmenn sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta eins og grísirnir. Veikindi þeirra fara ekki í verkfall, heldur versna í sumum tilfellum."

Sautján keisaraskurðir hafa verið færðir á aðra daga vegna verkfallsins. 130 konur hafa fengið annan tíma í sónar en upphaflega var gefinn. Sumar þeirra hafa mætt á Landspítalann og orðið frá að hverfa en aðrar hringt.

ibs@frettabladid.is

> **Sjúklingar virðast ekki vera sterkur þrýstihópur og þeir hafa ekki talsmenn sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta eins og grísirnir. Veikindi þeirra fara ekki í verkfall, heldur versna í sumum tilfellum.**

Loka þarf 75 prósentum allra sjúkrarýma á Selfossi og í Vestmannaeyjum:

Óvissa sem veldur mikilli áhættu

HEILBRIGÐISMÁL „Ástandið í heilbrigðiskerfinu einkennist nú af gífurlegri óvissu sem veldur mikilli áhættu og ljóst er að það mun taka langan tíma að vinna upp þær afleiðingar sem núverandi verkföll hafa þegar haft fyrir sjúklinga," segir Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér í gær.

Loka þarf 75 prósentum allra sjúkrarýma á Selfossi og í Vestmannaeyjum vegna verkfalls hjúkrunarfræðinga. Það verði þó reynt að tryggja neyðarþjónustu.

Allir þeir sjúklingar sem eru í virkri meðferð á sjúkrahúsinu verða það áfram en ekki verður hægt að taka við nýjum sjúklingum nema í bráðatilfellum.

Starfsemi rannsóknarstofu hefur dregist saman um 70 prósent síðan verkfall lífendafræðinga hófst fyrir átta vikum. Engar rannsóknir hafa verið framkvæmdar á röntgendeild nema í bráðatilfellum og að fenginni undanþáguheimild.

Um 2.100 hjúkrunarfræðingar sem starfa hjá ríkinu fóru í ótímabundið verkfall á miðnætti. Mikil röskun verður á starfsemi sjúkrahúsa en veitt var undanþága fyrir 500 stöðugildi til að sinna brýnni neyðarþjónustu.

- vh

ÖRYGGI EKKI TRYGGT Ekki verður hægt að taka við nýjum sjúklingum nema í bráðatilfellum meðan á verkfalli hjúkrunarfræðinga stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

heimkaup.is

NÝJAR VÖRUR FRÁ
NATURAL HEALTH LABS

Nýtt!
20% afsláttur

Við vorum að fá í sölu tvær nýjar vörur frá **Natural Health Labs**. Af því tilfefni smellum við allri línunni á 20% afslátt.

Natural Health Labs hefur í meira en 20 ár framleitt góðar vörur fyrir þá sem vilja bæta andlega og líkamlega líðan.



TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

Ein allra **næringarríkasta ofurfæða** á jörðinni samkvæmt heilsusérfræðingnum **David Wolfe**

CARALLUMA FIMBRIATA
Caralluma var notað af veiðimönnum í eyðimörkinni til að auka orku og seðja hungur. Caralluma kemur jafnvægi á ghrelin hormóna sem stjórna svengd og eru oft í of miklu magni í líkamanum og kalla á ofát, magna sætuþörf og löngun í óhollustu.

MARINE PHYTOPLANKTON
Marine Phytoplankton, grænþörungur sem oft er kallaður gimsteinn hafsins, er hreinasta næring sem fyrirfinnst á jörðinni. Þörungurinn margfaldar orku líkamans, skerpir heilastarfsemi, bætir minnið og hjálpar til við að jafna ph gildi líkamans.

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

MAGNOLIA OFFICINALIS
Stuðlar að betri svefni, vinnur gegn þunglyndi, tressi og kvíða. **Grænmetis-hylki, 60 töflur, 300 mg.**

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.392,-
VERÐ **2.990,-**

RASPBERRY KETONES
Náttúrulegur andoxunargjafi sem er unninn úr hreinum hindberjum, afrískum mangóávöxtum, grænu te og amínósýrunni L-carnitine.

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

HAWAIIAN NONI
Stútfullt af andoxunarefnum, vítamínum, amínósýrum, steinefnum, trefjum og fitusýrum. Gefur aukna orku, þrek og úthald. **Grænmetishylki, 500 mg, 90 töflur.**

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

GREEN COFFEE BEAN
50% chlorogenic sýra (CHA), eykur fitubrennslu og hægir á upptöku fitu í líkamanum.
Grænmetishylki, 400 mg, 60 töflur.

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

GOJIBER
Gojiberin innihalda 500 sinnum meira C-vítamín en appelsínur. Bætir minni og lækkar kólesteról.
Grænmetishylki, 500 mg, 90 töflur.

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

GARCINIA CAMBOGIA
Reynsla fólks um allan heim sýnir að virkni garcinia cambogia er tvíþætt. Efnin í ávextinum draga úr svengd og nánast eyða sætuþörf.

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

ACAI BER
Magn andoxunarefna í acaiberjum er 5-10 sinnum meira en í bláberjum. Vinnur gegn öldrun og bætir meltinguna.
500 mg, 90 töflur

20% afsláttur
TILBOÐSVERÐ
2.792,-
VERÐ **3.490,-**

CURCUMIN
Undrarót fyrir líkama og sál. Allt að 50 sinnum áhrifameiri en hefðbundið túrmerik.

Fleiri nýjar heilsuvörur:
Vorum einnig að taka í sölu
BIOGLAN SERIOUS HEALTH SuperFoods
by **Matt Dawson** vörurnar!



Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

Hægt að greiða við afhendingu
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

Frí heimsending samdægurs
Höfuðborgarsvæðið: Pantaðu fyrir kl. 13:00 og sendingin getur verið komin til þín fyrir 16:00 sama dag og strax sama kvöld ef pöntun berst fyrir kl. 17:00. Pantanir berast strax daginn eftir víðast hvar á landsbyggðinni.
Allar pantanir yfir 4.000,- sendar frítt hvert á land sem er.

Nú versla Íslendingar á netinu... á Heimkaup.is!

HEIMKAUP
Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

SPURNING DAGSINS

Ævar, er þetta örugglega ekki bók um stjórnmálamenn?

„Bókin, eins og öll almennileg listarverk, er marglaga og dæmi hver fyrir sig."

Ævar Þór Benediktsson, þekktur sem Ævar vísindamaður, er að senda frá sér bókina Risaeðlur í Reykjavík. Hún fjallar um börn sem klekja út risaeðlueggjum.

Stuðningur við ríkisstjórnina mældist 31,4 prósent og eykst þannig um tæpt eitt prósent á milli mánaða:

Píratar mælast með mest fylgi flokka á Íslandi

STJÓRNMÁL Píratar mælast með mest fylgi allra stjórnmálaflokka á Íslandi, eða 32,7 prósent, samkvæmt nýlegri könnun MMR á fylgi stjórnmálaflokka og stuðning við ríkisstjórnina.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins mældist 23,1 prósent, Samfylkingarinnar 13,1 prósent, Vinstri grænna 10,4 prósent, Framsóknarflokksins 8,6 prósent og Bjartrar framtíðar 6,3 prósent. Fylgi annarra flokka mældist undir tveimur prósentum.

Karlar voru líklegri en konur til að styðja Pírata en konur voru hins vegar líklegri en karlar til að styðja Vinstri grænn og Bjarta framtíð. Þetta kemur fram í frétt á vef MMR.

Þá laða Píratar til sín fylgi frá öllum flokkum frá síðustu kosningum. Þannig sögðust 52,5 prósent þeirra sem kusu Bjarta framtíð í síðustu kosningum styðja nú Pírata, 32,4 prósent þeirra sem kusu Framsóknarflokkinn styðja nú Pírata, 23,3 prósent þeirra sem kusu Vinstri græna styðja nú Pírata, 18,7 prósent þeirra sem kusu Samfylkinguna styðja nú Pírata og 14,9 prósent þeirra sem kusu Sjálfstæðisflokkinn styðja Pírata í dag.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar mældist stuðningur við ríkisstjórnina nú 31,4 prósent en mældist 30,7 prósent í síðustu mælingu sem lauk 20. apríl síðast liðinn.

Könnunin var framkvæmd dagana 15. til 20. maí 2015 og var heildarfjöldi svarenda 932 einstaklingar, 18 ára og eldri. - ngy

PÍRATAR Jón Þór Ólafsson, Helgi Hrafn Gunnarsson og Birgitta Jónsdóttir eru þingmenn Pírata sem mælast nú með mest fylgi stjórnmálaflokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KLÁRT Hátíðin er fyrir löngu orðin hluti af menningarstarfi borgarinnar. MYND/RVK

Iceland Airwaves til prýði:

Borgin styrkir tónlistarhátíð

MENNING Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Iceland Airwaves-tónlistarhátíðarinnar, skrifuðu undir samning í gær um styrk Reykjavíkurborgar til hátíðarinnar. Styrkurinn nemur níu milljónum króna í ár.

Meginmarkmiðið er að efla jákvæða ímynd íslenskrar tónlistar, vekja athygli á Reykjavík sem tónlistarborg, koma tónlistarmönnum á framfæri og tryggja samfellu og framþróun hátíðarinnar sem laðar að sér gesti til borgarinnar utan hefðbundins ferðamannatíma, segir í tilkynningu. - shá

Lagði byggðir og bíla í rúst:

Öflugur hvirfilbylur í Mexíkó

NÁTTÚRUHAMFARIR Að minnsta kosti þrettán manns, þar af þrjú börn, fórust þegar öflugur hvirfilbylur fór yfir borgina Ciudad Acuna í norðurhluta Mexíkó síðastliðinn mánudag. Þá er talið að tvö hundruð manns hafi meiðst. Frá þessu er greint á CNN.

Yfirvöld í Mexíkó segja að svo öflugur hvirfilbylur hafi ekki farið um borgina í meira en öld. Eyðilegging á svæðinu er mikil og eru um fjögur hundruð heimili í rúst. Ciudad Acuna er rétt sunnan við landamæri Mexíkós og Bandaríkjanna en í Texas hafa flóð valdið miklu tjóni á síðustu dögum. - ngy

Nauðsynlegt að tvöfalda göngin eftir sjö til tíu ár

Haldist árlegur vöxtur umferðar um Hvalfjarðargöngin þarf að dusta rykið af áætlunum um tvöföldun þeirra innan áratugar. Spölur skilar göngunum skuldlausum til ríkisins árið 2019, eða samkvæmt upphaflegri áætlun.

SAMGÖNGUR „Það er alveg augljóst að reikni menn með að umferð aukist um tvö og hálft til þrjú prósent árlega á næstu árum þá þarf að tvöfalda Hvalfjarðargöngin, miðað við reglugerðir og öryggismál, innan sjö til tíu ára. Svo er spurningin hver tekur það verkefni að sér og hvernig það verður gert," segir Gísli Gíslason, stjórnarformaður Spalar, félagsins sem á og rekur göngin.

GÍSLI GÍSLASON

Hann bætir við að þó að engar áætlanir séu uppi á borðum núna þá liggja öll gögn fyrir um tvöföldun og auðvelt að hrinda slíku verkefni í framkvæmd.

Fyrir hrunið árið 2008 jókst umferð svo hratt í Hvalfjarðargöngum að spár bentu til þess hún myndi sprengja öryggismörk fyrir árið 2018, eða á þeim tíma sem Spölur á og rekur mannvirkið. Í því ljósi hófu Spölur og Vegagerðin undirbúningsvinnu og frumhönnun nýrra ganga sem lægju austan við núverandi göng og með þeim yrði umferð aðskilin. Umferð hrundi hins vegar úr 5.500 ökutækjum á sólarhring árið 2008 niður í um 5.000 árið 2012. Frá og með árinu 2013 tók umferð verulega við sér á ný og hefur vaxið um 2,5 til 2,7% árlega síðan.

Nú er ljóst að Spölur skilar ríkinu Hvalfjarðargöngunum á þeim tíma sem í byrjun var lagt upp með, en ekki nokkru fyrr eins og útlit var fyrir um tíma. Líklega verður það á vormánuðum 2019.

Gísli segir að þegar uppgjöri er lokið heyri Spölur sögunni til í núverandi mynd. Komi til frekari framkvæmda og reksturs eftir viðskiptamódeli félagsins yrði það því gert undir öðrum merkjum. Til viðbótar við tvöföldun Hvalfjarðarganganna þá kemur fleira til greina; Sundabraut nefnir Gísli sem dæmi í því samhengi.

„Ef menn ná sátt um verkefni sem þeir vilja flýta, og myndu augljóslega bæta samgöngur verulega og auka öryggi, þá er þessi hugmyndafræði einn möguleiki. Það stendur þó og fellur með því að fólkið í landinu sé sammála um að verkefnið sé þess virði að greiða fyrir þjónustuna. Verði um slíka einkaframkvæmd að ræða þarf hún að vera byggð á samfélagslegum grunni," segir Gísli.

svavar@frettabladid.is

UMDEILT GÆFUSPOR Öryggi í umferð í tvöföldum göngum er 23 sinnum meira en við akstur fyrir Hvalfjörð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölgun ferðamanna er óvissuþáttur

- Einn óvissuþáttur er varðar þróun umferðar, og taka verður tillit til, er gríðarleg fjölgun ferðamanna á Íslandi.
- Í nýlegri skýrslu Íslandsbanka um ferðaþjónustuna kemur fram að þrefalt fleiri starfsleyfi hafi verið gefin út fyrir bílaleigur árið 2014 en áratug fyrr. Leigurnar höfðu 12.000 bíla í rekstri árið 2014 eða 7.000 bílum fleiri en um það leyti sem umferð um göngin var sem mest fyrir hrun.
- Í lok árs 2014 höfðu alls 26,7 milljón ökutæki farið undir Hvalfjörð frá því göngin voru opnuð sumarið 1998.
- Árið 2014 fóru 1.938.000 ökutæki um göngin eða 5.312 á sólarhring.
- Metmánuðurinn frá upphafi var júlí 2005 þegar 8.110 ökutæki fóru um göngin á sólarhring. Öryggismörkin eru 8.000 ökutæki á sólarhring fyrir Hvalfjarðargöng.

Sjóvá 440 2000

Okkur finnst að þeir sem lenda ekki í tjóni eigi að njóta þess með betri kjörum.

Þess vegna fá viðskipta-
vinir okkar sem eru í
Stofni endurgreiðslu
ef þeir eru tjónlausir.

Sjóvá.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍJÍS • SÍA

VEISTU SVARIÐ?

1. Eftir hvern er leikritið Hávamál sem Möguleikhúsið sýnir?
2. Í hvaða íþrótt hefur Fanney Hauksdóttir tvisvar hlotið gullverðlaun á HM unglinga?
3. Undir hvaða nafni gengur rapparinn Árni Páll Árnason?

SVÖR:
1. Þórarin Eldjárn. **2.** Kraftlyftingum. **3.** Herra Hnetusmjör.

Írakar hefja gagnsókn í von um að ná Ramadi aftur úr höndum Íslamska ríkisins:

Írakski herinn sagður vanbúinn og ófús

ÍRAK Eftir að vígasveitir Íslamska ríkisins náðu borginni Ramadi í Anbar-héraði nokkuð skyndilega á sitt vald fyrir rúmlega viku hafa Bandaríkjamenn sakað íraksku herinn um skort á baráttuvilja: „Við getum þjálfað þá, við getum útvegað þeim herbúnað, en við getum ekki gefið þeim baráttuviljann," sagði Ashton Carter varnarmálaráðherra.

Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, dró þó í land eftir að Írakar brugðust ókvæða við þessum ásökunum. Hann sagði Bandaríkin vissulega gera sér grein fyrir hugrekki íraksku hermanna og þeim miklu fórnum sem þeir hafa fært.

Nú hefur írakski herinn tilkynnt að gagnsókn sé hafin og stefnt sé að því að ná Ramadi aftur hið fyrsta úr höndum vígasveitanna. Jafnframt er reynt að leita svara við því hvers vegna írakski herinn flúði mótstöðulítið frá Ramadi þegar vígasveitirnar réðust inn í borgina, þótt herinn hefði verið með mun fjölmennara lið en innrásarsveitirnar.

Samkvæmt samantekt á fréttavef þýska tímaritsins Der Spiegel eru það ekki síst íröksk stjórnvöld sjálf sem bera ábyrgðina á því að herinn í súnnía-héruðum Íraks er vanbúinn til að takast á við vígasveitir Íslamska ríkisins.

Ástæðan er gagnkvæm tortryggni sjía og súnnía. Súnníar búa einkum í Anbar-héraði í vesturhluta Íraks en í höfuðborginni Bagdad eru stjórnvöld að mestu í höndum sjía-múslima. Ríkisstjórnin er sögð hafa verið treg til að útvega hersveitum súnnía öflug vopn.

- gb

STANDA VÖRÐ Írakskir hermenn standa vörð í Jurfal-Sakher, um 50 kílómetra suður af Bagdad. NORDICPHOTOS/AFP

Taki gildi 1. janúar 2016:

Náttúruverndarlögin enn á ís

NÁTTÚRA Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, hefur lagt fram á Alþingi frumvarp sem varðar frestun gildistöku laga um náttúruvernd til 1. janúar 2016. Jafnframt hyggst ráðherra mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd næsta haust, sem felur í sér endurskoðun þeirra. Þetta er gert til að tryggja að frumvarp um náttúruvernd fái fullnægjandi umfjöllun á Alþingi, segir í tilkynningu.

SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR

Lög nr. 60/2013, um náttúruvernd áttu að taka gildi 1. apríl 2014. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis skilaði nefndaráliti í febrúar 2014 þar sem lagt var til að gildistöku yrði frestað til 1. júlí 2015.

- shá

HÆSTIRÉTTUR Samtök vistheimilabarna lýsa yfir stuðningi við Hönnu Láru Ólafsdóttur í baráttu fyrir sanngirnisbótum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkið áfrýjar til Hæstaréttar:

Styðja kröfu um sanngirnisbætur

DÓMSMÁL Samtök vistheimilabarna lýsa yfir eindregnum stuðningi við Hönnu Láru Ólafsdóttur í baráttu hennar fyrir sanngirnisbótum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum.

Hanna Lára Ólafsdóttir upplifði mikið einelti í Heyrnleysingjaskólanum á árunum 1997 til 2002 og tilraunir til kynferðislegrar áreitni, auk þess sem kennslan og kennsluhættir voru ekki samkvæmt reglum.

Héraðsdómur Reykjavíkur felldi niður ákvörðun Úrskurðarnefndar um sanngirnisbætur þar sem Hönnu var synjað um bætur. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

- ngy

Innflytjendum er farið að fjölga aftur eftir fækkun

Erlendum ríkisborgurum fjölgaði meira en helmingi meira milli 2013 og 2014 en árið þar á undan. Kynjahlutfall í hópi innflytjenda og erlendra ríkisborgara jafnara. Munurinn var mestur á árunum 2007 og 2009.

FÓLK „Niðurstöðurnar sýna að það hefur orðið ákveðinn viðsnúningur, innflytjendum er farið að fjölga aftur eftir að hafa fækkað nokkuð undanfarin ár," segir Rúnar Helgi Haraldsson, forstöðumaður Fjölmenningarseturs.

Erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgaði um 1.298 einstaklinga á milli áranna 2013 og 2014. Það er meira en helmingi meiri fjölgun en milli áranna 2012 og 2013 þegar þeim fjölgaði um 500 manns. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Fjölmenningarseturs sem hefur að geyma tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi.

Hlutfall kynjanna í þessum hópi hefur líka jafnast mikið út, en á árunum 2007-2009 voru karlar mun fleiri en konur. Mestur var munurinn árið 2008 þegar karlar voru ríflega 5.000 fleiri. Að sögn Rúnars má líklegt teljast að ástæðan sé sú að á þeim tíma var mikil eftirspurn eftir vinnuafli í störf þar sem karlar voru fjölmennari, eins og í byggingariðnaði. Þeim störfum fækkaði töluvert eftir hrunið árið 2008 og því um leið innflytjendum sem sinntu þeim.

„Körlum fækkaði mikið eftir hrun en er farið að fjölga núna aftur. Mig grunar að þetta hafi með efnahagslífið að gera. Við vitum að aðflutningur fólks til Íslands er fyrst og fremst vinnumarkaðsdrifinn," segir Rúnar.

Af einstaka ríkjum koma flestir erlendra ríkisborgara frá Póllandi eða um 45 prósent.

Í skýrslunni er vitnað í rannsókn Mannréttindaskrifstofu Íslands og fjölmenningarseturs þar sem kom fram að innflytjendur og erlendir ríkisborgarar voru með töluvert lægri laun en viðgengust í samfélaginu. Miðgildi launa á Íslandi árið 2012 var 432 þúsund. Um 30 prósent launþega var með tekjur á bilinu 350-450 þúsund en þátttakendur í könnuninni sem voru frá Póllandi og Taílandi voru með umtalsvert lægri tekjur: 69 prósent þeirra höfðu tekjur sem voru lægri en 300 þúsund krónur. Einungis 9 prósent þátttakenda í rannsókninni náðu því marki að hafa 400 þúsund í mánaðarlaun.

viktoria@frettabladid.is

FJÖLGAR Á NÝ Karlmönnum fækkaði mikið í hópi innflytjenda á árunum eftir hrun og er það talið tengjast því að þeir komu margir hingað vegna þess að mikil eftirspurn var eftir vinnuafli í störf þar sem karlar eru fjölmennari, t.d. í byggingariðnaði. Núna er körlum farið að fjölga á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Mig grunar að þetta hafi með efnahagslífið að gera. Við vitum að aðflutningur fólks til Íslands er fyrst og fremst vinnumarkaðsdrifinn**
>
> *Rúnar Helgi Haraldsson, forstöðumaður Fjölmenningarseturs*

Niðurstöður könnunar á afdrifum fólks sem missti húsnæði sitt á Suðurnesjum á árunum 2008-2011:

80% á leigumarkaði eftir nauðungarsölu

HÚSNÆÐISMÁL Velferðarráðuneytið birti í gær niðurstöður könnunar á afdrifum fjölskyldna á Suðurnesjum sem misstu húsnæði sitt á nauðungarsölu á árunum 2008-2011. Niðurstöðurnar leiða í ljós að 81 prósent þeirra sem misstu húsnæðið býr nú í leiguhúsnæði, tæp níu prósent í eigin húsnæði og tíu prósent búa inni á ættingjum eða hafa afnot af húsum þeirra.

Aðrar niðurstöður sem í ljós komu eru að um 45 prósent barna sem misstu húsnæði sitt þurftu að skipta um skóla sem olli því að mörg þeirra misstu tengsl við vini sína, um 35 prósent, og einhver þurftu að hætta tómstundastarfi, um 15 prósent.

Hátt hlutfall svarenda könnunarinnar, 65 prósent, sagðist ekki hafa nýtt sér opinber úrræði sem í boði voru og hefðu getað komið þeim að gagni. Ýmist vissu svarendur ekki af úrræðunum eða skildu þau ekki nægilega vel.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segir niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi þess að skapa húsnæðismarkað með fjölbreyttum valkostum. „Við getum ekki tryggt öllum öruggt húsnæði nema með því að gera leiguhúsnæði og búseturétt að raunhæfum kosti. Niðurstöðurnar sýna líka glöggt hve mikið er í húfi til að búa börnum, öllum börnum, öruggt heimili," er haft eftir Eygló af vef velferðarráðuneytisins.

- þea

FJÖLBREYTTARI HÚSNÆÐISMARKAÐUR Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, segir nauðsynlegt að gera leiguhúsnæði að raunhæfum kosti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framlag Auðlindagarðsins til verðmætasköpunar, landsframleiðslu og atvinnuuppbyggingar.

Opin ráðstefna í Silfurbergi í Hörpu, fimmtudaginn 28. maí kl. 10:00-12:00.

Setning *Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku*

Ávarp forseta Íslands

Auðlindagarðurinn *Kristín Vala Matthíasdóttir, HS Orku og Ása Brynjólfsdóttir, Bláa Lóninu*

Efnahags- og samfélagsleg áhrif Auðlindagarðsins
Friðrik Már Baldursson, hagfræðingur kynnir skýrslu Gamma

Umræður

Lokaorð *Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins*

Fundarstjóri er Edda Hermannsdóttir, aðstoðarritsstjóri Viðskiptablaðsins

---

Vinsamlegast skráið þátttöku með því að senda vefpóst á audlindagardur@hsorka.is

GAMMA

HS ORKA

BLUE LAGOON ICELAND

UPPBYGGING FERÐAMANNASTAÐA

STÆRSTU VERKEFNIN SEM RÁÐIST VERÐUR Í



850 milljónum verður úthlutað til verkefna á ferðamannastöðum

Ríkisstjórnin samþykkti í gær að veita 850 milljónir króna til brýnna verkefna á ferðamannastöðum víðs vegar um landið. Ráðist verður í meira en hundrað verkefni. Þingvellir og Skaftafell fá samtals 316,5 milljónir til ýmissa verkefna. Gistináttagjald er ekki inni í þessari tölu en með því stefnir í að fjárframlög til ferðaþjónustu verði yfir milljarður króna. Samtök ferðaþjónustunnar gleðjast mjög yfir úthlutuninni.

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Tæplega 850 milljónum hefur verið úthlutað til brýnna verkefna á ferðamannastöðum. Ráðist verður í 104 verkefni á 51 stað á landinu. Ellefu þeirra staða fá yfir tuttugu milljónir hver.

„Íslensk náttúra hefur lagt grunninn að öflugri ferðaþjónustu, sem nú skapar meiri gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið en nokkur önnur atvinnugrein," segir í tilkynningu á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í gær. Í tilkynningunni segir enn fremur að ráðist sé í þessar aðgerðir til að stemma stigu við mikilli ásókn ferðamanna á viðkvæma staði í náttúrunni og til þess að gera ferðaþjónustuna sem öflugasta.

Þeir staðir sem mest fá eru Skaftafell, sem fær 160 milljónir, og Þingvellir, sem fá 156,5 milljónir. Aðrir staðir fá mun minna. Dimmuborgir eru í þriðja sæti og fá 38,5 milljónir. Samtals hljóta þeir ellefu staðir sem mest fá rúmlega 605 milljónir en það er um 71 prósent heildarfjármagnsins. Auk staðanna sem fjármagn fá til umbóta verður 21 milljón varið til landvörslu um allt land.

Verkefnin sem ráðist verður í eru af ýmsum toga. Megináhersla er þó lögð á framkvæmdir vegna göngustíga, útsýnispalla, bílastæða og salernisaðstöðu.

Fjármagnið mun renna til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en sjóðurinn mun annast umsýslu og eftirlit með verkefnaáætluninni.

Tekjur af gistináttagjaldi eru ekki inni í þessari tölu segir Ingvar Pétur Guðbjörnsson, aðstoðarmaður Ragnheiðar Elínar Árnadóttur iðnaðar- og viðskiptaráðherra, heldur munu þær koma til viðbótar við hana. Heildarupphæð til ferðaþjónustunnar mun þannig vera rúmur milljarður króna.

„Á næstu árum verður ráðist í enn frekari umbætur á vinsælum ferðamannastöðum í eigu og umsjón ríkisins með það að markmiði að bæta þar skipulag og aðgengi þannig að staðirnir þoli vel þann fjölda sem þangað sækja," segir í tilkynningunni. Undirbúningur fyrir frekari umbætur er þegar hafinn.

„Við fögnum þessari úthlutun svo sannarlega. Hún undirstrikar og er ákveðin viðurkenning á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarbúið. Það er einnig ánægjulegt að horft sé til staða víðs vegar um landið og eru fjölmörg verkefni þarna undir," segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Það er einnig jákvætt og eftirtektarvert að menn séu að horfa til langrar framtíðar með áætlanir um enn frekari uppbyggingu í ferðaþjónustunni," bætir Helga við.

Umhverfisstofnun tekur í sama streng og segist fagna skrefi ríkisstjórnarinnar til að koma í veg fyrir frekari skaða á náttúru Íslands. Umhverfisstofnun segir í tilkynningu sinni mikilvægt að hafa í huga að ferðamenn vilji sjá óspillta náttúru og að verkefnin sem ráðist verður í stuðli að því.

> **Við fögnum þessari úthlutun svo sannarlega. Hún undirstrikar og er ákveðin viðurkenning á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir þjóðarbúið.**
>
> *Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.*

Nokkur minni verkefnanna

- ***LAUGARVATN** 10.000.000
- ***ÞÓRSMÖRK** 10.000.000
- ***MÝVATN OG LAXÁ** 7.000.000
- ***SNÆFELL** 7.000.000
- ***GLAUMBÆR** 5.000.000
- ***SELJAVALLALAUG** 5.000.000
- ***SNORRALAUG** 5.500.000
- ***GRÁBRÓK** 3.500.00
- ***BORGARVIRKI** 3.000.000
- ***LITLIBÆR SKÖTUFIRÐI** 3.000.000

VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

TOPPLYKLASETT 20 STK

1/2" toppar
Skrall 36 tanna
Stærðir 8 - 32mm
Flott sem áfylling í sett

vnr IBTGABB2001

4.900 m/vsk
Fullt verð 8.500

TOPPLYKLASETT 28 STK

TILBOÐ

1/2" 8 - 32mm
Skrall
Framlengingar
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI2801

8.900 m/vsk
Fullt verð 11.512

3.990 m/vsk

5.900 m/vsk

9.900 m/vsk

16.900 m/vsk

1.990 m/vsk

1.990 m/vsk

TOPPLYKLASETT 94 STK

TILBOÐ

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

16.900 m/vsk
Fullt verð 21.256

VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI130B

24.900 m/vsk
Fullt verð 35.732



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

21.900 m/vsk
Fullt verð 34.580

TILBOÐ

SNITTSETT 40 STK

Blandað sett
Tappar 3 - 12mm
Bakkar 3 - 12mm
Vindur og haldarar
Sterk plasttaska

vnr IBTJGAI4001

9.204 m/vsk
Okkar besta verð

VERKFÆRATASKA STÁL 94 STK

Toppar 4 - 32 mm - Lyklar 6 - 24mm
skröll, skrúfjárn og margt fleira

39.900 m/vsk
Fullt verð 50.617

7 SKÚFFUR

SÁ VINSÆLI

283 verkfæri **177.750** m/vsk

NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

SKOÐUN

Forsetinn hlýtur að vísa staðfestingu til þjóðar:

Að flækja sig í makríltrollinu

Þegar þetta er skrifað hafa ríflega 39.000 manns sett nafn sitt við undirskriftasöfnunina Þjóðareign. Með því skora þeir á forseta Íslands að „vísa í þjóðaratkvæðagreiðslu hverjum þeim lögum sem Alþingi samþykkir þar sem fiskveiðiauðlindum er ráðstafað til lengri tíma en eins árs á meðan ekkert ákvæði um þjóðareign á auðlindum hefur verið sett í stjórnarskrá og þjóðinni ekki verið tryggt fullt gjald fyrir afnot þeirra“.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Tilefni undirskriftasöfnunarinnar er frumvarp Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um makrílkvóta, en það er nú á borði atvinnuveganefndar. Ljóst er að nefndarinnar bíður nokkuð erfitt hlutverk, því auk þeirra sem krefjast þess að frumvarpinu verði vísað til staðfestingar í þjóðaratkvæðagreiðslu hefur útgerðin gagnrýnt að það gangi ekki nógu langt til að fastsetja nýtingu veiðiheimilda og gjaldið fyrir þær sé of hátt.

Undirskriftasöfnuninni er beint að Ólafi Ragnari Grímssyni forseta og því ekki úr vegi að líta til orða hans sjálfs, hvað álíka safnanir varðar. Fyrst er kannski ekki úr vegi að minna á að þegar Ólafur Ragnar ákvað að gefa kost á sér til endurkjörs sem forseti höfðu 30.733 skrifað undir áskorun þess efnis.

Ólafur Ragnar braut blað í sögu íslenskrar stjórnskipunar þegar hann neitaði fjölmiðlalögum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar um staðfestingu. Þá höfðu 31.752 skrifað undir áskorun til forsetans um slíkt og forsetinn rökstuddi ákvörðun sína með orðum sem síðar urðu fleyg, þegar hann vísaði til gjár milli þings og þjóðar:

„Því miður hefur skort samhljóminn sem þarf að vera milli þings og þjóðar í svo mikilvægu máli. Fjölmiðlarnir eru sá hornsteinn í lýðræðisskipan og menningu okkar Íslendinga að ekki er farsælt að varanlega verði djúp gjá milli þingvilja og þjóðarvilja. Slíka gjá þarf að brúa.“

Og lausnin var einföld fyrir forsetanum þá:

„Það verður best gert með því að þjóðin fái í hendur þann rétt sem henni er veittur í stjórnarskrá lýðveldisins og meti lagafrumvarpið í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Það er vandséð að Ólafur Ragnar líti á eign og yfirráð yfir náttúruauðlindum sem minna mikilvægt mál en hvernig reglum um fjölmiðla er háttað. Það er sagt með fullri virðingu fyrir fjölmiðlum og fjölmiðlafólki, en því hættir oft til að gera fullmikið úr eigin mikilvægi. Og miðað við orð forsetans áður er langlíklegast að hann geri einmitt það; vísi makrílfrumvarpinu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Til þess að svo verði þarf Alþingi hins vegar fyrst að samþykkja frumvarpið. Þar er ekki á vísan að róa, deilur eru um frumvarpið í flestum ef ekki öllum flokkum. Sporin hljóta líka að hræða. Það er trauðla efst á óskalista sjávarútvegsráðherra að horfa á eftir frumvarpi sínu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þegar málþóf var dyggð

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er ekki vön að liggja á skoðunum sínum. Hún sýndi það snemma á þingferlinum að henni er lagið að orða hlutina svo eftir er tekið. Það mátti glöggt heyra þegar hún tók til máls í desember árið 2012. Ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar var þá að reyna að koma í gegn lögum um rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða og stjórnarandstaðan var ósátt. Hún nýtti sér rétt sinn til að tala óspart, við mikla gagnrýni ríkisstjórnarinnar. Vigdís, sem þá var í stjórnarandstöðu, steig þá í pontu, sór af sér allt málþóf og sagði það vera „nýjasta tískuyrði ríkisstjórnarinnar, hún sakar stjórnarandstöðuna sífellt um málþóf ef við lútum ekki í gras og samþykkjum alla pappíra sem koma frá henni“.

Þegar málþóf varð löstur

Nú vill svo skemmtilega til að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er að reyna að koma í gegn breytingum á rammaáætlun, en stjórnarandstaðan nýtir sér óspart rétt sinn til að tala. Vigdís, sem nú tilheyrir stjórnarliðinu, hefur hins vegar ekki jafn mikinn skilning á þörf núverandi stjórnarandstöðu til að tala. „Þetta er hætt að vera málþóf – þetta er málæði,“ sagði hún á Facebook í gær.

Forseti í stuði

Því verður þó seint neitað að um málþóf sé að ræða hjá stjórnarandstöðunni, bæði árið 2012 þegar Vigdís afneitaði því og nú. Málþóf er það og málþóf skal það heita. Undir slíku getur verið erfitt að sitja og því ber að fagna þegar menn halda í góða skapið. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, virðist hafa verið í fínu skapi í gær. Þegar beðið var um hlé á fundi tók hann undir og sagði: „Forseti er að reyna að þýða enskt orðatiltæki um að stórkostlegir hugsi svipað.“ Og þegar hann tilkynnti um að umræðum um rammann hefði verið frestað minnti hann að á ekki væri sopið kálið, „ég treysti mér varla til að segja þó í ausuna sé komið“. Húmor er dyggð.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Að slátra gullgæsinni

AUÐLINDIR

Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Tillaga stjórnarmeirihlutans um að fjölga virkjunarkostum án þess að gætt sé réttra reglna getur sett arð þjóðarinnar af orkuauðlindum í uppnám.

Forsenda mikils arðs af orkuauðlindunum er að um græna orku sé að ræða – orku sem sé betri og hafi minni neikvæð umhverfisáhrif en orka sem búin er til með jarðefnaeldsneyti, kolum, kjarnorku eða með öðrum hætti sem gengur á umhverfið. Þess vegna getum við gert okkur vonir um hærra orkuverð en öðrum býðst.

En orka verður ekki grön af engu. Hún verður grön vegna þess að hennar er aflað á sjálfbærum forsendum í sátt við umhverfið. Í því felst að byggt sé á bestu fáanlegu þekkingu og rannsóknum og hagkvæmustu tækni sé beitt. Í því felst líka að ákvarðanir um nýtingu orkunnar þarf að taka í samræmi við lög og reglur um náttúruvernd og mat á umhverfisáhrifum.

Ef menn kjósa að viðhafa skemmri skírn í þessum efnum og stytta sér leið fram hjá lögbundnum leiðum bjóða menn heim þeirri hættu að orka sem þannig er aflað verði óseljanleg sem grön orka.

Við höfum nýlegt víti að varast þegar þorskkvóti var aukinn umfram ráðgjöf fiskifræðinga á síðasta áratug. Þá, eins og nú, vildu menn ná sér í skjótfenginn gróða með því að stytta sér leið fram hjá lögbundnum ferlum. Þá varð niðurstaðan hins vegar stórfellt þjóðhagslegt tap. Fiskverð féll í kjölfarið, því forsenda hins háa verðs sem við nutum á alþjóðlegum fiskmörkuðum reyndist vera sú að nýtingarstefnan væri byggð á vísindalegum og sjálfbærum forsendum. Kann það sama að gilda um orkuauðlindina?

➜ Ef menn kjósa að viðhafa skemmri skírn í þessum efnum og stytta sér leið fram hjá lögbundnum leiðum bjóða menn heim þeirri hættu að orka sem þannig er aflað verði óseljanleg grön orka.

Rányrkjan hefur sem sagt áður leitt til verðfalls. Ætlum við í alvöru að taka áhættu af þeim toga með orkuauðlindir okkar? Endum við kannski í þeirri stöðu að orkan úr þeim virkjunum sem meirihluti atvinnuveganefndar vill nú fautast með í gegnum þingið fram hjá réttum lögum og vísindalegum rannsóknum verði um aldur og ævi afsláttarorka og þannig óbrotgjarn minnisvarði um skammsýni stjórnarmeirihlutans?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Aðalfundur Gigtarfélagsins

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS
www.gigt.is

Aðalfundur Gigtarfélagsins er í kvöld, miðvikudaginn 27. maí, kl. 19:30 í húsakynnum félagsins að Ármúla 5

Auk venjulegra aðalfundarstarfa mun Magnús Jóhannsson prófessor við HÍ halda fyrirlestur er hann nefnir;
Fæðubótaefni gera þau gagn?
Magnús er læknir og sérfræðingur í lyfjafræði.

Allir eru velkomnir

Gigtarfélag Íslands

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Verkföll hjá veikri þjóð

HEILBRIGÐISMÁL

Ebba Margrét Magnúsdóttir
varaformaður læknaráðs Landspítalans

➜ Forstjóri Landspítala og landlæknir hafa báðir tjáð sig um ástandið og læknaráð Landspítalans hefur sent frá sér ályktanir sem hafa ratað á forsíður dagblaðanna. En lítið virðist tekið mark á þessum ummælum.

Vegna verkfalls verðum við að biðja þig að koma á morgun. Því miður þurfum við að færa keisaraskurðinn þinn sem var áætlaður í dag um nokkra daga vegna verkfalls ljósmæðra. Mér þykir það leitt en við vitum ekki hvað kom út úr blóðprufunni þinni í síðustu viku því það er verkfall.

Þetta hefur verið minn veruleiki í vinnunni síðastliðnar vikur. Það að geta ekki svarað fólki hverjar niðurstöður rannsókna séu eða hvenær skurðaðgerð verði framkvæmd er með öllu ólíðandi.

Á hverju kvöldi birtast myndir í fréttum af grísum sem ekki verður slátrað en það koma engar myndir af sjúklingum sem fá ekki viðeigandi heilbrigðisþjónustu. Sjúklingar virðast ekki vera sterkur þrýstihópur og þeir hafa ekki talsmenn sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta eins og grísirnir. Veikindi þeirra fara ekki í verkfall heldur versna í sumum tilfellum. Á meðan bíða allir eftir að samningar takist en það virðist vera nokkurs konar störukeppni eða þegjandaleikur í gangi. Allir eru að bíða eftir að hinir semji og ekkert gerist á meðan, ekki haldnir fundir í marga daga. Það hvílir mikil ábyrgð á þeim sem sitja í samninganefndum beggja vegna borðsins.

Af Austurvelli berast þær fréttir að alþingismenn deili um þingsköp forseta og ræði Rammaáætlun fram á nótt dag eftir dag. Alþingismenn voru kosnir af þjóðinni til þess að leiða okkur áfram upp úr kreppunni og rétta hlut þeirra sem minna mega sín. Verða alþingismenn ekki að standa í lappirnar og taka á erfiðum málum eins og þeim kjaradeilum sem nú standa yfir? Það verður fróðlegt að vita hvað gerist þegar flug fer að raskast vegna verkfalls og aflýsa þarf Smáþjóðaleikum svo eitthvað sé nefnt. Ætli Rammaáætlun geti þá beðið?

Lítið mark tekið á

Forstjóri Landspítala og landlæknir hafa báðir tjáð sig um ástandið og læknaráð Landspítalans hefur sent frá sér ályktanir sem hafa ratað á forsíður dagblaðanna. En lítið virðist tekið mark á þessum ummælum. Það er eins og oft áður, þetta reddast og sleppur fyrir horn er hugsunin sem ræður ríkjum. Nú þegar hjúkrunarfræðingar, en þeir eru þriðjungur starfsfólks Landspítalans, fara í verkfall stefnir í fordæmalaust ástand eins og forstjóri nefnir í síðasta föstudagspistli sínum.

Hetjur okkar tíma sem sungið var um nú um liðna helgi eru sjúklingar sem fá ekki afgreiðslu sinna mála heldur eru settir á bið. Sú bið er óþolandi og ekki sæmandi menntaðri þjóð sem telur sig búa í velferðarsamfélagi. Ég mótmæli þessu ástandi og skora á þá sem að máli koma að semja og leysa þessa deilu þannig að veikt fólk verði ekki þolendur í kjaradeilu veikrar þjóðar í verkfalli.

Ekki verður bókvitið í askana látið – eða hvað?

KJARAMÁL

Ágúst Hjörtur Ingþórsson
í félagi íslenskra félagsvísindamanna og sviðsstjóri Mennta- og menningarsviðs hjá Rannís

➜ Nýlegar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að hvergi er menntun metin eins lítið til launa og á okkar eigin Íslandi. Þessi kjarastefna hefur tvíþættar afleiðingar sem mikilvægt er að benda á.

Það er samandregin niðurstaða flest allra rannsókna þar sem skoðuð er þróun menntunarstigs hjá þjóðum og efnahagsleg þróun þeirra að bókvit verði jú víst í askana látið. Því hærra menntunarstig, því meiri líkur eru á góðri efnahagslegri stöðu og jákvæðri þróun. Vitaskuld er margt fleira sem hefur áhrif, en menntunarstig þjóðarinnar ásamt fjárfestingum í þekkingaröflun og nýsköpunarkraftur þjóða hafa reynst drjúgir þættir til skýringar á því hvers vegna þjóðum gengur misvel. Þess vegna hafa margar þjóðir sett sér markmið um menntunarstig, rannsóknarútgjöld og stuðning við nýsköpun sem veigamikinn þátt í framtíðarsýn sinni. Það gildir einnig um okkar eigið Ísland.

Nýlegar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að hvergi er menntun metin eins lítið til launa og á okkar eigin Íslandi. Þessi kjarastefna hefur tvíþættar afleiðingar sem mikilvægt er að benda á.

Brottflutningur menntaðra eykst

Í fyrsta lagi ýtir hún undir brottflutning þeirra sem eru menntaðir og eiga mesta möguleika á að fá atvinnu í öðrum löndum. Við erum núna í annarri hrinu brottflutninga fólks frá landinu, ef marka má tölur frá fyrsta fjórðungi þessa árs. Fólkið sem fer eru menntaðir Íslendingar en fólkið sem kemur eru ófaglærðir innflytjendur. Núverandi kjarastefna er því beint innlegg í innflytjendastefnu framtíðarinnar sem felur í sér æ færri menntaða Íslendinga. Er það framtíðarsýnin fyrir okkar eigið Ísland?

Launamunur kynjanna eykst

Í öðru lagi viðheldur núverandi kjarastefna kerfisbundnum launamun kynjanna og ýtir undir að þar verði vont jafnvel verra. Konur eru nú orðnar í meirihluta þeirra sem útskrifast með háskólapróf og í sumum greinum allt að tveimur þriðju útskrifaðra. Sumir hafa bent á þessa staðreynd sem eina skýringu á því af hverju launakjör tiltekinna menntaðra stétta hafa dregist aftur úr; þær eru orðnar kvennastéttir. Það er því augljóst að ein mjög skilvirk leið til að auka launajöfnuð kynjanna er að meta menntun til launa. Núverandi kjarastefna er þannig beinn og órjúfanlegur hluti af framkvæmd jafnréttisstefnu dagsins í dag og vísbending um hvert stefnir í framtíðinni. Óbreytt afstaða þýðir áframhaldandi kynjabundinn launamun á okkar eigin Íslandi, þar sem við teljum stundum jafnréttismálin vera í góðum farvegi. Er það framtíðarsýnin sem við viljum fyrir okkar eigið Ísland?

Í stuttu máli þá eru það hagsmunir þjóðarinnar allrar að meta menntun til launa og það er réttlætismál að nýta kjarasamninga, sérstaklega þegar ríki og sveitarfélög eiga í hlut, til að spyrna fótum við kerfisbundnu launamisrétti.

Ég er einn þeirra þverhausa sem enn vilja búa á okkar eigin Íslandi. Í barnahópnum mínum eru bæði strákar og stelpur og ég vona að einhver þeirra vilji halda áfram að byggja þetta land með mér. Þess vegna styð ég kröfuna í yfirstandandi kjarasamningum um að menntun sé metin til launa.

Þjóðarsáttin 1990 – þjóðarósættið 2015

STJÓRNMÁL

Bolli Héðinsson
hagfræðingur

➜ Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa með grímulausari hætti en áður hefur sést gengið á bak orða sinna og er þjóðin þó ýmsu vön.

Ef það er eitthvað eitt sem skiptir máli við gerð þjóðarsáttar þá er það traust. Traust milli launþegahreyfingar og vinnuveitenda, traust á ríkisstjórn. Orð og efndir núverandi ríkisstjórnar frá því hún var mynduð hafa ekki beinlínis verið til þess fallin að auka á trúnað og traust. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa með grímulausari hætti en áður hefur sést gengið á bak orða sinna og er þjóðin þó ýmsu vön. Hvað sem mönnum kann að finnast t.d. um aðild að ESB eða framhald aðildarviðræðna þá dylst engum að jafn afdráttarlaus svik á kosningaloforðum hafa ekki sést hér á landi áður. Slíkt dregur úr trúverðugleika og setur tóninn um önnur mál sem mikilvægt er að ríkisstjórn hafi forystu um og þjóðin treysti. Orðræðan sem þjóðin hefur mátt búa við af hálfu ríkisstjórnarinnar er síðan ekki beinlínis til þess fallin að stuðla að sátt.

Forsendur sáttar

Hverjar skyldu hafa verið forsendur þjóðarsáttarinnar 1990? Það var hægt að treysta því að ekki væri verið að hygla einum umfram annan, hvorki vinnuveitendur, ríkið eða aðrir. Ekki væri verið í feluleik með launahækkanir eða ríkisstjórn að gera vel við vildarvini sína með útdeilingu þjóðareigna.

Eftir vel heppnuð skemmdarverk á lokametrum síðustu ríkisstjórnar (m.a. við að uppfylla loforð Framsóknarflokksins um nýja stjórnarskrá) þá létu núverandi stjórnarflokkar kné fylgja kviði eftir mikinn kosningasigur sinn og hafa síðan reynt að nota þingstyrkinn til hins ýtrasta til þess að reyna að snúa klukkunni við og hverfa aftur til áranna þegar þeir réðu ríkjum fyrir 2007. Einnig skópu núverandi stjórnarflokkar fordæmin um málþófið í þingstörfum og hvernig halda eigi málum í gíslingu sem við sjáum nú endurtekið á „hinu háa“ Alþingi og er síst til fyrirmyndar.

Helsta vandamálið að mati stjórnarinnar er að þjóðin áttar sig ekki á að hér er að þeirra sögn allt í himnalagi. Þá eiga e.t.v. best við orð Bertholds Brecht frá 1953 eftir uppreisnartilraunina í Austur-Þýskalandi, þegar hann ráðlagði ráðamönnum þar að fá sér nýja þjóð. Þetta gæti einnig verið ráð til íslensku ríkisstjórnarinnar 2015.

Höfundur var efnahagsráðgjafi tveggja ríkisstjórna Steingríms Hermannssonar, 1986-1987 og 1990-1991.

Hendur mínar bundnar – aftur!

SAMFÉLAG

Heiðdís Dögg Eiríksdóttir
formaður Félags heyrnarlausra

Ég lít í kringum mig og sé ungt fólk með bros á vör og hvíta húfu á kolli og eftirvæntingin skín úr andlitum þeirra eins og hjá mér. Fyrir framan er þéttsetinn salur af foreldrum, ættingjum og vinum. Fram undan eru ný tækifæri og útskriftarveislan sem ég var búin að hlakka heillengi til. Núna hins vegar er ég að reyna að njóta stundarinnar, veislan verður víst ekki eins og ætti að vera. Félagslegi sjóðurinn er tómur, ég fæ víst ekki að tjá mig við ættingja mína sem eru ekki fullfærir á íslensku táknmáli (ÍTM) né að njóta þess að eiga samskipti við þá, hendur mínar eru bundnar.

Ég opna umslag frá lögfræðingnum. Loksins … hann boðar mig á fund, þar verður víst hægt að koma málinu sem hefur vofað yfir mér um langa hríð í einhvern farveg. Ánægjan varir stutt, því ég þarf að fresta fundinum enn eina ferðina, félagslegi sjóðurinn er tómur, hendur mínar eru bundnar og ég þarf að glíma áfram við óvissuna.

Ég horfi á stúlkuna mína, hún stendur uppi á sviði og flytur ræðu. Mikið er ég stolt af henni, stúlkan mín sem var kvíðin stendur núna og geislar af öryggi og hamingju. Ég hins vegar vildi að ég gæti fylgst með því sem hún segir, var búin að panta túlk en fékk tölvupóst um að því miður væri ekki hægt að afgreiða beiðnina mína því félagslegi sjóðurinn væri tómur eina ferðina enn og hendur mínar eru bundnar.

Ég mæti stundvíslega í prófið, hef verið í ökuskólanum að undirbúa mig fyrir meiraprófið. Loksins kom að því að taka prófið en ég og kennarinn lítum hvort á annað, hann getur ekki tjáð sig á ÍTM og ég reyni að útskýra að við séum að bíða eftir táknmálstúlki. Ég bíð, finn símann minn titra og lít á skjáinn – því miður, félagslegi sjóðurinn er tómur og því getur túlkur ekki komið og túlkað prófið. Hendur mínar eru bundnar, ég þarf að fresta þessu enn eina ferðina og get ekki sinnt atvinnu minni eins og til stóð.

Þetta eru dæmi sem eru að gerast hjá íslenskum þjóðfélagsþegnum sem nota ÍTM í daglegu lífi. Stjórnvöld binda á okkur hendurnar og við getum ekki sinnt skyldum okkar sem húseigendur, foreldrar, skattgreiðendur, ættingjar og fleira. Í ár ákvað mennta- og menningarmálaráðuneytið að skipta fjármagninu í fjóra fjórðunga. Ekki veit ég hvernig stærðfræðikunnáttan er hjá þeim, þetta er ósköp einfalt, fjármagnið endist ekkert lengur frekar en hin árin. Hlutverk og skyldur okkar minnka ekkert þó því sé skipt í fjóra fjórðunga.

Ég skora á stjórnvöld að fylgja lögum nr. 61/2011, hlúa að íslensku táknmáli og leyfa okkur að njóta jafnræðis á við aðra í íslensku þjóðlífi og sinna okkar skyldum.

→ Verðlagsvísitölur leiðréttar m.v. gengisvísitölu og vsk. breytingu



Neytendur njóta afnáms vörugjalda – á því er ekki vafi

VERSLUN

Margrét Sanders
formaður SVÞ

Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri SVÞ

Um sl. áramót voru vörugjöld afnumin af ýmsum algengum vörum á borð við byggingarefni, rafmagnstæki og bifreiðavarahluti, að ógleymdum matvörum sem innihalda sykur eða sambærileg efni (vörugjöld voru reyndar lögð á ýmsar matvörur án sykurs!). Þar með náðist sigur í einu helsta baráttumáli Samtaka verslunar og þjónustu undanfarin ár, en verslunin í landinu lagði mikla áherslu á að þessi óheillaskattur yrði afnuminn, enda hafði hann allan þann langa tíma sem hann var við lýði mjög skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar.

Ekki er nokkur minnsti vafi á því að neytendur í landinu njóta og munu njóta þessara mikilvægu skattkerfisbreytinga, enda stóð ekki á viðbrögðum margra verslunarfyrirtækja strax þegar ríkisstjórnin kynnti áform sín um afnám vörugjalda, við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2015. Mörg þeirra ákváðu að fella þegar niður vörugjöld að hluta eða öllu leyti á viðkomandi vörum, þó að ekki væri tryggt að afnám gjaldanna yrði að veruleika fyrr en fjárlagafrumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi í desember sl.

Þessi skjótu viðbrögð verslunarfyrirtækjanna sýna betur en nokkuð annað hversu ákveðin þau voru í því að láta neytendur njóta hinna fyrirhuguðu breytinga sem allra fyrst. Áhrif af afnámi vörugjaldanna koma einnig með greinilegum hætti fram í vísitölumælingum Hagstofu Íslands þegar fjórir mánuðir voru liðnir frá því að lögin sem afnámu vörugjöldin tóku gildi (sjá töflu).

Í þessu ljósi er dapurlegt að fylgjast með því hvernig verðlagseftirlit ASÍ leggur sig fram um að tortryggja verslunina í landinu, með því að draga í efa að neytendur hafi notið góðs af skattkerfisbreytingunni. Túlkun verðlagseftirlitsins á þeim verðkönnunum sem nýlega voru gerðar ber hvorki vott um fagleg vinnubrögð né vilja til að veita neytendum og öllum almenningi réttar upplýsingar. Verðlagseftirlit ASÍ sneiðir greinilega hjá því að nefna atriði á borð við gengisbreytingar, veltuhraða vöru og tímasetningar verðkannana, en það má öllum ljóst vera að slík atriði geta haft veruleg áhrif á niðurstöður verðkannana. Framsetning verðlagseftirlitsins er með þeim hætti að sá grunur hlýtur að læðast að manni að þarna sé það tilgangurinn sem helgar meðalið.

Hræðsluáróður

Þegar lækkun vöruverðs hefur sannarlega skilað sér til neytenda, er erfitt að sjá hverra hagur það er að gera verslunina tortryggilega með þessum hætti. Þessar breytingar, ásamt boðuðum breytingum, s.s. niðurfellingu tolla og breytingum á virðisaukaskatti á ákveðnum vörutegundum, koma öllum til góða. Framsetning á borð við þá sem birtist hjá verðlagseftirliti ASÍ gerir ekkert annað en að vinna gegn því stóra hagsmunamáli íslenskra neytenda.

Verslunin ætlar ekki að láta hræðsluáróður á borð við þennan hafa áhrif á sig. Samtök verslunar og þjónustu munu halda ótrauð áfram á þeirri vegferð að bæta stöðu neytenda og stöðu verslunarinnar í landinu fyrir því að hún verði samkeppnishæfari en nú er við verslun í öðrum löndum. Íslensk verslun er að mjög stórum hluta í alþjóðlegri samkeppni og leiðin til að bæta stöðu greinarinnar er að bæta það skattaumhverfi sem hún býr við. Það er mikilvægasta verkefni verslunarinnar nú um stundir og brýnt að sem flestir leggi greininni lið í þeirri baráttu. Neytendur munu án alls vafa njóta ávinningsins þegar sigrar vinnast í þeirri baráttu.

Freki karlinn í menntamálaráðuneytinu

MENNTUN

Guðmundur J. Guðmundsson
kennari

Ef velja ætti einkennisdýr núverandi ríkisstjórnar og þingmeirihluta þá væri það tvímælalaust freki karlinn, nú, eða kerlingin. Það eru engu líkara en það sé ráðherrum og þingmönnum stjórnarinnar sérstakt áhugamál að bola málum sínum í gegn í bullandi ágreiningi við sem flesta, einkum þó fagfólk og þá sem mest vit hafa á málaflokknum. Af nógu er að taka; náttúrupassi, Fiskistofa, rammaáætlun svo eitthvað sé talið.

Einn af freku köllunum hefur þó til þessa komist hjá því að kastljósinu væri beint að verkum hans en það er menntamálaráðherra, mest er það þó vegna sofandaháttar stjórnarandstöðunnar. Hjá honum er allt á sömu bókina lært og hjá öðrum ráðherrum, verið er að gera grundvallarbreytingar á skólakerfinu án nokkurrar umræðu, samvinnu eða samráðs við þá sem þar eiga að vinna. Þar má nefna niðurskurð á námi fyrir þá sem eru 25 ára og eldri, niðurskurð á námi til stúdentsprófs um eitt ár og svo nú síðast sameining nokkurra framhaldsskóla sem, ef að líkum lætur, mun leiða til þess að þeir minnstu verða lagðir niður. Þetta síðasta er gert án nokkurs samráðs við þau sveitarfélög sem að málinu koma. Allar munu þessar breytingar leiða til einsleitari, fábreyttari og þar með verri framhaldsskóla.

Sveigjanleg mörk

Nú er það svo að lítill sem enginn ágreiningur er um að æskilegt sé að sem flest ungmenni fái tækifæri til að útskrifast með stúdentspróf 18 til 19 ára gömul og til þess eru ýmsar aðferðir án þess að skera niður nám eða rústa skólum. Lausnin er einfaldlega fólgin í samvinnu grunnskóla- og framhaldsskólastigsins og að mörkin þar á milli séu sveigjanleg. Ýmsar leiðir koma til greina við þetta verk. Þar má nefna að þétta efri bekki grunnskólans og flytja þangað framhaldsskólaáfanga og mun það hafa verið gert á nokkrum stöðum. Til þess að svo geti orðið þarf hins vegar kennara með næga menntun til að kenna framhaldsskólaáfanga í grunnskólum og þar gæti hnífurinn staðið í kúnni, að minnsta kosti sums staðar.

Einnig kæmi til greina að taka þá nemendur sem til þess hafa þroska inn í framhaldsskóla árinu fyrr, eftir 9. bekk, og samkenna námsefni 10. bekkjar og fyrstu áfangana í framhaldsskólanum

→ Ýmsar leiðir koma til greina við þetta verk. Þar má nefna að þétta efri bekki grunnskólans …

næstu tvö árin. Þetta kerfi gæti hentað víða í Reykjavík. Til dæmis gæti Fjölbrautaskólinn í Breiðholti tekið við nemendum sem slíkt nám hentar úr öllum fjórum Breiðholtsskólunum. Með þessu vinnst einkum það að óþarfi er að skera niður nám til stúdentsprófs, íslenska stúdentsprófið myndi því halda áfram að standa fyrir sínu.

Sveitarfélögunum ætti einnig að standa á sama hvort þau kosta nemendur í 10. bekkjarnám í næsta framhaldsskóla eða grunnskóla, það kemur fjárhagslega út á eitt. Til þess að hrinda þessu í framkvæmd þarf aðeins samvinnu, samræður, skynsemi og útsjónarsemi en það virðast því miður ekki vera eiginleikar sem prýða núverandi menntamálaráðherra enda þarf vart að taka það fram að engar af þessum hugmyndum hafa hlotið náð fyrir augum hans. Þess í stað veður hann áfram eins og naut í flagi. Hingað til hefur hann getað skákað í skjóli áhugalítillar stjórnarandstöðu en megi umræður á þingi í síðustu viku láta gott á vita.

Samkrull tals og tóna

SAMFÉLAG

Magnús Jóhannsson
læknir og prófessor emeritus

Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO) um ástandið í löndum á borð við Ísland eru um 16 þúsund Íslendingar það mikið heyrnarskertir að þeir þyrftu heyrnartæki. Ekki nema hluti hópsins er þó með heyrnartæki og ekki má gleyma því að tækin bæta ekki upp heyrnartapið nema að hluta til. Þar að auki er annar mun stærri hópur sem er með það mikla heyrnarskerðingu að hún skerðir lífsgæði að einhverju marki. Samtals er þetta um 15% þjóðarinnar eða nálægt 50 þúsund einstaklingar. Þessi hópur er fólk á öllum aldri þó að eldri borgarar séu í meirihluta.

Mannleg samskipti

Eitt af því allra mikilvægasta í lífinu eru mannleg samskipti sem að talsverðu leyti fara fram með því að hlusta á talað mál og skilja það sem sagt er. Fjölmargir þættir geta truflað það að við náum að meðtaka það sem aðrir segja en hjá heyrnarskertum eru þessir þættir fleiri og vega þyngra en hjá þeim sem hafa fulla heyrn. Bergmál og glymjandi í húsakynnum er iðulega mjög truflandi og ættu arkitektar og hönnuðir að taka slíkt með í reikninginn oftar en raun ber vitni. Sumir einstaklingar hafa tamið sér að tala óskýrt eða tala óþægilega hratt og þeir gera sjálfum sér með þessu mikinn óleik vegna þess að þegar við tölum ætlumst við oftast til þess að aðrir hlusti og skilji það sem okkur liggur á hjarta.

Útvarp og sjónvarp

Sú var tíð að þulir í útvarpi og sjónvarpi voru undantekningarlítið fólk sem hafði sterka rödd, skýran framburð og skildist þess vegna vel, jafnvel við léleg móttökuskilyrði. Þessu hefur því miður hrakað og sumir þulir eru þvoglumæltir og jafnvel með áberandi framburðargalla. Annað sem er enn verra er það sem er aðalumfjöllunarefni þessa pistils en það er samkrull tals og tóna. Þetta er gamalþekkt vandamál í kvikmyndum, þegar bakgrunnstónlist eða umhverfishljóð gera það að verkum að það sem leikararnir segja skilar sér illa eða alls ekki.

Á undanförnum árum hefur slíkt samkrull tals og tóna því miður verið að ryðja sér til rúms í ýmiss konar efni, bæði í útvarpi og sjónvarpi. Þetta virðist vera einhvers konar tískubóla, sumum kann að þykja þetta fínt eða sniðugt, nútímatækni gerir þetta auðvelt í framkvæmd en flestir gera þetta sennilega án þess að hugsa út í afleiðingarnar. Þetta er alls ekki bundið við lélegt efni og sem dæmi hafa eðalþættir í sjónvarpi, á borð við Landann og Orðbragð, verið þessu marki brenndir. Það

→ Þessu hefur því miður hrakað og sumir þulir eru þvoglumæltir og jafnvel með áberandi framburðargalla.

stefnir hreinlega í það að flestu efni í útvarpi og sjónvarpi sé spillt á þennan hátt. Þetta er sorgleg þróun. Ég skora á allt þáttagerðarfólk á útvarps- og sjónvarpsstöðvum að íhuga þessi mál og blanda ekki að óþörfu saman efni sem truflar hlustun hjá 15% þjóðarinnar.

Textun í sjónvarpi

Iðulega væri hægt að leysa vandamálin með textun en sú aðferð er mjög vannýtt og tæknilegum annmörkum háð. Textun með aðstoð 888 á textavarpi er meingölluð í flestum tækjum, með stafabrengli (broddstafi og aðra íslenska stafi vantar) sem gerir textann illlæsilegan og virkar ekki á tímaflakkinu. Á 21. öld hljóta að vera til tæknilausnir á þessum vanda sem sjónvarpsstöðvar og símafélög þurfa að leysa í sameiningu en símafélögin sjá í flestum tilfellum um dreifingu sjónvarpsefnis. Notkun táknmáls er líka gróflega vannýtt og gæti verið efni í annan pistil.

Tekið skal fram að höfundur þekkir þessi mál af eigin reynslu þar sem hann er heyrnarskertur, með eyrnasuð og notar heyrnartæki.

Takk fyrir Hyundai daginn

Hörkuspennandi og skemmtileg Hyundai hjólakeppni

Frábær mæting á hjóladegi Hyundai

Hið árlega hjólamót Hyundai var haldið sl. laugardag, 23. maí, í Kauptúni 1. Hyundai þakkar öllum þátttakendum fyrir skemmtilegan dag og dömu-/drengilega keppni í öllum flokkum. Allir krakkarnir sem hjóluðu með í fjölskylduflokki fá sérstakar þakkir og einnig Hjólreiðafélagið Bjartur sem sá til þess að allt færi fram samkvæmt reglum.

Sjáumst hress að ári!

Sigurvegarar 2015

Kvennaflokkur:	Félag:
1. María Ögn Guðmundsdóttir	HFR
2. Margrét Pálsdóttir	HFR
3. Guðný Steina Pétursdóttir	Fimman

Karlaflokkur:	Félag:
1. Ingvar Ómarsson	Tindur
2. Óskar Ómarsson	Tindur
3. Bjarki Bjarnason	Tindur

Nýi bíllinn er Hyundai

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

HYUNDAI

ENNEMM / SÍA / NM69030

TÍMAMÓT

Frænka okkar,

UNNUR SIGURÐARDÓTTIR
Seljahlíð,
áður Skólavörðustíg 10,

lést á Seljahlíð miðvikudaginn 13. maí. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð. Þakkir til starfsfólks Seljahlíðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðný Sigríður Baldursdóttir

Móðir okkar,

SIGRÍÐUR HALLDÓRSDÓTTIR
vefnaðarkennari,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 28. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á MS félagið (0115-26-102713 - kt. 520279-0169).

Halldór Sigtryggsson, Herborg Sigtryggsdóttir,
Hrafnkell Sigtryggsson
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

HREFNA HEKTORSDÓTTIR
hjúkrunarheimilinu Skjóli,

er látin. Útför hennar verður gerð frá Kópavogskirkju mánudaginn 1. júní kl. 11.00.

Trausti G. Traustason
Hjördís Traustadóttir
Lára M. Traustadóttir
Elísabet Herdís Guðjónsdóttir
Stefán Már Stefánsson
og barnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓNAS ELLERT GUÐMUNDSSON
Vallholti 20, Ólafsvík,

lést á Dvalarheimilinu Jaðri Ólafsvík föstudaginn 22. maí. Útför hans fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 29. maí kl. 14.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilisins Jaðars, reikningsnúmer 0190-05-60761 kt. 510694-2449.

Lára Jóna Ólafsdóttir
Björn Erlingur Jónasson
Hreinn Jónasson
Ágústa Jónasdóttir
Magnús Jónasson
Laufey Jónasdóttir
Jónas Jónasson
Kristín Vigfúsdóttir
Ingunn Jóna Gunnarsdóttir
Stefán Hjaltason
Sædís Einarsdóttir
Reynir Viðar Georgsson
Kristín Kristófersdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

HÖRÐUR ÓSKARSSON
viðskiptafræðingur,
Hrauntúni 12, Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu þann 16. maí 2015. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 30. maí kl. 11.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Kvenfélagið Líkn í Vestmannaeyjum.

María Guðbjörg Pálmadóttir
Pálmi Harðarson
Elín Ósk Harðardóttir
Ásta María Harðardóttir
Ásta Haraldsdóttir
Anna Steinunn Eiríksdóttir
Haraldur Óskarsson
Elínborg Óskarsdóttir
Sigbjörn Þór Óskarsson
Guðbjörg Karlsdóttir
Sigurður Georgsson
Kristín Hjartardóttir
ættingjar og vinir.

Hjartans eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og tengdamóðir,

ÁRNÝ HALLGERÐUR FRIÐRIKSDÓTTIR
Stekkjarseli 1, Reykjavík,

lést sunnudaginn 17. maí. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju 28. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Bergmál, líknar- og vinafélag, kt. 490294 2019 / 117-26-1616.

Jón Hilmar Gunnarsson
Helgi Friðberg Jónsson
Karl Gunnar Jónsson
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

VIGDÍS ARNONE HELGADÓTTIR
Truckee, Kaliforníu,

lést á heimili sínu í Bandaríkjunum þann 4. ágúst 2014. Jarðsetning duftkers fer fram í Hólmbergskirkjugarði í Keflavík laugardaginn 30. maí kl. 11.00.

Helen Davis
Pamela Read
Michael Arnone
Catrina Paddelford
Shane Arnone
Nicholas Arnone
Elvína Dolce Helgadóttir
Jóhann Helgason
Prentiss Davis
Dennis Read
Tony Arnone

Ástkær frændi okkar,

JÓN BERGVINSSON
fv. sjómaður,
Vestmannaeyjum,

lést á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja laugardaginn 16. maí sl. Útför hans verður frá Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 29. maí kl. 16.00.

Ættingjar

Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,

MAGNÚS PÁLSSON

lést þann 22. maí á Landspítalanum Fossvogi. Útför verður auglýst síðar.

Sylvia Briem
Helgi Briem Magnússon
Páll Briem Magnússon
Iðunn Magnúsdóttir
Sæunn Magnúsdóttir
Þóra Emilsdóttir
Anna G. Gunnarsdóttir
Valgarður Guðjónsson
Friðjón Hólmbertsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

JÓRUNNAR SIGURÐARDÓTTUR
frá Frostastöðum.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Heilbrigðisstofnunarinnar á Sauðárkróki fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Sigurður Frostason
Gísli Frostason
Frosti Frostason
Magnús Halldór Frostason
Hafdís Huld Þórólfsdóttir
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

MARGRÉT JÓNSDÓTTIR
Faxabraut 13,
Keflavík,

lést fimmtudaginn 21. maí. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 1. júní kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Guðni Kjartansson
Lisbeth Thompson
Magnea Erla Ottesen
Guðmundur Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

KJARTAN SVEINN GUÐJÓNSSON
Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 24. maí sl. Útför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju föstudaginn 29. maí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindrafélagið (115-26-47015, kt. 470169-2149 eða í síma: 525-0000).

Lína Guðlaug Þórðardóttir
Þórður Kjartansson
Kjartan Kjartansson
Katrín Kjartansdóttir
Sveinn Kjartansson
Sigrún Kjartansdóttir
Þórunn Skjaldardóttir
Guðmundur Jón Jónsson
Kolbrún Helgadóttir
Eggert Claessen
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma, systir og mágkona,

ÞÓRA KRISTINSDÓTTIR
Ársölum 1, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH laugardaginn 23. maí. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 3. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild LSH í Kópavogi um leið og við færum starfsfólki þar hjartans þakkir fyrir frábæra umönnun.

Árni Ingólfsson
Ingólfur Árnason
Kristrún Árnadóttir
Ketill Árni, Tómas Kristinn og Hinrik Ari Ingólfssynir
Guðrún Kristinsdóttir
Erna Kristinsdóttir
Jóhann Guðmundsson
Elías Bragi Sólmundarson

Ástkær faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

BJÖRGVIN OTTÓ KJARTANSSON

lést þriðjudaginn 19. maí á Landakoti. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 29. maí kl. 13.00.

Þórunn Birna Björgvinsdóttir
Guðmundur Þröstur Björgvinsson
Árni Björgvinsson
Kjartan G. Björgvinsson
barnabörn og barnabarnabörn.
Guðni Vignir Jónsson
Svava Sæberg
Eva Lísa Reynisdóttir

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGURLÍNA GUNNLAUGSDÓTTIR
garðyrkjufræðingur,
áður Reykjum í Ölfusi,

verður jarðsungin frá Langholtskirkju miðvikudaginn 27. maí kl. 13.00.

Hulda Axelsdóttir
Álfdís Elín Axelsdóttir
Erla Dís Axelsdóttir
Ari Víðir Axelsson
Martin Kennelly
Pétur H. Hannesson
Anna Margrét Guðmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær dóttir okkar, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

MARGRÉT MAGNÚSDÓTTIR
myndlistarmaður,

lést á Landspítalanum þann 16. maí sl. Útför hennar fer fram í Neskirkju fimmtudaginn 28. maí nk. kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sigríður Hanna Sigurbjörnsdóttir
Magnús Tómasson

Móðir okkar,

HELGA HELGADÓTTIR
áður til heimilis að Hamraborg 32,
Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ 18. maí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 27. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sjálfsbjörg Landssamband.

Hulda M. Jónsdóttir
Sigrún H. Jónsdóttir
Trausti Jónsson.

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, frænka, amma og langamma,

INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR
frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi,
Söðulsholti, Snæfellsnesi,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð í Borgarnesi þann 17. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 29. maí kl. 13.00.

Einar Ólafsson
Jón Einarsson
Halldóra Einarsdóttir
Ólafur Einarsson
Guðmundur Jón Helgason
Sigrún Sigurðardóttir
Grétar Már Ómarsson
Julie Gaudette Olafsson
Lilja Ægisdóttir
barnabörn og barnabarnabarn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. maí 2015 | 21. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | visir www.visir.is

VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

TVEGGJA ÁRATUGA RÚSSÍBANAREIÐ

- Jón Georg byrjaði á bleikjuútflutningi fyrir tuttugu árum.
- Nauðsynlegt að vinna að stefnumörkun í útflutningi.
- Segir mikla ógn stafa af yfirvofandi verkföllum.

SÍÐA 6-7

Ekki nóg að mæla hagvöxt

Það er ekki nóg að skilgreina félagslegar framfarir með hliðsjón af hagvexti eða landsframleiðslu, segir Michael Green, ritstjóri Social Progress Index.

Hann er aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem Gekon, Arion banki og Deloitte standa að um samfélagsinnviði þjóða í húsnæði Arion banka á morgun.

Green segir í samtali við Markaðinn að landsframleiðsla sé gott verkfæri til þess að mæla efnahagslegar framfarir en að það sé ekki rétta leiðin til þess að mæla velferð okkar.

→ SÍÐA 2

Varar við óhóflegri hækkun

„Það er ekkert fengið með því að keyra hagkerfið upp í skamman tíma ef það merkir það eitt að það slær í bakseglin kröftuglega þegar menn átta sig á að þeir hafa farið umfram það sem innistæða er fyrir," sagði Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka, á kynningu á þjóðhagsspá Íslandsbanka fyrir árin 2015 til 2017 í gær. Ingólfur varaði við því að launahækkanir yrðu meiri en samanlögð framleiðniaukning og verðbólgumarkmið Seðlabankans segðu til um.

→ SÍÐA 4

Úr verðbréfum í þorskinn

Tómas Þór Eiríksson tekur við starfi framkvæmdastjóra Codland í byrjun júní. Hann hefur verið sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu síðastliðið ár og hefur víðtæka reynslu og menntun á sviði stjórnunar. „Þetta var mjög hraður aðdragandi, mér leist mjög vel á fyrirtækið og þá hugmyndafræði sem verið er að vinna eftir," segir Tómas Þór þegar hann er spurður út í aðdragandann að ráðningu hans.

→ SÍÐA 8

STJÓRNARMAÐURINN
@stjornarmadur

Við getum ekki tekið þessum ferðamannafjölda sem sjálfsögðum hlut og verðum að vanda til verka.

→ SÍÐA 12

Alþjóðleg þekking - persónuleg þjónusta

EY

Endurskoðun | Skattur | Ráðgjöf

Ernst & Young ehf. Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Ernst & Young (EY) er í flokki fremstu fyrirtækja á sviði endurskoðunar og ráðgjafar á heimsvísu. EY starfar í yfir 150 löndum og er starfsfólk nú um 200.000 talsins. EY hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi á markaði og veita þjónustu í hæsta gæðaflokki sem sniðin er að þörfum viðskiptavina okkar, hvar sem við erum staðsett í heiminum.

ey.is

Höfum við efni á svona eftirliti og ákæruvaldi?

Skjóðan

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ lagði á dögunum 650 milljóna sekt á Byko vegna meints verðsamráðs milli Byko og Húsasmiðjunnar. Einungis eru örfáar vikur frá því Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði ellefu af tólf sakborningum í sakamáli sem sérstakur saksóknari höfðaði gegn starfsmönnum Byko og Húsasmiðjunnar vegna þessa sama meinta samráðs. Einn starfsmaður var dæmdur í eins mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir tilraun til samráðs.

NIÐURSTAÐA Héraðsdóms Reykjavíkur var afdráttarlaus. Ekki var um ólögmætt samráð milli starfsmanna fyrirtækjanna að ræða heldur var samkeppnin einmitt mjög virk. Hvernig getur þá staðið á því að Samkeppniseftirlitið leggur 650 milljóna sekt vegna sakargifta sem Héraðsdómur er búinn að dæma að eigi ekki við nein rök að styðjast?

JÚ, ÁSTÆÐAN virðist vera sú að fyrri eigandi Húsasmiðjunnar gerði samkomulag við Samkeppniseftirlitið á síðasta ári, viðurkenndi samkeppnisbrot í málinu og greiddi stjórnvaldssekt. Fyrri eigandi Húsasmiðjunnar var eignarhaldsfélag í eigu Landsbankans og sáttin var gerð í tengslum við sölu á Húsasmiðjunni til erlendra kaupenda. Án sáttagjörðarinnar hefði salan ekki gengið í gegn og í því ljósi er nauðsynlegt að skoða viðurkenninguna á samkeppnisbrotum.

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI hefur áfrýjað sýknudómum Héraðsdóms til Hæstaréttar og erfitt er að verjast þeirri hugsun að sektarálagning á Byko, sem hefur verið áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála, þjóni þeim tilgangi helst að hafa áhrif á málsmeðferð og niðurstöðu Hæstaréttar.

MIKIÐ ER Í HÚFI. Samkvæmt Kjarnanum hefur 31 starfsmaður sérstaks saksóknara varið 11.854 stundum við rannsókn málsins. Ótalinn er tíminn sem fór í málflutninginn sjálfan og engar upplýsingar hafa fengist hjá Samkeppniseftirlitinu um tímafjöldann þar.

RÍKIÐ var dæmt til að greiða 90 milljónir í málsvarnarlaun fyrir Héraðsdómi og ekki er ósennilegt að heildarkostnaður skattgreiðenda vegna málsins hafi numið hátt í 400 milljónum króna.

OG UM HVAÐ snerist þetta mál? Jú, það snerist um að starfsmenn Byko hringdu í starfsmenn Húsasmiðjunnar til að spyrja um verð á tilteknum vörum og öfugt. Þetta er svipað og þegar starfsmenn tiltekinna verslanakeðja heimsækja verslanir annarra verslanakeðja til að kanna og skrá verð á völdum vörum, en slíkt er alsiða. Enda var það niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur að þessi upplýsingaöflun bæri vott um virka samkeppni en ekki verðsamráð.

HÆGT ER að mæla kostnaðinn sem lendir á skattborgurum þegar eftirlitsstofnanir og ákæruvald fara offari gegn fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Erfiðara er að meta það tjón sem neytendur og fyrirtæki verða fyrir vegna slíks. Verði 650 milljóna sekt Byko staðfest fer hún út í verðlag – annað er ómögulegt.

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

5
Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

9
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN
NÝHERJI 62,0% frá áramótum
ÖSSUR HF 14,6% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN
TRYGGINGAMIÐST. -26,2% frá áramótum
EIMSKIP 4,4% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	119,00	14,4%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,22	-8,5%	-2,5%
Eimskipafélag Íslands	217,00	-8,4%	-4,4%
Fjarskipti (Vodafone)	38,80	10,9%	-0,8%
Hagar	39,75	-1,7%	-1,4%
HB Grandi	39,50	16,9%	0,5%
Icelandair Group	23,00	7,5%	-0,2%
Marel	179,00	29,7%	-0,3%
N1	34,45	48,5%	-0,7%
Nýherji	8,39	62,0%	0,0%
Reginn	14,20	4,8%	0,7%
Reitir*	62,60	-2,0%	-0,2%
Sjóvá	10,10	-15,5%	0,5%
Tryggingamiðstöðin	19,40	-26,2%	-3,5%
Vátryggingafélag Íslands	7,74	-14,5%	0,1%
Össur	495,00	37,1%	14,6%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.423,77	7,8%	5,4%

First North Iceland

Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,00	12,4%	3,8%
Sláturfélag Suðurlands	1,85	0,0%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).

Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 27. MAÍ
Hagstofan – Vinnumarkaður í apríl 2015

FIMMTUDAGUR 28. MAÍ
VÍB og Viðskiptaráð – Samkeppnishæfni Íslands 2015

FÖSTUDAGUR 29. MAÍ
Hagstofan – Vöruskipti við útlönd janúar til apríl 2015

MÁNUDAGUR 1. JÚNÍ
Hagstofan – Þjónustuviðskipti við útlönd 1. ársfjórðung 2015

MIÐVIKUDAGUR 3. JÚNÍ
Fasteignaskrá – Fasteignamarkaðurinn í mánuðum eftir landshlutum

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á visir

Landsframleiðsla ekki besta mæling á velferð

Ritstjóri Social Progress Index telur að landsframleiðsla sé ekki fullkomin mæling á framþróun samfélagsins. Taka þurfi tillit til spurninga á borð við öryggi, réttlætis og fleiri mikilvægra þátta.

Það er ekki nóg að skilgreina félagslegar framfarir með hliðsjón af hagvexti eða landsframleiðslu, segir Michael Green, ritstjóri Social Progress Index. Hann er aðalfyrirlesari á ráðstefnu sem Gekon, Arion banki og Deloitte standa að um samfélagsinnviði þjóða á morgun.

Social Progress Index er mælikvarði á það hversu vel samfélög hlúa að samfélagslegum innviðum og gæti heitið útlagst sem vísir samfélagslegra innviða á okkar ylhýru íslensku. Green segir í samtali við Markaðinn að landsframleiðsla sé gott verkfæri til þess að mæla efnahagslegar framfarir en að það sé ekki rétta leiðin til þess að mæla velferð okkar.

„Sagan er ekki öll sögð með því að nota landsframleiðslu sem mælikvarða, en það er mikilvægur hluti af sögunni," segir Green í samtali við Markaðinn. Hann segir að vísir samfélagslegra innviða komi ekki í staðinn fyrir landsframleiðslu heldur sé hann til viðbótar.

Í fyrirlestri sem Green hélt á Ted TV benti hann á að ef við notuðum landsframleiðslu eingöngu til að mæla framþróun þá mætti segja að smíði sprengja og fangelsa stuðlaði að framþróun. Hann benti líka á að landsframleiðsla tekur ekki mið af hamingju eða samfélagslegum málum. „Og hún hefur ekkert að segja um sanngirni eða réttlæti," sagði Green.

Hann telur því að það þurfi betri mælitæki til að mæla framþróun í samfélaginu okkar. „Þar sem fengist er við spurningar á borð við öryggi, þar sem réttlæti ríkir, þar sem hugað er að umhverfismálum. Þetta eru spurningar sem landsframleiðsla á ekki svarið við," segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

MANNLÍF Ritstjóri Social Progress Index segir landsframleiðslu mjög takmarkaða mælingu á velferð í samfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Sagan er ekki öll sögð með því að nota landsframleiðslu sem mælikvarða, en það er mikilvægur hluti af sögunni."

Michael Green, ritstjóri Social Progress Index.

Helmingur gjaldþrota félaga hefur verið sex ára eða yngri:

Yngri fremur í þrot

Helmingur þeirra félaga sem lýst hafa verið gjaldþrota hér á landi frá árinu 1998 hafa verið sex ára eða yngri. Um þriðjungur félaganna var á aldrinum 7 til 12 ára. Um 16 prósent félaga voru 13 ára eða eldri samkvæmt greiningu Hagstofu Íslands.

Hlutfall gjaldþrota yngri félaga hefur lækkað frá hruni. Á síðasta ári voru gjaldþrot félaga yngri en sex ára um þriðjungur heildargjaldþrota. Hins vegar nam hlutfall félaga þrettán ára og eldri ríflega 20 prósentum.

Á síðustu 12 mánuðum hefur gjaldþrotum fækkað um 20 prósent en alls voru 769 félög tekin til gjaldþrotaskipta frá maí 2014 til apríl 2015.

Nýskráningum hefur fjölgað um 8 prósent á sama tímabili en alls voru 2.107 ný félög skráð. Mest er fjölgun nýskráninga í flokknum Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi eða 44 prósent á síðustu 12 mánuðum.

- ih

HAGSTOFA ÍSLANDS Hagstofan er til húsa í Borgartúni 21a. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flotaleiga
Hagkvæmari kostur

Lágmarkaðu kostnað við rekstur bílaflota fyrirtækisins

- Tryggingar
- Eldsneyti
- Viðhald og viðgerðir
- Fjármögnun
- Dekkja-þjónusta
- Lánsbíll
- Þjónusta

Bílafloti er stór kostnaðarliður í rekstri margra íslenskra fyrirtækja. **Flotaleiga Lykils** er nýr kostur á markaðnum sem gerir fyrirtækjum kleift að leigja bílaflota í stað þess að kaupa. Þannig má auka hagkvæmni, halda ófyrirséðum kostnaði í algjöru lágmarki og gera allar fjárhagsáætlanir fyrirtækisins áreiðanlegri.

Kynntu þér kosti Flotaleigunnar og fáðu allar nánari upplýsingar í síma 540 1700

Flotaleiga

1. **Við finnum saman bíla** sem henta þínum rekstri.
2. **Lykill** sér um kaup og rekstur bílanna.
3. Þú leigir bílana og nýtur stærðar-hagkvæmni Lykils.

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is

Lykill fjármögnun

PIPAR\TBWA - SÍA

Óráðstafað eigið fé Hreyfils nemur tæplega hálfum milljarði króna. Framkvæmdastjóri Hreyfils segir reksturinn hafa gengið vel að undanförnu og hagræðingar hafa skilað sér:

Hagnaður Hreyfils eykst í 77,5 milljónir króna

Hagnaður af rekstri Hreyfils svf. jókst um 28 milljónir á síðasta ári og nam 77,5 milljónum króna.

„Reksturinn hefur gengið vel," segir Sæmundur Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri Hreyfils. Sæmundur segir að aukning á hagnaði skýrist helst af aukinni hagræðingu í rekstri Hreyfils og leggur áherslu á að gjaldskrár Hreyfils hafi staðið óbreyttar í yfir tvö ár.

Rekstrarkostnaður Hreyfilssamstæðunnar var nær óbreyttur og nam 314 milljónum króna. Hins vegar jukust rekstrartekjur úr 400 milljónum í 425 milljónir króna.

Óráðstafað eigið fé Hreyfils nemur 474 milljónum króna og jókst sem nam hagnaði félagsins á síðasta ári. Eignir Hreyfils nema 784 milljónum króna og er eiginfjárhlutfall því 60 prósent. Þá nam arðsemi eiginfjár 18,9 prósentum.

Sæmundur segir rekstur Hreyfils góðan, félagið skuldi ekki neinni bankastofnun og hafi ekki gert í mörg ár. Þá hafi félagið verið á lista fyrirmyndarfyrirtækja Creditinfo frá árinu 2010.

Handbært fé frá rekstri nam 99,9 milljónum króna en handbært fé Hreyfils nam 315 milljónum króna um síðustu áramót.

Hreyfill er samvinnufélag í eigu hluta leigubílstjóra sem keyra undir merkjum Hreyfils.

> **Reksturinn hefur gengið vel og það hefur verið markvisst aðhald.**

Hreyfill á 82 prósent hlutafjár í Tölvubílum ehf. sem sér um rekstur tölvukerfa leigubíla Hreyfils. Um 30 milljónir króna af hagnaði Hreyfils eru tilkomnar vegna hagnaðar Tölvubíla. Þá á Hreyfill einnig meirihluta hlutafjár í Múlaradíó ehf. sem sér um viðhald á tölvukerfum leigubílanna. - ih

HREYFILL Handbært fé Hreyfils nemur 315 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óttast launahækkanir án innistæðu

Forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka varar við launahækkunum umfram það sem hagkerfið þolir. Slíkt muni koma fram í verðbólgu og bitna á samkeppnishæfni Íslands. Þá séu nú kjöraðstæður til afnáms hafta.

„Það er ekkert fengið með því að keyra hagkerfið upp í skamman tíma ef það merkir það eitt að það slær í bakseglin kröftuglega þegar menn átta sig á að þeir hafa farið umfram það sem innistæða er fyrir," sagði Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka, á kynningu á þjóðhagsspá Íslandsbanka fyrir árin 2015 til 2017 í gær.

Ingólfur varaði við því að launahækkanir yrðu meiri en samanlögð framleiðniaukning og verðbólgumarkmið Seðlabankans segðu til um. Á spátímabilinu er gert ráð fyrir 6,4 til 8,1 prósenta árlegum launahækkunum. Því muni verðbólga fara upp fyrir verðbólgumarkmið Seðlabankans á næsta ári og vera tæplega fjögur prósent. Seðlabankinn muni bregðast við með hækkun stýrivaxta um 2,5 prósentustig fram til ársins 2017.

Ingólfur benti einnig á að raungengi krónunnar, mælt sem verðlag hér á landi miðað við helstu viðskiptalönd, hafi hækkað undanförnu. Þetta væri vegna styrkingar á gengi krónunnar auk hækkana á innlendum kostnaði. Þessi hækkun raungengisins kæmi niður á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og hefði m.a. í för með sér að hægja myndi á fjölgun ferðamanna hér á landi. Samkvæmt spánni mun raungengi krónunnar hækka um fimm prósent fram til ársins 2017.

Þó taldi Ingólfur að efnahagsumhverfi yrði að mörgu leyti hagstætt

> **Skilyrði til losunar hafta eru ótrúlega góð miðað við það sem maður þorði að vona.**

næstu árin. Hagvöxtur verði 4 prósent á þessu ári, 3,7 prósent 2016 en lækki svo í 2,4 prósent árið 2017 gangi spáin eftir.

Ingólfur benti á að eignastaða heimilanna hefði batnað með hækkun fasteignaverðs og góðri ávöxtun lífeyrissjóðanna. Þó væru stórir hópar sem ekki nytu góðs af þessari stöðu og nefndi þar leigjendur og ungt fólk sem væri ekki enn byrjað að greiða í lífeyrissjóði. Ingólfur sagði einnig styrkleikamerki að vöxtur einkaneyslu, sem aukast á um 12 prósent á spátímabilinu, yrði helst byggður á kaupmáttaraukningu en ekki lántökum líkt og gerst hefði í fyrri uppsveiflum.

Jón Bjarki Bentsson, hagfræðingur hjá Greiningardeild Íslandsbanka, taldi nú vera kjöraðstæður til að afnema höft. Hagvöxtur og viðskiptaafgangur væru fram undan. Þá væri hagstæður vaxtamunur við útlönd. Þessi skilyrði myndu ekki vara að eilífu og því væri núna rétti tíminn til að hefja afnám hafta.

ingvar@frettabladid.is

INGÓLFUR BENDER Forstöðumaður Greiningardeildar Íslandsbanka telur að hægja muni á fjölgun ferðamanna á næstu árum vegna hærra raungengis krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öflugur sjóður

fyrir reglulegan sparnað

Stefnir – Samval er blandaður fjárfestingarsjóður sem nýtir þau tækifæri sem rekstraraðili telur best á hverjum tíma. Hann hentar vel fyrir reglulegan sparnað og er laus með skömmum fyrirvara.

Sjóðurinn fjárfestir m.a. í ríkisskuldabréfum, innlendum og erlendum hlutabréfasjóðum og í félögum sem fyrirhugað er að skrá á hlutabréfamarkað.

Fyrir hverja?

- Þá sem vilja spara til þriggja ára eða lengur og þola umtalsverðar sveiflur í ávöxtun
- Þá sem vilja dreifingu eigna á helstu verðbréfaflokka
- Þá sem þurfa að nálgast sparnaðinn með skömmum fyrirvara – einungis tveggja daga binditími
- Hentar bæði einstaklingum og fyrirtækjum

Þú getur skráð þig í reglulegan sparnað í **Stefni – Samvali** fyrir aðeins 5.000 kr. á mánuði. Skráning og allar upplýsingar á **arionbanki.is/sjodir** eða í síma 444 7000.

Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 128/2011. Fjárfesting í fjárfestingarsjóðum telst almennt vera áhættusamari fjárfesting en í verðbréfasjóðum. Meiri áhætta er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um sjóðinn þar á meðal nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu hans sem nálgast má á arionbanki.is/sjodir. Sjóðurinn er í rekstri Stefnis hf. sem er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka hf. Arion banki er söluaðili sjóða Stefnis hf.

Lykilatriðið er að keppa á gæðum

Ice-co flytur fisk, skyr, sjávarsalt og lambakjöt á erlenda markaði. Stjórnarformaðurinn segir sóknarfæri í útflutningi en mikil ógn stafi af yfirvofandi verkföllum því kúnninn þurfi að fá afhentar vörur daglega.

VIÐTAL
Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is

MÖRG JÁRN Í ELDINUM Jón Georg Aðalsteinsson segir að Ice-co sé með fimm til tíu verkefni í skoðun sem öll geti skilað árangri, en fyrirtækið hafi ekki fjármagn til þess að sinna þeim eins og þyrfti. En ef þrjú af tíu verkefni falla í hendi þá sé það góður árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tölvunarfræðingurinn Jón Georg Aðalsteinsson er stjórnarformaður í fyrirtækinu Ice-co sem í tvo áratugi hefur flutt út íslensk matvæli til Evrópu, bæði Sviss og Þýskalands.

Árið 1990 stofnaði hann, ásamt Pétri Péturssyni, hugbúnaðarfyrirtækið Menn og mýs og starfar hann þar enn í dag við markaðssetningu á hugbúnaði til erlendra stórfyrirtækja.

Byrjaði á að selja bleikju

Það var árið 1993 að hann flutti ásamt konu sinni Hilmu Sveinsdóttur til Sviss. Þá spurði faðir Péturs, sem var bleikjuframleiðandi, hvort þau hjónin gætu ekki selt bleikjuna fyrir sig erlendis. Hilma og Jón féllust á að reyna og þannig fór boltinn að rúlla og úr varð fyrirtækið Ice-co. „Þetta er búin að vera talsverð þrautaganga. Við höfðum enga hugmynd um hvað við vorum að fara út í," segir Jón Georg og bætir við að daglegur rekstur sé í höndum Hilmu og svissnesks meðeiganda, Marlise Umiker.

„Við erum að vinna í útflutningi á íslenskum matvælum, þó fyrst og fremst fiskafurðum. En einnig skyri og svo erum við að byrja með aðrar vörur eins og sjávarsalt og lambakjöt," segir Jón Georg. „Þetta hefur þróast hægt og verið hálfgerð rússibanareið," segir Jón og líkir íslenskum útflutningi við það að byggja upp vandað og fallegt hús á löngum tíma sem svo, vegna aðstæðna sem væri hægt að koma í veg fyrir, brennur til grunna á nokkurra ára fresti. Þá þurfi að byrja upp á nýtt. Þetta hafa því ætíð verið þrjú skref fram á við en svo, því miður, tvö skref til baka.

Af hverju gerist það?

„Fyrst og fremst tökum við Íslendingar kröfur kaupenda okkar ekki nógu alvarlega, til dæmis varðandi vottunarmál. Þar vorum við sein að taka við okkur og vorum ekki tilbúin að taka upp þá vottum sem krafist er úti, fyrr en markaðir voru þegar tapaðir. Þá fyrst fóru menn hér heima að taka þetta alvarlega. Einnig gerist þetta út af gæðavandamálum, menn hætta að kaupa ef gæðin detta niður. Síðast en ekki síst tapast viðskipti ef ekki er afhent nákvæmlega samkvæmt pöntunum. Þetta eru allt mannlegir þættir sem koma má í veg fyrir með framsýni og góðu skipulagi. Það er nógu erfitt að eiga við storma og náttúruhamfarir án þess að þurfa glíma við þessa mannlegu þætti," segir Jón Georg.

Mikil ógn af verkföllum

Hann segir mikla ógn stafa af yfirvofandi verkföllum. Þau stefni verðmætu uppbyggingarstarfi í hættu og komi afar illa byggðarlögum eins og Patreksfirði, sem eiga mikið undir þessum viðskiptum. Jón Georg segir að komi til verkfalla muni markaðir tapast fljótt. „Já, þeir munu tapast nánast samdægurs. Þú ert að tala um ferska vöru þar sem hver dagur skiptir sköpum," segir Jón Georg. „Það gengur ekki upp fyrir stórmarkaði erlendis að fá ekki daglega íslenskan þorsk. Þeir neyðast þá til að kaupa hann af Norðmönnum. Gerist það, er ekki auðvelt að vinna viðskiptin til baka," segir Jón Georg og bætir við að í ofanálag bjóði Norðmenn yfirleitt betra verð á vörunni.

„Það getur tekið meira en þrjú ár að vinna til baka markaði sem tapast á þennan hátt. Í stað þess setja á oddinn að búa til nýja markaði þá fer orkan í að vinna aftur gamla kúnnann í algerri óvissu um hvort það takist eður ei. Það er svo miklu ódýrara að halda unnu landi en að vinna nýtt," segir hann.

Jón Georg segir að viðskiptavinir erlendis vilji fyrir alla muni halda tryggð við íslenska útflytjendur. Þeir þurfi hins vegar fisk á hverjum degi og því sé afhendingaröryggi lykilatriði. Ef íslensk fyrirtæki geta ekki útvegað fiskinn þá fari kúnninn einfaldlega annað segir Jón og bætir því við að hið sama eigið við um skyrið.

„Það tekur fimm ár að festa sig í sessi með skyrið. Í dag erum við komin hálft annað ár inn í það ferli. Ef við getum ekki afhent núna, til dæmis vegna verkfalla, þá fáum við ekki annað tækifæri. Þá er ekki bara 18 mánaða vinna og kostnaður farin í vaskinn heldur einnig framtíðarsala næstu árin," segir Jón Georg. Hann segir stöðugleika gæða og afhendingaröryggi stærstu umhugsunarefnin fyrir íslenskan útflutning á matvælum. „Íslenskar matvörur eru einstakar og oft af bestu gæðum. En það er ekki nóg. Ein klúðursending getur leitt til þess að góð viðskipti tapist. Gæði og afhendingaröryggi verður að vera 100 prósent, án undantekninga," segir hann.

Myndirðu segja að langvarandi óstöðugleiki væri eitthvað sem einkenndi okkur?

„Við Íslendingar búum við óstöðuga náttúru; jarðskjálfta, eldgos, óveður og storma, og það hefur eðlilega mótað okkur," segir Jón Georg. „Við erum átaksþjóð. Við brettum upp ermar í vertíðarstemningu. Erum reddarar," segir hann. Aðrar þjóðir eins og Svisslendingar beiti langtíma skipulagi og stöðluðum ferlum til að tryggja stöðugleika og fyrirsjáanleika. Þetta sé eitthvað sem Íslendingar mættu temja sér í meira mæli. Á meðan Íslendingar hugsi í vikum og mánuðum þá hugsa Svisslendingar árum og áratugum fram í tímann. „Með nútímatækni erum við ekki eins berskjölduð fyrir dyntum náttúrunnar og getum því gert áætlanir lengra fram í tímann. „Þetta reddast" hugsunarháttur Íslendinga er því stundum jafnvel til trafala. Í mörgum tilfellum er hægt að skipuleggja sig fram hjá vandamálum, sem er alltaf betra en að reyna að redda hlutum eftir á," segir hann.

Segðu mér meira frá Ice-co, hvert eruð þið að flytja vörur?

„Við flytjum mest til Sviss og Þýskalands en einnig til Frakklands og Benelux-landanna. Við erum svo að skoða aðra markaði til dæmis Bandaríkin," segir Jón Georg. Megináhersla fyrirtækisins er á að búa til nýja markaði, vinna ný lönd fyrir íslenska vöru. Slík vinna krefjist mikils grasrótarstarfs. „Við erum að kanna flutning á ferskum íslenskum fiski til fjarlægra borga í Mið-Austurlöndum og Asíu. Kæling á fiski er að batna, til dæmis með svokallaðri ofurkælingu. Það þýðir lengri líftíma vörunnar sem þýðir möguleika á að flytja ferskan fisk allt að þúsund kílómetrum lengra inn í land en áður. Þetta skapar tækifæri en þýðir miklar fjárfestingar í tíma og peningum," segir hann. Þetta krefjist langtímahugsunar, góðs kynningarefnis, vals á samstarfsaðilum, vals á dreifingaraðilum, tilraunasendinga og fleira. „Það sem ég er að segja er að það eru spennandi tækifæri þarna úti. Það vantar hins vegar samstöðu og fjármagn til þess að sinna svona vinnu," segir hann.

Með marga bolta á lofti

Jón Georg segir að Ice-co sé með fimm til tíu verkefni í skoðun sem öll geti skilað árangri, en fyrirtækið hafi ekki fjármagn til að sinna þeim eins og þyrfti. „Þú ert kannski með tíu bolta á lofti og ef þrír falla í hendi þá ertu að ná mjög góðum árangri. En það er kostnaðarsamt fyrir lítið fyrirtæki eins og Ice-co að halda þessum boltum á lofti. Því er lykilatriði að fyrirtæki sameini krafta sína þegar kemur að sölu og markaðsmálum," segir hann. Aðspurður hvaða boltar séu á lofti segir Jón Georg að Ice-co sé þátttakandi í verkefni í dreifingu á ferskum fiski í Þýskalandi. „Ég hef það stundum á tilfinningunni að markaðsstarf fyrir íslenskan fisk endi á Keflavíkurflugvelli, fiskurinn er seldur út á flugvöll og svo veit maður ekkert meir. Þetta verkefni felst í því að setja upp dreifingarstöð fyrir ferskan fisk þar sem honum er pakkað í neytendapakkningar og dreift milliliðalaust inn á stórmarkaðakeðjur og einnig beint til neytenda," segir Jón Georg. Með þessu sé hægt að tvöfalda verðmæti fisksins og þannig geti íslenskur fiskframleiðandi verið í beinu sambandi við neytendur. Hann segir að íslenskum fiskframleiðendum sé boðið að koma að verkefninu, sem geri þeim kleift að færa sig framar í virðiskeðjuna.

Í hverju felst samkeppnisforskot Íslendinga þegar kemur að matvælum?

„Í ferskum fiski felst það í því að geta afhent ferskan fisk á hverjum degi allt árið um kring. Almennt séð getum við boðið betri gæði og betri afhendingu árið um kring en Norðmenn. En okkar Akkilesarhæll er meiri tilkostnaður í flutningi. Norðmenn geta bara sett fiskinn

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

Forn borg

Franz Gunnarsson heimsótti Tiblisi í Georgíu og féll fyrir fegurð borgarinnar, gestrisni íbúanna og gómsætum mat.

SÍÐA 2

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

EINSTÖK BLANDA Texas-humarborgarinn inniheldur úrvals nautakjöt, hvítlauksristaðan humar og sveppi. MYND/GVA

HUMARBORGARI – HAF OG HAGI Í BRAUÐI

TEXASBORGARAR KYNNA *Það á einstaklega vel við að Texas-humarborgari sé kominn á matseðilinn á Texasborgurum nú þegar humarvertíðin er hafin.*

Það má segja að þetta sé hamborgaraútgáfan af Hafi og haga," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður um Texas-humarborgarann sem Texasborgarar við Grandagarð bjóða upp á. Verðið kemur á óvart, aðeins 1.980 kr., en svona er borgarinn með öllu: Texas-nautaborgari með hvítlauksristuðum humri og sveppum, borinn fram í hamborgarabrauði með sérlagaðri hvítlaukssósu, jöklasalati, rauðlauk og tómötum ásamt frönskum.

„Humarvertíðin er hafin og við erum svo lánsöm að hafa aðgang að gæðahumri," segir Magnús Ingi. „Nautakjöt og humar á einstaklega vel saman, eins og alþekkt er. Í Texas-humarborgaranum erum við með 140 g handgerða úrvalsnautaborgara og 100 g af pilluðum humri, sem við ristum með sveppum og hvítlauk. Svo lögum við hvítlaukssósuna með því að hræra ferskan hvítlauk út í rjómabætt majónes, og kryddum til með salti, pipar og nokkrum dropum af sítrónusafa."

Texas-humarborgarinn er annar af aðalsumarborgurunum á Texasborgurum. Hinn er Bernaise-lamborgari sem kynntur var til sögunnar fyrr í vor. Klassíkerinn, Texas-ostborgari, er auðvitað á sínum stað, enda alltaf sá vinsælasti, og fjölmargt annað til að seðja svanga, eins og pítsur, samlokur og kjúklingasalat.

Á vef Texasborgara, texasborgarar.is, er að finna matseðilinn og ýmislegt fleira. Facebook-síðan er lífleg og Magnús Ingi skemmtir fólki þar reglulega með sínum óborganlegu myndböndum sem ótrúlegur fjöldi fylgist með og hefur skoðun á.

2 FYRIR 1

af Texas-ostborgara með frönskum. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo.

Klipptu miðann út og taktu hann með þér.

Gildir til 30.6. 2015.

„Beetroot hefur gefið mér aukna orku í íþróttum og losað mig við hand- og fótkuldann!"

Kristbjörg Jónsdóttir
Zumba kennari og hlaupari

Rauðrófu „extrakt" í hylkjum

Láttu verðið koma þér á óvart

www.gengurvel.is

Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Vítamín, steinefni og ensím frá natures aid

Frábær flugnafæla

Öflug B-vítamín blanda.
Tekur þátt í að nýta orku úr fæðunni
Gott við streitu, orkuleysi, depurð og pirringi.
Virkar fælandi á flugur.

Við sykurþörf

Króm getur jafnað blóðsykurinn og dregið úr sykurlöngun.
Einföld leið til að losna við sykurpúkann.

Auðveldar meltingu

Meltingarensím sem hjálpa okkur að melta fæðuna án aukaverkana.
Inniheldur Lactasa sem brýtur niður laktósa í mjólkurvörum.

Náttúruleg E-vítamín olía

Frábær á slit, ör og exem.
Græðandi og mýkjandi.
Ver húðina fyrir öldrun.
Notist bæði inn- og útvortis

Sölustaðir: Lyf og heilsa, Apótekarinn, Gamla apótekið, Lyfsalinn, Lyfjaver-Heilsuver, Apótek Garðabæjar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Borgarapótek og í heilsuhillum verslana.

Margverðlaunuð vítamínlína

GMP vottaðar vörur

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 27. maí og fimmtudaginn 28. maí kl. 17-21

Mikið úrval af fallegum sumarbolum og nærfatasettum á dömur, herra og börn

Ítölsk gæði! Mikil verðlækkun!

Opið alla virka daga kl. 13-17

Mirella ehf

Háholt 23, 270 Mosfellsbær. Sími: 586 8050
mirella@simnet.is / facebook.com/mirella.ehf

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Nám sem nýtist þér!

Skrifstofubraut I – staðbundið nám

Tveggja anna hagnýt braut þar sem **höfuðáhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar. Frábært nám fyrir þá sem vilja komast hratt út á atvinnumarkaðinn eða stefna lengra í námi.**
Kennslutími: Kl. 8:20 – 13:00. Kennsla hefst 18. ágúst

Fjarnám – Undirbúningsáfangar fyrir viðurkenndan bókara

Á haustönn 2015 verða eftirtaldir áfangar í boði í fjarnámi:
BÓK153 - BÓK253 -BÓK353 – ÍSL152 – TÖL253

Viðurkenndur bókari

Nám til undirbúnings fyrir próf á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins til viðurkennds bókara, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald. **Kennslan fer fram í samvinnu við KPMG. Starfsmennt greiðir skólagjöld sinna félagsmanna. Kennsla hefst 24. ágúst.** Sjá mk.is

Upplýsingar veitir Inga Karlsdóttir, fagstjóri hagnýtra viðskipta- og fjármálagreina í síma 594 4000/824 4114 eða inga.karlsdottir@mk.is

Til hvers að flækja hlutina? 365

SJÁLFKRAFA í **BESTA ÞREP**!

365.is | Sími 1817

LITFÖGUR ER HLÍÐIN Bjartir litir setja sinn svip á hluta borgarinnar.

RINGULREIÐ Í FORNRI BORG

BORGIN MÍN *Franz Gunnarsson heimsótti Tíblisi í Georgíu fyrir nokkrum árum og féll fyrir fegurð borgarinnar, gestrisni íbúanna og gómsætum mat.*

Gítarleikarinn góðkunni Franz Gunnarsson hefur ferðast talsvert undanfarin ár. Hefðbundin sumarfrí og viðskiptaferðir skipa stóran sess en flest ferðalaganna tengjast þó ýmsum tónleikaferðum enda spilar Franz í nokkrum rokksveitum. Árið 2009 heimsótti Franz borgina Tíblisi í Georgíu og féll algjörlega fyrir henni. Borgin er höfuðborg landsins og um leið sú stærsta en þar búa um 1,5 milljónir manna.

GESTRISNIR ÍBÚAR

„Hljómsveitin Cynic Guru sem ég hef leikið með var beðin um að spila á stórri tónlistarhátíð í borginni. Þetta var í fyrsta sinn í langan tíma sem vestrænir listamenn heimsóttu landið og því mikið húllumhæ vegna komu okkar. Á flugvellinum um miðja nótt mættum við her af fjölmiðlafólki en við héldum fyrst að Madonna eða eitthvað álíka númer væri á svæðinu. Á leiðinni á hótelið urðum við varir við brennda bíla og ónýt hús, líkt og við værum á átakasvæði. Okkur leist ekkert á blikuna og vorum ansi ringlaðir. Daginn eftir heimsóttum við miðborgina og upplifðum þá allt aðra stemmingu. Borgin er gríðarlega fögur og íbúar mjög gestrisnir. Hljómsveitin kynntist fullt af hugljúfu fólki sem við erum enn þá í sambandi við í dag.“

MÖGNUÐ MATARGERÐ

„Matargerðin kom mér einna helst á óvart, hún er alveg mögnuð. Listamönnum var boðið til veislu að hætti innfæddra þar sem hver kræsingin á fætur annarri var borin á borð. Salöt, kjöt og fiskréttir ásamt súpum, kryddblönduðum sósum og unaðslegum brauðum troðfylltu borðin. Ég hætti að telja þegar réttirnir voru komnir yfir 20. Einnig er veitt rausnarlega af víni og hvítvínið sem Georgía framleiðir er eitthvað sem vínunnendur ættu að kanna. Rétturinn sem mér fannst standa upp úr heitir Khinkali og er dumpling með ýmiss konar kjötfyllingu.“

FALLEG BORG MEÐ SÖGU

„Ég náði að kíkja á eitt tilkomumikið safn og fór í ferð út fyrir höfuðborgina til að skoða klaustur þar sem munkarnir eru sagðir hafa bruggað fyrsta bjórinn. Borgin er gömul og því er hægt að skoða kastala og fallegar kirkjur og svo er tilkomumikið útsýni yfir borgina frá hæð sem gnæfir yfir hana.“



GLÆSILEG Nýjar villur og byggingar gamla sovéttímans einkenna miðborgina.
MYND/GETTY

EFTIRMINNILEG INNKOMA

„Tónlistarhátíðin var á sama tíma og Eurovision-keppnin sem þá var haldin í Rússlandi. Georgía hafði dregið sig úr keppninni vegna þess að þau neituðu að breyta textanum á laginu sínu sem þótti vera skot á Pútín forseta. Þessi hátíð var hálfpartinn „fokkjú“-merki til Pútíns enda dældi forseti Georgíu peningum í hátíðina. Ég var staddur baksviðs þegar svæðið fylltist af vopnuðum hermönnum. Þeir gengu úr skugga um að engin ógn væri til staðar og síðan röltir forsetinn inn á svæðið og byrjar að heilsa fólki og þar á meðal mér. Eftir tónleikana fórum við á hótelið og sáum Jóhönnu Guðrúnu tryggja Íslandi annað sætið í gegnum vef RÚV.“

VILL KOMA AFTUR

„Ég býst fastlega við því að fara aftur til borgarinnar og einnig að skoða landið betur. Tíblisi er gömul og falleg borg, líflegir útimarkaðir eru víða auk gómsætra sölubása með alls kyns matarkræsingum. Mér fannst merkilegt að skoða byggingar frá gamla Sovéttímanum í bland við nýjar lúxusvillur. Reyndar er umferðarmenningin svolítið sturluð þarna og gestir ættu alls ekki að keyra sjálfir. Þarna sér maður sjaldan bíla með báða hliðarspegla heila.“



FERÐALANGURINN Franz Gunnarsson gítarleikari hreifst mjög af Tíblisi í Georgíu.
MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

www.Facebook.com/zikzakkringlan Tískuhús Zik Zak 1. hæð Kringlunnar Sími: 551-1314

FORMAÐUR Már Guðmundsson, formaður Málarameistarafélagsins, hvetur fólk til að gera aðeins samninga við löggilta málarameistara enda veiti það tryggingu fyrir vel unnu verki. MYND/GVA

FAGFÓLK VEITIR MEIRA ÖRYGGI

MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ KYNNIR *Málarameistarar eru bjartsýnir á gott málningarsumar. Formaður Málarameistarafélagsins segir mikilvægt að fólk tryggi réttindi sín og geri aðeins samninga við löggilta málarameistara.*

Það er nóg að gera hjá flestum málarameisturum enda er orðinn skortur á faglærðum málurum í dag," segir Már Guðmundsson, formaður Málarameistarafélagsins. Hann segir það stafa af tvennu. „Í fyrsta lagi hafa fáir málarar snúið aftur frá útlöndum frá hruni og í öðru lagi vantar tilfinnanlega fleiri nema í iðnina," segir Már og hvetur ungt fólk til að læra málaraiðn.

MIKILVÆGT AÐ VELJA FAGFÓLK

„Tugir milljarða fara árlega í viðhald eigna hérlendis. Því er afar mikilvægt að standa rétt að öllum þáttum þegar ráðist er í viðhaldsframkvæmdir," segir Már og telur áríðandi að fólk gangi úr skugga um að málarar sem það ræður til verksins séu faglærðir. „Ég þekki til nokkurra tilvika þar sem ófaglærðir einstaklingar hafa látist vera málarameistarar, látið fólk greiða inn á verk en ekki staðið við sinn hluta samningsins," segir Már og brýnir fyrir fólki að það kanni bakgrunn málarans áður en gerður er samningur.

GÆÐASTIMPILL

Þeir málarameistarar sem eru í Málarameistarafélaginu bera ákveðinn gæðastimpil.

„Málarameistarafélagið er félag málarameistara sem hlotið hafa meistararéttindi og löggildingu í sínu fagi. Þeir hafa yfirgripsmikla reynslu og fagþekkingu í málun og viðhaldi eigna, bæði innanhúss og utan. Þeir búa yfir þekkingu á meðhöndlun flestra efna sem notuð eru í byggingariðnaðinum og verkþekking þeirra og reynsla skilar þeim árangri sem vænst er frá hendi viðskiptavina," segir Már.

ÖRYGGIÐ TRYGGT

Þeir einstaklingar og húsfélög sem gera skriflegan samning við málarameistara tryggja sér aðgengi að Ábyrgðarsjóði meistaradeildar Samtaka iðnaðarins (MSI).

„Ef verkkaupi telur vinnubrögð verktaka ekki í samræmi við væntingar getur hann skotið máli sínu til úrskurðarnefndar MSI," útskýrir Már og telur þetta mikilvægan þátt í því að tryggja fólki vel og faglega unnið verk.

Nánari upplýsingar um Málarameistarafélagið má nálgast á **www.malarar.is**

LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Draumastarfið í draumalandinu
Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi í vaxandi atvinnugrein.

INNRITUN STENDUR TIL 28. MAÍ

WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

SUMAR&BÖRN

MIÐVIKUDAGUR **27. MAÍ 2015**

Kynningarblað Leikir, uppskriftir, söfn, leikföng og skemmtun.

Roan-barnavagnarnir eru vandaðir og fallegir. Vinsælasti vagninn í Barninu Okkar heitir Kortina og samanstendur af vagn- og kerrustykki og skiptitösku og kostar aðeins 99.900 krónur.

Vöruúrvalið í Barninu Okkar er fjölbreytt og fæst þar meðal annars vandaður barnafatnaður fyrir yngstu börnin.

Hjónin Theodóra Elísabet Smáradóttir og Sigurður Jónsson opnuðu verslunina Barnið Okkar í desember síðastliðnum. Þar bjóða þau vandaðar og fallegar vörur frá þekktum framleiðendum auk eigin hönnunar.

MYNDIR/VILHELM

Ný verslun með vandaðar barnavörur

Verslunin Barnið Okkar var opnuð nýlega í Hlíðasmára 4 í Kópavogi. Hún er í eigu hjóna sem hafa það að markmiði að bjóða vandaðar, góðar og fallegar vörur sem uppfylla þær þarfir og kröfur sem þau telja að skipti mestu máli er kemur að börnunum okkar.

Barnið Okkar

Í versluninni Barnið Okkar má finna vandaðar og fallegar vörur fyrir börn. Verslunina reka hjón sem fyrir áhugann einn leiddust út í reksturinn þegar þau undirbjuggu komu sinnar eigin dóttur í heiminn. Fyrir eiga þau og reka fleiri fyrirtæki og búa að góðri reynslu og þekkingu er kemur að hönnun og framleiðslu, sem hefur verið þeirra aðalsvið síðan árið 2004 þegar þau hófu að hanna og framleiða vörur ætlaðar hundum undir merkinu Theo, sem seldar hafa verið víðs vegar um allan heim. „Þetta byrjaði með því að við vorum að leita að barnavagni hér heima fyrir um þremur árum þegar við áttum von á okkar fyrsta barni. Við fundum ekki það sem við vorum að leita að og fannst úrvalið hér ansi takmarkað svo við enduðum á að finna vagn í Þýskalandi sem uppfyllti kröfur okkar, fluttum hann með okkur heim og vorum svona rosalega ánægð," segir Theodóra Elísabet Smáradóttir, sem á Barnið Okkar ásamt Sigurði Jónssyni, manni sínum.

Roan-barnavagnar til Íslands

Þau höfðu samband við framleiðandann og fengu umboð fyrir Roan-barnavagna hér á landi. „Vagnarnir eru framleiddir í Evrópu af fjölskyldufyrirtæki sem hefur gert vagnana frá því 1970 og eru þeir þekktir víða erlendis. Við byrjuðum á að bjóða vagnana í gegnum netverslunina barnidokkar.is. Viðtökurnar voru góðar og fólk ánægt með að fá nýtt og vandað merki inn á íslenska markaðinn."

Verkefnið vatt upp á sig og opnuðu þau Theodóra og Sigurður verslunina Barnið Okkar í desember síðastliðnum í Hlíðasmára 4 í Kópavogi. „Það virðast allir geta fundið vagn við sitt hæfi hjá okkur þrátt fyrir ólíkar þarfir sem fólk vill að vagninn uppfylli. Vinsælasti vagninn heitir Kortina og er virkilega vandaður og fallegur vagn sem samanstendur af vagnstykki, kerrustykki og skiptitösku sem kostar allt saman 99.900 krónur og dugar fyrir barnið allan tímann sem það er í vagni og kerru. Fólk er mjög ánægt með að fá svona vandaðan og veglegan barnavagn á þetta góðu verði.

Við bjóðum einnig fleiri gerðir vagna ásamt því að fólki stendur til boða að hanna sinn eigin vagn sem hefur verið mjög skemmtilegt að fylgjast með, litavalið er yfirleitt í dökkum stíl okkar Íslendinga þótt sumir fari alla leið í litadýrðinni," útskýrir Theodóra.

Hanna eigin vörur út frá reynslu

Þar sem Theodóra hefur áralanga reynslu af hönnun og framleiðslu fór hana fljótlega að langa að hanna og framleiða sjálf barnavörur sem þau hjónin töldu að gera mætti betri eftir eigin reynslu á notkun svipaðra vara. Meðal þessara vara voru rimlahlíf í barnarúm, eða stuðkantur eins og það er oft kallað, sem ekki lekur stöðugt niður og brjóstagjafapúði sem er bakteríufráhrindandi. „Brjóstagjafapúðinn er hannaður út frá eigin reynslu. Við áttum brjóstagjafapúða þegar dóttir okkar var lítil og það angraði mig mikið hversu greiða leið ungbarnagubb og mjólk áttu í gegnum áklæðið og beinustu leið inn í fyllingu púðans þar sem allt safnaðist saman. Tilhugsunin um bakteríupartíið var að fara með mig. Það var auðvitað hægt að taka áklæðið af og þvo það en fyrir mér var það ekki nóg þar sem áklæðið blotnaði í gegn og kom því ekki í veg fyrir að vökvinn færi beinustu leið inn í fyllingu púðans. Frauðkúlurnar féllu fljótt saman svo púðinn hélt illa lögun og lak stöðugt undan barninu ásamt því að iskrið í frauðkúlunum var heldur ónotalegt. Brjóstagjafapúðinn okkar hleypir engum vökva í gegnum sig en nær samt að lofta vel um fyllinguna. Hann mótast vel, heldur lögun allan gjafatímann og er laus við iskur frá fyllingunni. Púðanum fylgir áklæði að eigin vali og bjóðum við upp á mjög fallegt áklæði í gráum lit sem sæmir sér vel í flestum sófum en sjálf hef ég aldrei skilið hvers vegna áklæðin eru yfirleitt marglit og skræpótt í stað hlýlegri lita sem passa vel við flesta sófa. Verð á púðanum með áklæði er 14.900 krónur."

Stuðkanturinn er einnig hannaður út frá reynslu þeirra hjóna. „Þetta var eitthvað sem okkur fannst vanta á markaðinn, kanturinn sem við áttum fyrir dóttur okkar var sífellt að leka niður og var til vandræða. Við hönnuðum því okkar eigin sem er sérstaklega þykkur og veglegur. Hann heldur lögun sinni vel og lekur ekki niður. Við notum sérstakt efni í innra byrðið sem veldur ekki ertingu og er því öruggt fyrir öndunarveg ungra barna ásamt því að vera bakteríufráhrindandi."

Vörurnar líka í netverslun

Vöruúrvalið í versluninni hefur verið aukið smátt og smátt og stefnan er að halda því áfram. „Auk alls þessa erum við að hanna og framleiða barnapeysur úr íslenskri ull og vönduð sængurverasett ásamt því að bjóða upp á sængur og kodda frá Dún og fiður. Við erum með fallegan og vandaðan barnafatnað fyrir yngstu börnin ásamt því að bjóða snuð og pela frá sænskum framleiðanda sem hefur framleitt vörurnar frá árinu 1940. Þetta eru góðar og traustar vörur enda Svíar þekktir fyrir örugga framleiðslu," segir Theodóra og brosir.

Hægt er að nálgast vörurnar í versluninni Barnið Okkar í Hlíðasmára 4 eða í netverslun **barnidokkar.is**

Stór og góður svefnpoki úr 100% ull sem hægt er að fá í stíl við barnavagnana. Verð frá 15.900 krónum.

Stuðkanturinn er hannaður og framleiddur af Theodóru og Sigurði og er hann þykkur og veglegur og lekur ekki niður. Sængurfötin eru einnig þeirra framleiðsla.

Bananaís er einfalt að útbúa og geta börnin jafnvel gert hann sjálf. Auk þess er hann ljúffengur á bragðið.

Mangóísinn er hollur og góður. Hægt er að breyta til og nota jarðarber í stað mangós.

Einfaldir og hollari eftirréttir

Hollur matur er mikilvægur börnum jafnt sem fullorðnum. Það er þó alltaf gaman að bregða út af venjunni og fá sér eitthvað gott. Eftirréttir og sælgæti þarf þó ekki að vera fullt af óhollustu heldur má nota hráefni eins og ávexti, kókos, döðlur og hnetur.

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir hefur undanfarin ár hugsað vel um heilsuna og hollt mataræði en hún er með síðuna Heilshugar á sínum snærum þar sem hún birtir uppskriftir, árangurssögur og fleira. „Við hjónin ákváðum fyrir nokkrum árum að taka til í mataræðinu og breyta algjörlega um lífsstíl. Áhrifin af lífsstílsbreytingunni á eldri dóttur okkar, sem er í dag sjö ára, eru augljós og hún hefur lært mikið af þessum breytingum og veit hvað er hollt og hvað óhollt. Við foreldrarnir erum fyrirmyndir barna okkar og við veljum það sem er til í skápunum. Ef þeir eru fullir af kexi og snakki þá er meira borðað af því," segir Guðrún.

Fjölskylda Guðrúnar er hrifin af mexíkóskum mat og uppáhaldið er mexíkóskt lasagna með nóg af heimatilbúnu guacamole og salsasósu en oftast elda þau kjúklingarétti og kjúklingasalöt. „Við búum á Spáni eins og stendur og þetta hefur verið svolítil barátta hér varðandi nesti í skólann. Mörg börn taka með sér brauð með súkkulaði í nesti sem við erum ekki alveg tilbúin að samþykkja en stelpunum þykir spennandi. Við sömdum að endingu um að föstudagar væru sérstakir dagar sem mætti taka með öðruvísi nesti."



Guðrúnu finnst skemmtilegt að gera alls kyns sætindi, enda mikið fyrir það. Nú notar hún hollari hráefni eins og möndlusmjör, hnetur, döðlur og fleira.

Hér gefur Guðrún nokkrar uppskriftir að eftirréttum í hollari kantinum og geta krakkarnir verið með í að útbúa þá. Fleiri góðar uppskriftir má finna á Heilshugar.com.

Banana- og jarðarberjaís

1-2 bananar
nokkur jarðarber
70% súkkulaði
kókosmjöl (ef vill), má líka nota muldar hnetur og möndlur eða eitthvað annað gotterí.

Það er gott að byrja á því að skella bönunum og jarðarberjum á pinna og frysta í eina til tvær klukkustundir og síðan velta þeim upp úr súkkulaði og kókosmjöli.

Súkkulaðimús

Uppskriftin er fyrir einn.
1/3 lárpera (avókadó)
4 mjólkurísmolar (eða ísköld mjólk en verður þykkara með mjólkurklaka – ég frysti mjólk í klakapokum).
3 tsk. hreint kakó (gott að byrja á 2 tsk. og bæta frekar í eftir smekk)
2-3 tsk. sætuefni, ég nota síróp. Má prófa sig áfram með Stevia-dropa, Xylitol eða annað sætuefni, byrjið smátt og bætið út í eftir þörfum.
nokkrir vanilludropar
salt á hnífsoddi

Allt sett í blandara og svo notið með bestu lyst.

Mangóís

Það er ótrúlega auðvelt að búa til þennan ís, eiginlega of einfalt!
½ mangó

Mangóið er hreinsað og sett í blandara. Maukað þar til mjúkt og þá hellt í staupglös og þau sett í frysti. Eftir um það bil korter er íspinnaprikum stungið ofan í glösin. Leyfið svo ísnum að frjósa.

Áhrifin af lífsstílsbreytingunni á eldri dóttur okkar eru augljós.

Súkkulaðimúsin er gómsæt og girnileg og er tilvalinn eftirréttur á helgarkvöldi.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Bryndís Hauksdóttir, s. 512 5434, bryndis@365.is **Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson.

Síaukið úrval þroskandi leikfanga

Samverustundir fjölskyldunnar eru dýrmætar og á sumrin njóta börn og foreldrar þess að fá meiri tíma saman, ekki síst utandyra. **IKEA** býður upp á úrval barnavara sem gera sumarið enn ánægjulegra.

Börnin eiga það til að apa eftir þeim fullorðnu og vilja gera eins og mamma og pabbi. Að sama skapi ættu þeir fullorðnu að leyfa sér að ganga aðeins aftur í barndóm, enda verður maður aldrei of gamall til að leika sér. „Leikurinn er auðvitað í fyrsta sæti hjá börnunum og við erum mjög stolt af sívaxandi úrvali okkar af leikföngum sem eru skemmtileg, en jafnframt þroskandi og stuðla að hreyfingu barnanna. Við eigum sippubönd, sandkassadót, sirkusáhöld, tjöld, rólu og fleiri leikföng sem gefa ímyndunaraflinu frítt spil og efla börn á öllum aldri," segir Auður Gunnarsdóttir, sölustjóri.

„Sumarhúsgögnin eru áberandi í versluninni núna og þar fá börnin líka sitt. RESÖ bekkurinn hefur verið vinsæll, enda á frábæru verði og börnin elska að eiga eigið sæti sem hentar þeirra hæð. BUNSÖ plaststólarnir eru skemmtileg barnaútgáfa af litríku IKEA PS VAGÖ stólunum sem henta hvort sem er inni eða úti," segir Auður. „Svo þola sum barnahúsgögnin okkar líka notkun utandyra, t.d. MAMMUT línan."

Auður segir samverustundir fjölskyldunnar á sumrin einkennast af annars vegar leik og hins vegar tilefnum til að njóta saman veitinga, hvort sem það er smurt nesti í lautarferðina eða stórveisla. „KALAS barnaborðbúnaðurinn er auðvitað ofboðslega vinsæll, og ég held að sú barnafjölskylda sé vandfundin sem ekki hefur haft KALAS á borðum. Svo er líka litríkur og skemmtilegur borðbúnaður í sumarlínunni sem ætti að falla í kramið hjá yngstu kynslóðinni; skálar, diskar, glös, sogrör og servíettur." Það ætti því að vera auðsótt mál að henda upp sumarlegri veislu hvar og hvenær sem er.

Auður segir IKEA bera mikla virðingu fyrir börnum og að þeirra hagsmunir séu hafðir í huga allt frá hönnun vörunnar. „Við leggjum metnað í úrvalið fyrir mikilvægasta fólkið og það er takmark okkar að sinna yngstu vinum okkar með sóma."

MAMMUT línan frá IKEA þolir notkun utandyra.

Sumarlínunni tilheyrir litríkur og skemmtilegur borðbúnaður sem ætti að falla í kramið hjá yngstu kynslóðinni.

KALAS barnaborðbúnaðurinn er afar vinsæll og vandfundin sú barnafjölskylda sem ekki hefur haft KALAS á borðum.

BUNSÖ plaststólarnir eru skemmtileg barnaútgáfa af litríku IKEA PS VAGÖ stólunum sem henta hvort sem er inni eða úti.

RESÖ bekkurinn hefur verið vinsæll, enda á frábæru verði og börnin elska að eiga eigið sæti sem hentar þeirra hæð.

Nokkur ráð við vanlíðan barna í bíl

Flökurleiki og uppköst eru leiðir ferðafélagar og getur bílveiki barna sett strik í reikninginn þegar fjölskyldan leggur upp í ferðalög í fríum. Ekki er ljóst af hverju sumir finna frekar fyrir bílveiki en aðrir en börn á aldrinum tveggja til tólf ára virðast vera viðkvæmur hópur.

Vanlíðan í bíl, höfuðverkur, flökurleiki og jafnvel uppköst eru afleiðing misvísandi boða frá skynfærum líkamans. Innra eyrað nemur hreyfingu en taugar í útlimum ekki og heldur ekki augun ef barnið situr lágt og sér ekki út um gluggann eða horfir á skjá eða bók.

Einkenni bílveiki geta einnig verið fölvi í andliti, svitamyndun, munnvatnsrennsli, svimi og kvíðatilfinningar.

Ekki er alveg ljóst af hverju sumir finna fyrir bílveiki en ekki aðrir en börn á aldrinum tveggja til tólf ára virðast vera viðkvæmari hópur.

Hvað er þá til ráða þegar fjölskyldan ætlar að ferðast á bíl í sumarfríinu?

- Draga má úr áhrifum misvísandi skynjunar. Reynið að hvetja barnið til að horfa út um gluggann frekar en einbeita sér að lestri, tölvuleikjum eða teiknimyndum á skjá.

- Ferðist á þeim tímum sem barnið er vant að sofa, til dæmis á kvöldin eða ef barnið er á þeim aldri að það leggur sig á daginn mætti miða ferðir við þann tíma dags.

- Skipuleggið vel máltíð fyrir ferðalög. Forðist stórar máltíðir rétt fyrir brottför og ekki ætti að gefa barninu fituríkan mat eða mikið kryddaðan mat rétt áður en lagt er af stað. Ef ferðin er tiltölulega stutt ætti jafnvel að sleppa því að borða áður. Barnið þarf þó að borða ef löng ferð er fram undan og þá er þurrt kex og vatnssopi góður kostur áður en lagt er af stað.

- Ferskt loft. Góð loftræsting í bílnum gæti hjálpað til við að halda bílveiki í skefjum. Passið einnig að engin sterk lykt sé í bílnum á leiðinni, til dæmis ilmvatnslykt eða matarlykt.

- Afþreying. Reynið að hafa ofan af fyrir barninu með því að spjalla við það, syngja eða hlusta á tónlist.

- Engifer getur dregið úr áhrifum ferðaveiki. Reyna má að tyggja engiferrót eða engifernammi í ferðinni. Piparmynta hefur einnig reynst vel.



Engifer hefur reynst vel við ferðaveiki. Prófið að tyggja engiferrót eða engifersælgæti í bílnum.

Þurrt kex stuttu fyrir brottför gæti dregið úr flökurleika í ferðinni.

Góð loftræsting í bílnum gæti hjálpað til við að halda bílveiki í skefjum.

- Ef barnið sýnir einkenni bílveiki ætti að stöðva bílinn eins fljótt og hægt er og leyfa barninu að hreyfa sig úti eða leggjast jafnvel á bakið með lokuð augun í nokkrar mínútur. Einnig mætti reyna að leggja kaldan klút á enni barnsins.

- Bílveikilyf. Ef bílveiki er vandamál ætti að ráðfæra sig við heimilislækni um önnur úrræði.

www.mayoclinic.org og www.doktor.is

Börn á aldrinum tveggja til tólf ára virðast vera viðkvæmur hópur í bíl. Reyna má að miða ferðalögin við þann tíma sem barnið sefur.

Lagt verður af stað frá gömlu rafstöðinni við Elliðaár fimmtudaginn 11. júní klukkan 19.

Pöddulíf í Elliðaárdal

Staðið verður fyrir skordýraskoðun í Elliðaárdal fimmtudaginn 11. júní. Ferðin er liður í samstarfi Háskóla Íslands og Ferðafélags Íslands um göngu- og hjólaferðir undir yfirskriftinni „Með fróðleik í fararnesti“ sem hófst á aldarafmælisári skólans árið 2011.

Yfirskrift ferðarinnar er Pöddulíf en hún er farin í samstarfi við Ferðafélag barnanna og eru börn sérstaklega velkomin í göngunna, sem tekur í allt um tvo tíma. Hrefna Sigurjónsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og Gísli Már Gíslason, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild skólans, munu fræða ferðalanga um heim skordýranna.

Allir sem mæta í gönguna eru hvattir til að koma með ílát og stækkunargler sem gerir ferðina að algjöru ævintýri. Skordýr eru enda fjölbreyttasti flokkur dýra á jörðinni og á Íslandi hefur skordýrum fjölgað undanfarin ár af ýmsum ástæðum.

Í ferðum „Með fróðleik í fararnesti“ blandast saman reynsla og þekking fararstjóra Ferðafélagsins og þekking kennara og vísindamanna háskólans í áhugaverðum ferðum um höfuðborgarsvæðið og næsta nágrenni þess. Ferðirnar verða níu talsins á árinu 2015 og tekur hver um tvær klukkustundir. Markmiðið með samstarfinu er að vekja áhuga almennings á fræðslu og hollri útivist og fjölga valkostum í þeim efnum. Um leið er vakin athygli og vonandi áhugi á fjölbreyttri starfsemi háskólans og Ferðafélagsins.

Þátttaka í ferðinni þann 11. júní er ókeypis að venju og allir eru velkomnir. Brottför er klukkan 19 frá gömlu rafstöðinni við Elliðaár.

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við **BORGUN**

BORGUN

HYBRID & FERÐAHJÓL

CUBE

þýsk gæði á góðu verði!

CUBE

WWW.TRI.IS

- Opnunartími @ TRI VERSLUN -

Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00

Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

SHIMANO SHIMANO

DIMMALIMM

Laugavegi 53b
Sími: 552-3737

Opið mán - föst frá 10-18
Laugardaga frá 10-17

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Fróðleg söfn fyrir börnin um allt land

Mikinn fjölda skemmtilegra safna og garða er að finna víða um land sem stíluð eru inn á börn og unglinga. Viðfangsefni þeirra eru afar fjölbreytt og má meðal annars nefna tröll, galdramenn, gömul leikföng og skrautlega steina.

Margir foreldrar þekkja hversu erfitt það getur verið að fá börn og unglinga til að heimsækja söfn á ferð um landið. Fjölmörg áhugaverð og skemmtileg söfn og garða er þó að finna um allt land og eru mörg þeirra sérstaklega stíluð inn á börn og unglinga. Þar má finna afar fjölbreyttan fróðleik og skemmtun sem sannarlega getur sett skemmtilegan svip á sumarleyfið.

Grýla og tröllin vaka yfir gestum í Fossatúni. Stilltir gestir fá að vera með á mynd.
MYND/MARKAÐSSTOFA VESTURLANDS

Leikfangasýning

Gömul leikföng eru til sýnis í Friðbjarnarhúsi á Akureyri. Upphaf sýningarinnar má rekja til leikfangasýningar sem opnuð var í húsinu árið 2010 en þar sýndi Guðbjörg Ringsted gömul leikföng sem hún hafði safnað markvisst í 22 ár. Foreldrar, afar og ömmur munu örugglega þekkja mörg leikfanganna á meðan yngstu börnin kynnast nýjum og vafalaust forvitnilegum leikföngum. Elsti gripur sýningarinnar er brúða með postulínshöfuð frá 1880-1890. Friðbjarnarhús inniheldur einnig nokkur rými þar sem börn geta leikið og litað. Sýningin er opin alla daga, frá 1. júní til 31. ágúst, milli kl. 13 og 17. Nánari upplýsingar má finna á www.visitakureyri.is.

Galdrasafnið

Ferðalangar hafa um fimmtán ára skeið fjölmennt á Galdrasafnið á Hólmavík. Þar geta gestir kynnt sér fjölbreyttan fróðleik um íslensk galdramál, ýmsa galdrakarla og -kerlingar og þjóðtrú sem tengist því viðfangsefni. Áhugasamir geta kynnt sér hvernig vekja á upp drauga og hvernig kveða eigi þá niður, sem er ekki síður nauðsynleg kunnátta. Gestir kynnast hvernig koma eigi sér upp nábrókum og læra þann góða eiginleika gera sig ósýnilegan. Safnið er opið alla daga vikunnar í sumar milli kl. 10-18 en frá kl. 12-18 tímabilið 16. ágúst til 31. ágúst. Nánari upplýsingar má finna á www.galdrasyning.is.

Tröllagarðurinn

Í Tröllagarðinum í Fossatúni, skammt frá Borgarnesi, eru tröllin í forgrunni eins og nafnið gefur til kynna. Gestir geta tekið þátt í Tröllaleikjum sem eru fjölskylduvæn skemmtun þar sem allir fjölskyldumeðlimir geta leikið sér saman. Spila má tröllagolf, tröllatennis, tröllatog, tröllaspark, tröllablak og tröllaparís svo nokkrir leikir séu nefndir. Víða um svæðið má skoða og kynnast betur ýmsum tröllum og ef vel er farið að þeim má örugglega taka myndir af þeim með yngstu kynslóðinni. Nánari upplýsingar má finna á www.fossatun.is.

Heimsókn í Steinasafn Petru á Stöðvarfirði er mikil upplifun.
MYND/VALLI

Skrímslasetrið

Skrímslasetrið á Bíldudal er fyrir hugrakka krakka og unglinga og jafnvel foreldra líka. Þar er haldið utan um margar af þeim skrímslasögum sem fylgt hafa þjóðinni í gegnum aldirnar og hrætt landsmenn á öllum aldri. Safnið inniheldur fróðleik um helstu skrímslategundir sem sést hafa hér á landi auk þess sem greint er frá viðureignum skrímsla og manna síðustu aldir. Umgjörð sýningarinnar er spennandi og skemmtileg og hefur vakið hrifningu gesta, ekki síst yngstu kynslóðarinnar. Safnið er opið daglega frá 15. maí til 10. september og þurfa börn yngri en tíu ára að vera í fylgd fullorðinna. Nánari upplýsingar má finna á www.skrimsli.is.

Steinasafn

Steinasafn Petru á Stöðvarfirði er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Safnið, sem er í einkaeigu, var sett á fót af Petru Sveinsdóttur sem safnaði steinum í fjöllunum við Stöðvarfjörð frá barnæsku og langt fram á efri aldursár. Í dag fyllir safnið og minjagripasalan húsið hennar Petru og garðinn sem einnig er orðinn hluti af safninu. Steinasafnið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna, jafnt innlendra og erlendra, enda stærsta steinasafn sinnar tegundar í Evrópu með þúsundir steina. Safnið er opið alla daga vikunnar, frá 1. maí til 30. september, milli kl. 9 og 18. Nánari upplýsingar má finna á www.steinapetra.is.

Á vefjum upplýsingamiðstöðva ferðamála um allt land má finna nánari upplýsingar um söfn og garða fyrir börn og unglinga.

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð
Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi
Karen Sævarsdóttir MBA markaðsfræði
Gunnlaugur A. Björnsson sölufulltrúi
Hjálmar Már Kristinsson sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!

Bárður Tryggvason Eigandi Sölufulltrúi 896 5221
Ingólfur Geir Gíssurarson Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg.fasteignasali 896 5222
Heiðar Friðjónsson Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356
Erlendur Daviðsson Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199
Margrét Sigurgeirsdóttir Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477

Heimir Bergmann sölufulltúi 630 9000
Pétur Steinar Jóhannsson Sölufulltrúi Snæfellsnes 893 4718
Garðar Kjartansson Sölufulltrúi 853 9779
Ellert Róbertsson Sölufulltrúi 893 4477
G. Andri Guðlaugsson Lögfræðingur Sölufulltrúi 662 2705

FÉLAG FASTEIGNASALA
VALHÖLL FASTEIGNASALA
20 ára VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is

Fallegt raðhús í Víðihlíð

Híbýli fasteignasala Kringlunni-Stóra turni, s. 585-8800 kynnir: Afar glæsileg eign í raðhúsi með innbyggðum bílskúr. Eignin er á tveimur hæðum en húsið er tvíbýli. Húsið er samtals 308,9 fm að gólffleti. Opið hús í dag milli kl. 17.30 og 18.15 að Víðihlíð 30.

Opið hús verður í Víðihlíð 30 í dag.

Á neðri hæð er forstofa með flísum á gólfi. Gestasalerni þar inn af. Rúmgott svefnherbergi við anddyri. Eldhúsið hefur nýlega verið endurnýjað, innrétting með granítborðplötu og flísar á gólfi. Stigi á aðra hæð en þar er hol sem hægt er að nýta sem borðstofu, parket á gólfi. Gengið niður tvö þrep í rúmgóða stofu með flísum á gólfi. Þaðan er útgengt á afar skjólgóða verönd.

Björt, tvískipt og glæsileg stofa í suðurhluta hússins, útgengt á svalir með bogadregnum hurðum. Fallegt útsýni. Inn af eldhúsi er þvottahús sem hefur nýlega verið endurnýjað. Útgengi á verönd og innangengt í innbyggðan bílskúr. Gott geymslurými.

Á efri hæð er rúmgóð sjónvarpsstofa. Fjögur svefnherbergi, þrjú rúmgóð og eitt minna. Góðir fataskápar í hjónaherbergi. Rúmgott baðherbergi með flísum á gólfi og veggjum. Baðkar og sturtuklefi. Eikarparket í herbergjum. Viðarklædd loft. Frábær staðsetning á rólegum stað, fallegar gönguleiðir í nágrenninu.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Híbýla í síma 585-8800 eða hibyli@hibyli.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Leirvogstunga 15 - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsilegt og mikið endurnýjað 406,7 m2 einbýlishús með stórum bílskúr á 1.261,2 m2 eignarlóð við Leirvogstungu 15 í Mosfellsbæ.Um er ræða glæsilegt tveggja hæða einbýlishús sem bíður upp á mikla möguleika, vegna aukaíbúðar eða til að þjóna stórri fjölskyldu. Sjón er sögu ríkari. **V. 69,5 m.**

Þrastarhöfði 29 - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsilegt 252,3 m2 einbýlishús á tveimur hæðum. Á jarðhæð er rúmgóð forstofa, stór stofa/borðstofa, eldhús, þvottahús, þrjú svefnherb., tvö baðherb., geymsla og tvöfaldur bílskúr. Á efri hæðinni er stór setustofa með gasarni og sjónvarpsholi(auðvelt að breyta í svefnherb.). Mikið útsýni er frá efri hæðinni. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Lóðin er mjög falleg, steypt bílaplan og stórar verandir með skjóveggjum. **V. 79,9 m..**

Akurholt 12 -270 Mosfellsbær

192,4 m2 einbýlishús með tvöföldum bílskúr í einstaklega skjólgóðu og grónu hverfi. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, stóra stofu/borðstofu, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús og geymslu. Stór garður og gott bílaplan.

V. 49,9 m.

Bergrúnargata 5 - 270 Mos.

Tvær íbúðir í þríbýlishúsi við Bergrúnargötu 5 í Mosfellsbæ. 266,9 m2 íbúð sem er búið að breyta í tvær íbúðir . Aðkoma í íbúð á efri hæð hússins að austanverðu en að vestanverðu er gengið inn á jarðhæðina. Eignin er ekki fullbúin en að mestu íbúðarhæf.
V. 48,9 m.

Lindarbyggð 1 - 270 Mos.

Fallegt 129,2 m2 parhús á einni hæð ásamt 22 m2 bílskýli sem lokað hefur verið af, við Lindarbyggð 1. Eignin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús, borðstofu, stofu og sólstofu. Búið er að loka bílskýli og gera herbergi úr því. Falleg aðkoma er að húsinu, hellulagt bílaplan með hitalögnum og afgirtur garður í suðvestur. **V. 46,9 m.**

Glitvellir 7 - 221 Hafj.

Mjög glæsilegt 215,8 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Glitvelli 7 í Hafnarfirði. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús/geymslu, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Flottar innréttingar og gólfefni. **V. 55,9 m.**

Urðarholt 5, íbúð 202 - 270 Mosfellsbær

Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:30 til 18:00

Falleg og vel skipulögð 91 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Urðarholt 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofuhol, baðherbergi, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara.Íbúðin er staðsett við miðbæ Mosfellsbæjar og því stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla.
V. 28,7 m.

Kvíslartunga 47 og 49 - 270 Mosfellsbær

Opið hús fimmtudaginn 28. maí frá kl. 17:30 til 18:00

Tvö 181,5 m2 parhús á einni hæð, tilbúin til innréttinga, við Kvíslartungu 47-49 í Mosfellsbæ. Birt stærð hvorrar eignar eru 181,5 m2, þar af er íbúð 140,7 m2 og sambyggður bílskúr 40,8 m2. Eignin afhendist tilbúinn til innréttinga **V. 39,5 m.**

Tröllakór 2-4, íbúð 404 - 203 Kópavogur

Opið hús föstudaginn 29. maí frá kl. 17:00 til 17:30


Löggiltur málari getur bætt við sig verkefnum. Þakmálun, úti og inni málning. S. 693 2625

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaða fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Smiður getur bætt við sig verkefnum. S. 864 5920

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

Hreinsa þakrennur, laga rið á þökumog tek að mér ýmis verkefni. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

Nú getur þú útbúið sálmaskrá á heimasíðu okkar www.samskipti.is eða látið okkur gera hana fyrir þig. S: 5807820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN

Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe 4, Butt plugs, 50 Shades of Grey vörur, ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu, netgíró og greiðslukortum www.hush.is

HEILSA

Nudd

HEILSU OG SLÖKUNARNUDD

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 10-20. S. 855 3199

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

SIGLINGANÁMSKEIÐ

Lærðu að sigla seglskútu, kænu eða kjölbát. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Sjá nánar inn á www.brokey.is

Flug

EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 1. JÚNÍ, SKELLTU ÞÉR Á NÁMSKEIÐ!

Láttu drauminn rætast!. Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni (hefst í sept). Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Einnig helgarnámskeið fyrir 14 - 16 ára. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!

Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031

ATVINNA

AÞ-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.
Gerðar eru kröfur um bílpróf
og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á
bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna“

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU GLÆSILEGT 250 M2 SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í HAFNARFIRÐI.
Stórt opið rými, tvær sér skrifstofur, fundarherbergi og kaffistofa. Getur leigst með húsgögnum. Möguleiki á viðbótarrými á sömu hæð. Laust 1. júlí eða fyrr. Hagstætt leiguverð.
Upplýsingar í síma 898 7820 og á www.leiga.webs.com

TIL LEIGU OG SÖLU
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

TIL LEIGU Í AUÐBREKKU - MEÐ INNKEYRSLUDYRUM
318 fm hæð með innkeyrsludyrum. 350 þús. 97,9 fm bílskúr. 130 þús. Uppl. í síma 897 9743

HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

RESTO

Vinsæll veitingastaður í miðbænum auglýsir eftir frábæru starfsfólki! Við auglýsum eftir góðu fólki í sal, aðstoðamanneskju í eldhúsið og síðast en ekki síst góðum kokki. Uppl. veitir Jóhann Helgi í s. 546-9550

MÁLARAR ATHUGIÐ!
Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf.
Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: „málari"

HEGGUR innréttingar

INNRÉTTINGAVERKSTÆÐI
Óskum eftir vönum smið á innréttingaverkstæði Einnig vantar okkur áhugasaman nema á verkstæði Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent upplýsingar á: heggurehf@gmail.com

HELLULAGNINGA - OG PALLASMÍÐAPJÓNUSTAN
iHagar ehf óskar eftir metnaðarfullu fólki til starfa. Fjölbreytt og skemmtilegt starf sem krefst að viðkomandi sé líkamlega hraustur, heiðarlegur og með reynslu við hellulagnir og/eða smíðavinnu

Áhugasamir geta haft samband á ihagar@ihagar.is eða í síma 692 3212 - Arnór Hauksson

Óskum eftir smiðum eða mönnum vönum smíðavinnu. Uppl. í s. 615 2500

Vantar vélstjóra á farþegabát með 300kw vél. Uppl. í s. 865 6832

SAFT Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SÉR UM DAGLEGAN REKSTUR Jón Georg er stjórnarformaður Ice-co en daglegur rekstur er í höndum eiginkonu hans, Hilmu Sveinsdóttur. Þau fluttu til Sviss árið 1993.

á bíl og keyrt á markað í Evrópu en við erum háð flugi.“ Jón Georg segir samgöngurnar frá Íslandi til Ameríku líka vera takmarkandi á þann hátt að það sé ekki nóg flug.

Unnið verði að stefnumörkun

Jón Georg segir bráðnauðsynlegt að Íslendingar vinni að stefnumörkun varðandi útflutning matvæla. Útflutningstekjur af matvælum voru 46 prósent af vöruútflutningi í fyrra. „En það er ekki til samræmd stefnumörkun fyrir útflutning á matvælum. Það er til fyrir ferðamennsku, það er til fyrir nýtingu hafsins en það er ekki til fyrir það hvernig við markaðssetjum matvæli,“ segir Jón Georg. Hann bendir á að Norðmenn hafi gert stefnumörkun fyrir laxeldi fyrir áratugum síðan og það hefur verið stór þáttur í því hversu frábærum árangri þeir hafi náð. „Mér finnst mjög mikilvægt að við klárum stefnumótun fyrir matarlandið Ísland sem Íslandsstofa og fleiri eru að vinna að. Lykilatriði í þeirri stefnumörkun er að við keppum á gæðum. Við getum ekki keppt á verði. Til þess eru innviðir ekki til staðar og fyrirtæki of lítil,“ segir hann. Það myndi hjálpa ef allir væru sammála um þetta atriði. Hann tekur þó skýrt fram að það að keppa á gæðum sé meira en að segja það. Það þurfi að vinna að því hörðum höndum.

„Spurningin er bara hvað við höfum til að keppa á gæðum, hver er okkar sérstaða? Við höfum eitt sem enginn annar getur tekið frá okkur. Það er orðið „Iceland“,“ segir Jón Georg. Hann segir „vörumerkið“ Ísland hafa gríðarlega mikla þýðingu og vekja jákvæð hughrif alls staðar þar sem það er þekkt. „Ég veit ekki hversu mikla þýðingu það hefur í Kína eða Japan þar sem menn gera tæplega greinarmun á Íslandi og Noregi. En í öllum vestrænum heimi, okkar stærstu markaðssvæðum,“ segir Jón Georg. Hann segir vörumerkið Ísland nýtast vel til þess að komast í samstarf erlendis og kynna vöruna. En síðan verði að leggja rækt við þau tengsl sem myndast og aldrei gefa afslátt af gæðum.

Hvernig gengur að markaðssetja skyr?

„Það er búið að vera að markaðssetja skyrið á Norðurlöndunum og það hefur gengið mjög vel,“ segir Jón Georg. Hann segir að Sviss sé fyrsta landið utan Norðurlandanna sem selji það. „Það er selt í 250 verslunum, í tveimur stórmarkaðakeðjum. Sú mikla vinna og kostnaður sem farið hefur í markaðssetninguna hefur skilað sér í því að salan hefur verið vel umfram áætlun. En við erum rétt að stíga fyrstu skrefin. Áttatíu prósent af nýjum vörum sem koma inn í þessa stórmarkaði detta út aftur þegar nýjabrumið fer af. Þannig að við spyrjum að leikslokum eftir fimm ár. Þess vegna þurfum við að halda vel á spöðunum,“ segir Jón Georg en ítrekar að hlutir eins og yfirvofandi verkfall geti gert þessar sem og aðrar áætlanir um útflutning á íslenskum matvælum að engu.

RÁÐSTEFNA

Fimmtudaginn 28. maí
kl. 15-18 í Arion banka
Borgartúni 19.

Það er ekki allt mælt í peningum!

Ísland er í 4. sæti í samkeppnishæfni - náum við að halda því?

2015 Social Progress Index* - Niðurstöður fyrir Ísland



Social Progress Index. Background and structure. Findings for Iceland. Recommendations.
Michael Green, ritstjóri og forstöðumaður Social Progress Imperative á heimsvísu

Hvað er SPI að segja okkur?
Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands

Saman látum við góða hluti gerast
Rakel Óttarsdóttir, framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs Arion banka

Kaffihlé

Ávarp
Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands

Bein erlend fjárfesting. Skiptir SPI máli?
Sigurður Páll Hauksson, forstjóri Deloitte

Samfélagsábyrgð hjá Össuri
Sigurborg Arnarsdóttir, fjárfestatengill hjá Össuri hf.

Pallborðsumræður

Lokaorð
Hákon Gunnarsson, framkvæmdastjóri Gekon - samstarfsaðili SPI á Íslandi

Fundarstjóri
Ketill Berg Magnússon, framkvæmdastjóri Festu

Aðgangur ókeypis - Skráning á gekon@gekon.is

*Social Progress Index er vísitala sem mælir samanburð á samfélagslegum innviðum í 133 löndum þar sem 94% mannkyns býr.

SOCIAL PROGRESS IMPERATIVE

GEKON

Arion banki

Deloitte.



FJÖLSKYLDUMAÐUR Tómas Þór og eiginkona hans eiga fjögur börn.

Finnst skemmtilegast í utanvegahlaupum

Nýr framkvæmdastjóri Codlands er alinn upp í Grindavík og þekkir vel til í sjávarútvegi. Hann á stóra fjölskyldu en jafnframt mörg áhugamál. Hann stefnir á að taka þátt í WOW Cyclothon í sumar.

Tómas Þór Eiríksson tekur við starfi framkvæmdastjóra Codland í byrjun júní. Hann hefur verið sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf hjá Virðingu síðastliðið ár og hefur víðtæka reynslu og menntun á sviði stjórnunar.

„Þetta var mjög hraður aðdragandi, mér leist mjög vel á fyrirtækið og þá hugmyndafræði sem verið er að vinna eftir," segir Tómas Þór þegar hann er spurður út í aðdragandann að ráðningu hans. Erla Pétursdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri Codlands, mun taka við starfi gæða- og þróunarstjóra Vísis.

Tómas Þór er alinn upp í Grindavík og þekkir vel til starfa í sjávarútvegi. „Ég byrjaði ellefu ára að rífa upp úr fiskikörum. Ég hef prófað flestar stöður í sjávarútvegi nema að fara á skrifstofuna," segir Tómas sem hefur unnið á netabát, ísfisksbát og frystitogara.

Tómas Þór segir að það sé stefna Codlands að auka nýtingu á þorski. Margir aðilar séu að vinna mjög spennandi starf. „Við viljum vinna að því áfram, bæði sjálf og með öðrum, að auka verðmætin. Við höfum komist lengst með það að vinna kollagen úr roðinu og slógverksmiðju á Reykjanesi," segir Tómas Þór.

Tómas Þór á stóra fjölskyldu sem hann segir að taki mestan tíma sinn utan vinnunnar. En hann á líka fjölmörg áhugamál. „Ég er mikið í því að hreyfa mig," segir hann og bætir því við að hann hlaupi mikið. „Núna hef ég aðeins verið að prófa mig áfram í hjólreiðunum og er að fara með vinum og kunningjum hringinn í kringum landið í WOW cyclothon," bætir hann við. Hann segir að það hafi verið rætt að fá nokkra Spánverja með í liðið. „Þeir komust því miður ekki þetta árið, en þeir eru búnir að lofa næsta," segir Tómas og bendir jafnframt á að Spánverjar séu miklir hjólamenn.

Tómas hljóp hálfmaraþon þegar hann bjó í Barcelona og var í námi þar. „Mér hefur fundist skemmtilegast hér heima í utanvegahlaupum, til dæmis þegar ég hljóp Laugaveginn eða Jökulsárhlaupið," segir hann.

Eiginkona Tómasar heitir Sonja Björk Elíasdóttir og eiga þau fjögur börn á aldrinum 5 til 21 árs. „Við eigum stelpu sem er nýorðin fimm ára og strák sem er að verða átta ára núna í júní. Síðan eigum við stelpu sem lést árið 2011 og hún var tólf ára þá. Og við eigum eina sem er að útskrifast úr Verzló og er 21 árs," segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

KEPPNISMAÐUR OG HELDUR MEÐ MANCHESTER

Tómas Þór er mjög ákveðinn og fylginn sér. Hann er mikill keppnismaður, finnst ekkert gaman að tapa. Ég held að það henti honum vel í starfi að hafa sterkar skoðanir á því sem hann hefur trú á og fylgja því fast á eftir. Hann er mikill hlaupari og hjólari. Þar kemur keppnisskapið. Maður fær aldrei að vera á undan honum. Hann dregur mann alltaf á eftir sér, alveg sama hvað maður reynir. Hann á það til að vera pínu þrjóskur og svo getur hann verið svolítið utan við sig.

Gunnlaugur Eiríksson, bróðir Tómasar Þórs

Tómas Þór er skemmtilegur og klár strákur sem gott er að vinna með. Góður íþróttamaður hvort sem er hlaup, hjól eða fótbolti. Mikill fjölskyldumaður en alltaf til í að skemmta sér með vinum. Hans mesti kostur er þó að hann er harður stuðningsmaður Manchester United og aðdáandi Cristiano Ronaldo. Það versta við hann er hvað það er erfitt að halda í við hann þegar við förum að hjóla saman. Svo þyrfti hann að hætta að styðja Grindavík í körfunni og fara að halda með Njarðvík!

Bjarki Logason, sérfræðingur hjá Virðingu

> **Ég byrjaði ellefu ára að rífa upp úr fiskikörum. Ég hef prófað flestar stöður í sjávarútvegi nema að fara á skrifstofuna.**

Eitt mikilvægasta framlagið til hagfræði

Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði segir að jafnvægiskenning Johns Nash sé jafn mikilvægt framlag til félagsvísinda og uppgötvunin á DNA var fyrir líftæknivísindi. Nash glímdi við alvarlegan geðklofa.

Einn kunnasti hugsuður samtímans, John Forbes Nash, lét lífið um helgina. Hann og eiginkona hans, Alicia, voru farþegar í leigubíl og mun leigubílstjórinn hafa misst stjórn á bifreiðinni og ekið á. Nash var lærður stærðfræðingur. Hann hlaut Nóbelsverðlaun í hagfræði árið 1994 fyrir jafnvægiskenningu sína og Abelverðlaunin í stærðfræði fyrir einungis örfáum dögum.

Nash lauk doktorsverkefni sínu við Princeton-háskóla þegar hann var einungis 21 árs. Grunninn að leikjafræði Nash byggði hann á kenningum Johns von Neumann. Leikjafræðin varð síðar einn af hornsteinum hagfræðinnar og raunar þekkt í sálfræði og fleiri félagsvísindagreinum.

Financial Times segir að eftir að Nash setti kenningu sína fram hafi hagfræðingar hætt að setja fram líkön þar sem gert er ráð fyrir að fullkomin samkeppni ríki á markaði og byrjað að teikna líkön þar sem sérhver aðili þarf að taka tillit til samkeppnisaðilanna.

Roger Myerson, sem sjálfur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, segir að jafnvægiskenning Nash hafi verið jafn mikilvæg fyrir félagsvísindin og uppgötvun James Watson og Francis Crick á DNA var fyrir líftæknivísindin. „Þetta var eitt mikilvægasta framlag í sögu hagfræðinnar," hefur Financial Times eftir Myerson.

VERÐLAUNAHAFI Stærðfræðingurinn John Nash tók við Abelverðlaununum í Ósló þann 19. maí síðastliðinn. Hann og eiginkona hans létust í bílslysi á laugardaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Nash var fæddur þann 13. júní 1928 í Bluefield í Vestur-Virginíu. Eftir að hann lauk doktorsgráðu sinni hóf hann störf hjá Massachusetts Institute of Technology (MIT). Þar hitti hann Aliciu frá El Salvador, með þeim tókust ástir og þau giftu sig. Þegar Nash greindist svo með geðklofa árið 1959 varð Alicia hans helsta stoð í lífinu. Ofsóknaræði og ranghugmyndir sóttu sífellt meira á hann og lagðist hann ítrekað á spítala. Hann hætti að vinna og hegðun hans varð æ skringilegri.

Vegna veikinda urðu samskipti þeirra hjóna urðu erfiðari og þau skildu árið 1963 en tóku saman aftur.

jonhakon@frettabladid.is

Lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík ber saman skattkerfi á Norðurlöndum á vinnumarkaði og rannsakar áhrif ólíkra skattkerfa á atvinnu og vinnuframboð:

Axel Hall ver doktorsritgerð um skatta og atvinnu

Skattar og atvinna á Norðurlöndunum er yfirskrift doktorsritgerðar Axels Hall. Hann ver ritgerðina í Hátíðarsal Háskóla Íslands á þriðjudag í næstu viku.

Í tilkynningu um doktorsvörnina segir að skattar séu á hverjum tíma eitt af umdeildustu og viðkvæmustu viðfangsefnum á vettvangi stjórnmála. Fjármögnun hins opinbera og endurdreifing tekna sé stjórnmálalegt viðfangsefni sem byggi á gildismati og skoðunum sem skorið er úr um í kosningum í lýðræðisríkjum. Norðurlöndin skipa sér í hóp þjóða sem er ólíkur flestum öðrum þegar litið er til umfangs endurdreifingar tekna og skattlagningu.

Í rannsókn Axels er því haldið fram að á Norðurlöndum hafi tekist betur að feta einstigið á milli skilvirkni og jafnaðar með gildismati, sköttum og útgjöldum hins opinbera sem stuðlar að meiri vinnuaflsþátttöku en ella. Markmið ritgerðarinnar er að bera saman skattkerfi á Norðurlöndum á vinnumarkaði og í kjölfarið að rannsaka áhrif ólíkra skattkerfa á atvinnu og vinnuframboð. Það hvernig aðferðir við skattlagningu vinnuafls hafi áhrif á vinnumarkað sé eitt af því sem hafi reynst hvati þessarar rannsóknar.

Axel Hall er lektor við Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann lauk B.Sc.-gráðu í hagfræði við Háskóla Íslands árið 1994. Hann lauk svo meistaragráðu í stærðfræðilegri hagfræði og hagrannsóknum við London School of Economics árið 1995. Hann var sérfræðingur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands á árunum 1996-2006 og var stundakennari við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands á sama tíma. Árið 2006 hóf Axel störf við Háskólann í Reykjavík.

- jhh

SKRIFAÐI UM SKATTA Axel Hall hagfræðingur ver doktorsritgerð sína í næstu viku.

Ný útgáfa af leiðbeiningum:

Verkfæri fyrir stjórnendur

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hafa að nýju gefið út sameiginlega leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

FROSTI ÓLAFSSON

Fyrsta útgáfa leiðbeininganna kom út árið 2004 og hafa þær verið endurskoðaðar.

Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti er ætlað að nýtast sem verkfæri stjórna og stjórnenda til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Það er jafnframt mat útgáfuaðila að með því að fylgja góðum stjórnarháttum megi styrkja innviði fyrirtækja og efla almennt traust gagnvart viðskiptalífinu. Hvort tveggja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

- jhh

Startup Iceland hefst í dag:

Ráðherra flytur erindi

Ráðstefnan Startup Iceland hefst í dag og fer fram í Hörpu. Bala Kamallakharan, stofnandi Startup Iceland, býður fólk velkomið klukkan hálfníu en Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun svo halda opnunarerindi.

Á eftir Ragnheiði Elínu stígur Robert C. Barber í pontu. Aðalfyrirlesari dagsins er aftur á móti Ingrid Vanderveldt. Vandervelt er meðal annars stofnandi hreyfingarinnar EBW2020, sem stendur fyrir Empowering a Billion Women by 2020.

- jhh

Pro Talent Ráðgjöf tekur til starfa:

Veitir ráðgjöf um mannauð

Hanna Guðlaugsdóttir, sérfræðingur í mannauðsmálum, hefur stofnað fyrirtækið Pro Talent Ráðgjöf. Fyrirtækið sérhæfir sig í innleiðingu á stefnu í mannauðsmálum, greiningu á helstu mannauðsferlum, mælingum á mannauðsvirkni, fræðslu og þarfagreiningu auk stuðnings við stjórnenda- og starfsmannaheildir.

Hanna segir að fyrirtæki sjái aukinn hag í því að útvista mannauðsmál sínum. „Ávinningur af kostnaði við útvistun er ekki lengi að borga sig við aukinn tíma þeirra til tekjuöflunar," segir Hanna.

- jhh

Aðilar vinnumarkaðarins geta barið höfðinu við stein:

Einn lokadans við verðbólguna

Hringrás launahækkana og verðbólgu verður alltaf vandamál meðan launafólk fær greitt í gjaldmiðli sem sveiflast með vísitölu neysluverðs.

Staðan á vinnumarkaði er sú erfiðasta í rúmlega aldarfjórðung og áhrifa verkfalla gætir víða í samfélaginu. Mörg stéttarfélög halda til streitu 50-70 prósenta launahækkunum þótt allir viti að kaupmáttaraukningin sem fylgir slíkum hækkunum muni hverfa í verðbólgu. Á tímabilinu 1980-1990 hækkuðu laun um 1.450 prósent samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar, en kaupmáttur launa dróst saman um 14 prósent á sama tíma. Launahækkanir keyrðu upp verðlag og kaupmátturinn brann inni í verðbólgu þess tíma.

Markaðshornið
Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

Staðan á vinnumarkaði er sú erfiðasta í rúmlega aldarfjórðung.

„Ég skil ekki hvaða hagsmuni er verið að verja," sagði Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, á fundi í Svörtuloftum hinn 13. maí við kynningu á vaxtaákvörðun peningastefnunefndar. Þórarinn vísaði þar til krafna um 50 prósenta hækkun launa. Atvinnurekendur myndu bara hagræða í rekstri sínum til að standa straum af slíkum hækkunum. Það myndi leiða til uppsagna og það starfsfólk sem fyrst myndi missa vinnuna væri það sem ætti minnsta hlutdeild í hagnaði, oft og tíðum starfsmenn með minni menntun og lægri laun.

Framleiðni er lítil á Íslandi í samanburði við önnur OECD-ríki. Íslendingar framleiða einungis tæplega 37 dali á hverja vinnustund og eru á pari við Ítali en Norðmenn framleiða mest allra eða 63 dali á vinnustund. Framleiðni á Íslandi hefur á undanförnum áratugum verið langt undir meðaltali helstu viðskiptalanda Íslands. Er eðlilegt að launahækkanir séu á skjön við framleiðni í hagkerfinu, eða réttara sagt framleiðnileysi?

Samtök atvinnulífsins hafa boðið 23,5 prósenta launahækkanir samtals yfir þriggja ára tímabil. Seðlabankinn telur að SA sé að teygja sig óþægilega langt með slíku boði jafnvel þótt það sé ekki nærri því nógu gott fyrir viðsemjendurna.

Hagfræðingur VR telur að áhrif launahækkana á verðbólgu séu stórlega ofmetin og birti lærða grein um það á vefsíðu VR. Aðilar vinnumarkaðarins geta auðvitað barið höfðinu við stein, sleppt því að draga lærdóm af sögunni, gert eina tilraun enn og hækkað laun um meira en 23,5%. Samtök atvinnulífsins geta tekið meðvitaða ákvörðun um að keyra upp verðbólgu að því gefnu að ríkisstjórnin haldi áfram að skila auðu í málinu. Menn gætu litið á þetta sem samfélagstilraun og prófraun á kenningu VR um ofmat áhrifa launahækkana á verðbólgu.

Kjarni málsins er sá að þessi grein væri ekki skrifuð og þetta samtal væri ekki að eiga sér stað í samfélaginu ef launafólk fengi laun í gjaldmiðli sem sveiflaðist ekki með vísitölu neysluverðs. Þá væri kannski hægt að semja um raunverulegar hagsbætur til þeirra. Ákveðnir stjórnmálamenn bentu á, meðan þeir höfðu enn lífsþróttinn, að baráttan fyrir stöðugum gjaldmiðli væri stærsta stéttabarátta á Íslandi frá því vistarbandið var afnumið með lögum árið 1894. Það er nokkuð til í því. En þetta er stéttabarátta sem enginn hefur áhuga á í augnablikinu.

Það verður kannski lærdómur samfélagstilraunarinnar sem ég nefndi hér framar, aldarfjórðungi eftir þjóðarsátt, að platpeningarnir sem launafólk fær launin sín greidd í henta bara atvinnurekendum en ekki launafólki.

Andrzej Duda sest í stól forseta í Póllandi

SIGRI HRÓSANDI Andrzej Duda, forsetaframbjóðandi í Póllandi, fagnaði rækilega um helgina þegar útgönguspár í seinni umferð forsetakosninganna í Póllandi voru kunngjörðar. Duda hafði betur gegn forsetanum Bronislaw Komorowski í kosningunum. Sigur hans var staðfestur á mánudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Til forystu fallin(n)?

Skoðun

Páll Harðarson
forstjóri Nasdaq á Íslandi

Ásýnd stjórna stærri fyrirtækja hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár. Í lok árs 2014 skipuðu konur um þriðjung stjórnarsæta í fyrirtækjum með 50 starfsmenn og fleiri. Sambærilegt hlutfall var um 15 prósent árið 2008. Þetta eru einmitt þau fyrirtæki sem ákvæði laga um kynjakvóta í stjórnum ná til. Ekki eru allir sammála um að lagasetningar hafi verið þörf, en stuðningur við þá leið hefur þó aukist verulega frá því fyrir nokkrum árum. Sumir töldu rétt að bíða og að samfélagsbreytingar yrðu til þess að konum fjölgaði í stjórnum án utanaðkomandi afskipta. Öðrum fannst vegið að verðleikum kvenna með lagasetningu. Konur með viðeigandi menntun og reynslu væru að skila sér í auknum mæli út í samfélagið og sóst yrði eftir hæfasta fólkinu til stjórnarsetu. Konur þyrftu enga „hækju" sér til stuðnings fremur en karlar. Þetta væri eingöngu spurning um hugarfarsbreytingu sem ætti sér stað með aukinni vitund og umræðu.

Hugarfarsbreyting mun vafalaust eiga sér stað en hún getur tekið langan tíma. Ekkert land hefur efni á því að bíða með að virkja besta fólkið sitt til starfa. Þróun undanfarinna ára, hérlendis og erlendis, bendir til að lagasetningin hafi verið heillaspor. Hér á landi skipuðu konur einungis um tíunda hvert stjórnarsæti í skráðum fyrirtækjum á markaði árið 2008. Hlutfall kvenna í stjórnum skráðra fyrirtækja er nú um 45 prósent, það hæsta á heimsvísu. Í öðrum löndum Evrópu hefur þetta hlutfall aftur á móti hækkað afar hægt, eða um 1 prósentustig á ári undanfarinn áratug, og er nú um fimmtungur. Mestar breytingar hafa orðið í þeim löndum sem beitt hafa laga- eða reglusetningu, en einnig hefur orðið verulegur ávinningur af markvissu inngripi viðskiptalífsins sjálfs, s.s. í formi ákvæða í stjórnarháttaleiðbeiningum. Þar sem hvorugu er til að dreifa hafa ekki orðið neinar breytingar. Hér á landi má segja að bæði úrræðin hafi verið nýtt en á árinu 2009 gerðu FKA, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands með sér samning um að fjölga konum í forystusveit íslensks atvinnulífs.

Þrátt fyrir að sæmilega hafi gengið að jafna kynjahlutföll í stjórnum stærri fyrirtækja erum við þó varla komin nema hálfa leið, eða tæplega í átt að stefndu marki, í að virkja bæði kynin til forystu í sama mæli. Litlar breytingar hafa orðið á hlutdeild kvenna í stjórnum smærri fyrirtækja. Hún er nú um fjórðungur eða nánast óbreytt frá árinu 2008. Nærri átta af hverjum tíu forstjórum íslenskra fyrirtækja eru karlar. Meðal fyrirtækja á hlutabréfamarkaði er einungis ein kona forstjóri. Þegar litið er á kynjahlutfall í framkvæmdastjórnum sömu fyrirtækja er hlutfall kvenna um 15%, sem er í takt við það sem gerist meðal skráðra evrópskra fyrirtækja.

Þessi staða er umhugsunarefni enda getur varla nokkur maður haldið því fram að lágt hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum endurspegli hæfni þeirra til að sinna þeim störfum. Þær breytingar sem hafa átt sér stað á samsetningu stjórna stærri fyrirtækja gætu haft áhrif til að jafna hlutfallið til framtíðar litið. Eðlilegt er að búast við því að ein birtingarmynd kynjajafnvægis í stjórnum verði aukinn fjöldi kvenna í framkvæmdastjórnum fyrirtækja. Rannsóknir komandi ára munu varpa ljósi á árangur aukinnar þátttöku kvenna í stjórnum út frá sjónarmiðum rekstrar og stjórnarhátta. Ein mælistika á árangur verður skipan forystu fyrirtækja.

Undanfarin ár hefur konum í framkvæmdastjórnum íslenskra fyrirtækja á hlutabréfamarkaði fjölgað heldur hraðar hlutfallslega en meðal sambærilegra evrópskra fyrirtækja. Vísbendingar eru þannig um að stefnt sé í rétta átt, en betur má ef duga skal. Sækja þarf fram af auknum krafti.

Lög um kynjakvóta voru visst neyðarúrræði, ætluð sem tímabundin aðgerð til að stuðla að breytingum til framtíðar. Komandi kynslóðum mun sennilegast finnast skrýtið ef konur sjást ekki í stjórnum fyrirtækja. Vonandi mun það gilda um önnur stjórnunarstörf innan fyrirtækja – og að við sjáum miklar breytingar þar líka þegar fram í sækir. Hér verður vitund, umræða og þá ekki síst sameiginlegur áhugi karla og kvenna að stuðla að þeim breytingum sem þörf er á. Alþjóðleg ráðstefna Jafnréttisstofu nk. föstudag, 29. maí, um fjölbreytta forystu í atvinnulífinu er innlegg í umræðuna. Þar leiða saman hesta sína innlendir og erlendir fræðimenn sem og fólk úr íslensku atvinnulífi. Ástæða er til að hvetja forystufólk íslenskra fyrirtækja til að láta sig málið varða. Það ræður framhaldinu.

Skipulag skiptir máli fyrir heilsuna

Hin hliðin

Halldóra Hreggviðsdóttir
framkvæmdastjóri
Alta ehf.

Við eyðum flest mjög stórum hluta dagsins sitjandi, en rannsóknir sýna að bara kyrrsetan sem slík er óholl út af fyrir sig. Jafnvel þótt við fáum daglegan skammt af hreyfingu einu sinni á dag, þá er það ekki nóg. Það er þessi hversdagslega, jafna hreyfing yfir daginn, þessi venjulega ganga, sem skiptir svo miklu máli fyrir góða heilsu. Það er stóllinn sem er orðinn eitt það hættulegasta í okkar umhverfi!

Við getum því raunverulega eflt heilsu okkar á víðtækan hátt með því að búa í göngu- og hjólavænu umhverfi með gott aðgengi að almenningssamgöngum. Það hvernig skipulagi byggðar er fyrirkomið, hvort umhverfið býður upp á gott og öruggt aðgengi fyrir hversdagslega hreyfingu, hefur þannig raunveruleg áhrif á lífsstíl okkar og heilsu.

Bæir og borgir úti um allan heim hafa verið að átta sig á mikilvægi þessa fyrir líf og líðan íbúa sinna og leggja æ meiri áherslu á að skipuleggja gott umhverfi fyrir göngur, hjól og notkun á strætó – sem eru jú um leið vistvænir ferðamátar. Sem dæmi þá nýta íbúar í Þrándheimi mun frekar þessa vistvænu ferðamáta en við Reykvíkingar, (43% á móti 23% í Reykjavík) þrátt fyrir að við séum á svipaðri breiddargráðu, en Þrándheimur hefur lyft grettistaki síðasta áratuginn í þessum málum. Fyrst þau geta – þá getum við!

En til að bæta heilsu okkar þá þarf tvennt til. Umhverfi sem býður upp á gott og öruggt aðgengi fyrir hversdagslega hreyfingu og við sjálf þurfum að vera opin fyrir þeim tækifærum, að nýta hvert tækifæri sem gefst til að hreyfa okkur og taka á þeirri mýtu að veðrið hér sé vont. Er þetta ekki spurning um að klæða sig eftir veðri?

Gott dæmi um áhrif hreyfingar á heilsu eru samgöngusamningar sem ÁTVR gerði við starfsfólk sitt. Þeir hafa dregið úr fjarvistum um 2% og með því lækkað rekstrarkostnað um u.þ.b. 60 m.kr. á ári.

Bætt heilsa snýst líka um samfélagið og peninga, færri tapaðar vinnustundir og minni kostnað í heilbrigðiskerfinu, en af slíku er stór ávinningur. Þetta sýnir okkur enn og aftur mikilvægi skipulagsmála og áhrif þeirra á heilsu okkar og líðan – andlega og líkamlega.

GRAFÍSKIR OFURTURNAR

SÉRSNIÐNIR AÐ ÞÍNUM ÞÖRFUM

ÖFLUGAR FYRIR CAD OG ADOBE

Fátt borgar sig jafn fljótt í fyrirtækjarekstri eins og tölva sem ræður við þau verkefni sem henni eru falin. Þau fyrirtæki sem þekkja þetta best eru verkfræðistofur, kvikmyndafyrirtæki og hönnunarfyrirtæki sem fást við krefjandi grafíska vinnslu. Hver klukkutími hjá sérhæfðum starfsmanni sem fer í að bíða eftir vinnslu tölvunnar er mjög kostnaðarsamur.

XEON, QUADRO OG SSD PRO

Sérsniðnir grafískir vinnuturnar eru ekki einungis öflugri heldur einnig hagkvæmari. Allir íhlutir turnanna eru í hæsta gæðaflokki frá þekktustu íhlutaframleiðendum heims. Xeon eða i7 örgjörvar frá Intel, Quadro skjákort, Samsung Pro SSD diskar og Asus móðurborð með 3 ára ábyrgð.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

414-1710 / sala@tl.is

MARKAÐURINN

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

Gengi gjaldmiðla

USD 135,47	DKK 19,79	NOK 17,50	CHF 142,65
GBP 208,53	EUR 147,5	SEK 16,01	JPY 1,10

FTSE 100
6.948,99 -82,73
(-1,18%)

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti

1.335 ÖKUTÆKI

Vörður tryggir fyrir ríkið

Ríkiskaup hafa endurnýjað samning við Vörð tryggingar um ábyrgðartryggingar ökutækja í eigu ríkisins. Ríkiskaup auglýstu útboð í tryggingarnar á EES-svæðinu í febrúar og átti Vörður hagstæðasta tilboðið. Samningurinn er til tveggja ára. Hann er með möguleika á framlengingu um eitt ár í tvígang og getur því orðið til fjögurra ára.

24.05.2015 Ríkið bara er ekki í aðstöðu til þess að byrja að semja fyrr en það sér hvað stefnir í á almenna markaðnum. Og almenni markaðurinn þarf líka að hafa vissu fyrir því að ríkið muni ekki yfirbjóða það sem samið er um á almenna markaðnum svoleiðis að menn treysti sér til þess að gera samninga.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra.

9,3 MILLJARÐAR

Svisslendingar og Rússar eyddu mest

Erlendir ferðamenn greiddu með greiðslukortum sínum 9,3 milljarða króna í apríl sem er 39,4 prósentum hærri upphæð en í sama mánuði í fyrra samkvæmt greiningu Rannsóknarseturs verslunarinnar. Samkvæmt tölunum var 15,3 prósentum hærri greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann sem kom til landsins heldur en í apríl fyrir ári. Svisslendingar og Rússar eyða mestu á hvern einstakling.

STJÓRNAR-MAÐURINN

Utanboxhugsun fyrir ferðamenn

Árið 2015 verður tímamótaár í Íslandssögunni. Fjöldi ferðamanna fer í fyrsta skipti yfir eina milljón.

EÐLILEGT er að þessum áður óþekkta heimsóknafjölda fylgi nýjar áskoranir. Huga þarf að hvernig vernda á náttúruperlur fyrir átroðningi, rétt eins og tryggja verður að infrastrúktúr landsins beri álagið.

ÞAÐ ER staðreynd að erlendir ferðamenn nýta sér ekki innanlandsflug. Er því ekki kominn tími til að dusta rykið af kostnaðargreiningum sem gerðar voru á léttlestarkerfi frá Keflavík til Reykjavíkur? Ljóst er að forsendur eru breyttar síðan þá, ferðamannafjöldinn hefur margfaldast.

SENNILEGA eru meiri þægindi og nýtileiki fólgin í góðum samgöngum milli Keflavíkur og höfuðborgarinnar en innlandsflugvelli í miðborginni. Hvað sem líður harmakveini landsbyggðarþingmanna og annarra sem telja alla nema Reykvíkinga mega berjast fyrir hagsmunum nærumhverfisins.

ÞESSI NÝI raunveruleiki snýr ekki bara að framtíðardraumum um léttlestarkerfi, heldur nánast öllu sem tengist ferðamannaiðnaðinum. Stjórnarmaðurinn hnaut um umkvartanir formanna Neytendasamtakanna og Félags leiðsögumanna varðandi verðlag á ferðamannastöðum. Mátti lesa milli línanna að þeir teldu aðgerða þörf ef ekki ætti illa að fara og ferðamenn hreinlega fælast frá vegna verðlags.

STJÓRNARMAÐURINN deilir ekki þessum áhyggjum, enda er það óhjákvæmilegur fylgifiskur túrisma að verðlag fari hækkandi. Túristinn sjálfur verður svo að taka ákvörðun um hvort hann fellur í gildruna.

FORMAÐUR FÉLAGS leiðsögumanna gerði að umtalsefni verðmun á bolum merktum Bláa lóninu annars vegar, og Hellisheiðarvirkjun hins vegar. Sá fyrrnefndi kostaði tæpar fimm þúsund krónur, en sá seinni fimmtán hundruð. Ekki væri sjáanlegur gæðamunur á bolunum tveimur.

STJÓRNARMAÐURINN er ekki sammála formanninum. Bláa lóninu hefur tekist vel upp í markaðssetningu og búið til vörumerki sem þekkt er víða um heim. Þótt Hellisheiðarvirkjun sé ágæt verður seint sagt að hún teljist til vinsælli ferðamannastaða landsins. Þar liggur verðmunurinn.

STJÓRNARMAÐURINN er hins vegar sammála undirtóninum í orðum formanns félags leiðsögumanna, þ.e.a.s. Þar bera allir ábyrgð. Kaupmenn, leiðsögumenn og aðrir, en síðast en ekki síst stjórnvöld, sem þurfa að huga að infrastrúktúr í landi sem þarf að þola áður óþekktan átroðning. Þar þarf að hugsa út fyrir boxið.

@stjornarmadur

NestléHealthScience
Nestlé Nutrition

Drykkir sem vinna gegn vökvatapi

Resorb™ Sport

Íþróttadrykkur sem bætir upp vökvatap

Íþróttadrykkur með kolvetna- og saltablöndu sem bætir upp vökvatap við líkamlegt álag. Magnesíum söltin hjálpa til við að viðhalda eðlilegri vöðvastarfsemi og minnka líkur á magnleysi.

- Stundar þú úthaldsíþróttir?
- Ertu þróttlaus í ræktinni?
- Ertu að fara í skíðaferð eða fjallgöngu?
- Færðu vöðvakrampa við æfingar?
- Svitnar þú mikið við áreynslu?
- Viltu íþróttadrykk sem er laus við t.d. litarefni og örvandi efni?
- 10 bréf í pakka.
- Innihald úr einu bréfi leyst upp í 250ml af vatni.

Resorb™

Freyðitöflur sem koma jafnvægi á salt- og vökvabirgðir líkamans

Bragðgóður drykkur sem einkum er notaður vegna niðurgangs, uppkasta og annars vökvataps.

- Lausn við vökvatapi, eftir t.d. niðurgang og uppköst.
- Gott í flensu með háum hita og svitakófi.
- Reynist vel þegar dvalið er í heitum löndum.
- Reynist vel daginn eftir áfengisnotkun.
- 20 töflur í pakka.
- 2 töflur leystar upp í 250ml af vatni.
- Má nota frá 3ja ára aldri.
- Þrjár bragðtegundir:
  Appelsína • Hindber • Sólber

Fæst í flestum apótekum.

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_20003.15

Fastus ehf. • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Afmælistónleikar

19. september 2015

MAGGI EIRÍKS
70 ára

Reyndu aftur
Braggablús
Elska þig
Vegurinn heim
Samferða
Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar.

Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.

Miðasalan er hafin
harpa.is | 528 5050 | tix.is

HARPA DÆGURFLUGAN

Veðurspá

Miðvikudagur

Norðlæg átt 8-15 m/s í dag, en annars hægari vindur. Áfram skúrir í öllum landshlutum, en með kólnandi veðri fyrir norðan eru líkur á slydduéljum þar. Sunnantil verður hitinn um 5 til 10 stig.



	Fimmtudagur			Föstudagur		
	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	5°	-1°	2°	6°	1°	2°
	↓10	↓12	↓6	↓7	↓5	↘6
	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
	4°	9°	-0°	4°	10°	0°
	↓7	←4	↓9	↓8	↓6	↓7

KROSSGÁTA



LÁRÉTT
2. frumefni, **6.** belti, **8.** sólunda, **9.** dauði, **11.** skst., **12.** krá, **14.** bólga, **16.** drykkur, **17.** skítur, **18.** skelfing, **20.** karlkyn, **21.** vangi.

LÓÐRÉTT
1. lýð, **3.** spil, **4.** klapp, **5.** sjór, **7.** lántakandi, **10.** skír, **13.** ot, **15.** stunda, **16.** nam burt, **19.** ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. mælm, **6.** ól, **8.** sóa, **9.** lát, **11.** fr, **12.** knæpa, **14.** þroti, **16.** te, **17.** tað, **18.** ögn, **20.** kk, **21.** kinn.
LÓÐRÉTT: 1. fólk, **3.** ás, **4.** lófatak, **5.** mar, **7.** lánþegi, **10.** tær, **13.** þot, **15.** iðka, **16.** tók, **19.** nn.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Við höldum áfram með skák Héðins Steingrímssonar (2.532) og Hjörvars Steins Grétarssonar (2.561) úr lokaumferð Íslandsmótsins frá í gær.

Svartur á leik

22. ... Bxe3! 23. Hxe3 Rxe3 og hér gafst Hjörvar upp enda algjörlega varnarlaus. Taflmennska Héðins var afar kröftug á mótinu og hann vann sjö síðustu skákir sínar.

www.skak.is: Meistaramót Skákskólans hefst á föstudag.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SUDOKU

LÉTT

1			2		4	8		
		5		8				9
	8	9			1			4
			4	5	9	6	7	
		7					4	
3				1		5		8
4		1				3		
5		8						6
9	7		6	2				

MIÐLUNGS

		5		7		3		
7		6	4				1	
3	4		2		6			
		7		3	9	2	6	
	2				1		7	9
6	3			9				
			6		2			7
9								

PUNG

		6					8	
				9				
			1		4	3		7
		8			5		2	6
		9	6				1	
	4		2		3			
	8	2		6			5	
		3	4	8				1
1								

4	7	8	1	3	6	5	2	9
9	1	3	5	2	7	6	4	8
5	6	2	9	4	8	3	7	1
7	2	9	4	5	1	8	3	6
8	3	4	6	9	2	7	1	5
1	5	6	7	8	3	4	9	2
6	4	1	8	7	9	2	5	3
2	8	5	3	1	4	9	6	7
3	9	7	2	6	5	1	8	4

4	7	8	5	3	9	2	6	1
5	6	3	1	2	4	9	7	8
9	1	2	6	7	8	4	3	5
7	9	6	8	4	1	3	5	2
8	2	1	9	5	3	6	4	7
3	4	5	2	6	7	8	1	9
6	8	7	3	9	5	1	2	4
2	5	9	4	1	6	7	8	3
1	3	4	7	8	2	5	9	6

5	7	9	6	8	2	1	4	3
1	8	4	5	3	9	6	7	2
6	2	3	1	4	7	5	9	8
4	5	2	3	6	1	7	8	9
3	6	7	4	9	8	2	5	1
8	9	1	7	2	5	4	3	6
2	1	5	9	7	3	8	6	4
7	3	6	8	1	4	9	2	5
9	4	8	2	5	6	3	1	7

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Söfnunartónleikar

BÍTLAKRÁS fyrir Grensás

Fjöldi landsþekktra listamanna flytja og syngja lög Bítlanna Lennon og McCartney
og gefa vinnu sína á **stuðningstónleikum** fyrir Grensásdeild
í Háskólabíói kl 18:00 - næsta laugardag 30. maí - Frábær skemmtun á aðeins 4.700,-

EFTIRTALDIR AÐILAR KOMA FRAM:

Kynnar: Helgi Pétursson og Bogi Ágústsson, -

Listamenn: Björn Thoroddsen, Ari Jónsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson & Lovísa Fjeldsted, Sönghópur úr Domus vox, Hljómsveitin;
Bandið bak við eyrað, Ólafía Hrönn, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Þuríður Sigurðardóttir, Örn Gauti Jóhannsson.

BEATLES

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Miðasala: midi.is

Sing-Along á tjaldi - Leynigestur - Sögusýning í anddyri og margt fleira

HLJÓMSVEITARSTJÓRN: Davíð Sigurgeirsson
TROMMUR: Óskar Þormarsson
HLJÓMBORÐ: Ingvar Alfreðsson
BASSI: Ingi Björn Ingason
RADDIR: Gospelkór Jóns Vídalíns

Hollvinir Grensás

Hollvinir Grensás safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar.
www.grensas.is

Aukin lífsgæði verða ekki metin til fjár

Styrktaraðili Hollvina Grensás

ORMSSON

MENNING

Kíktu í te til Lísu og Matta hattara

Á laugardaginn verða flutt brot úr óperunni Furðuveröld Lísu, ævintýraheimur óperunnar – verkefni í vinnslu í Listasafni Einars Jónssonar. Verkefnið er hluti af Listahátíðinni í Reykjavík og stefnt er að því að flytja óperuna í heild á hátíðinni að ári liðnu.

„Það hefur verið merkilega langur vegur að vinna að þessu verkefni. Í raun má segja að óperuverkefnið sjálft hafi farið í gang fyrir þremur árum en það er líka talsvert meira mál að semja heila óperu en flestir gera sér grein fyrir," segir Sverrir Guðjónsson óperusöngvari og jafnframt framleiðandi verkefnisins Furðuveröld Lísu, ævintýraheimur óperunnar – verkefni í vinnslu. Burðarstoð verkefnisins er ópera eftir John A. Speight og Böðvar Guðmundsson sem byggð er á hinni víðfrægu sögu Lewis Carroll, Lísu í Undralandi.

MATTI HATTARI Sverrir Guðjónsson syngur hlutverk Matta hattara og efnir til teboðs að loknum tónleikunum á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslensk ópera

„Í raun má rekja upphaf þessa verkefnis til þess þegar við John vorum báðir að syngja í óperunni Maður lifandi í Borgarleikhúsinu eftir Karólínu Eiríksdóttur. Þá vorum við oft að skemmta okkur við að henda á milli okkar hugmyndum. En þá kom líka í ljós að John var búinn að ganga með þetta verkefni í maganum í nokkurn tíma. Þegar hann fékk svo listamannalaun þá myndaðist ákveðinn grunnur til þess að það væri hægt að koma þessu af stað og hann byrjaði að vinna. Hins vegar þá vantaði hann textaskáld þannig að ég tók að mér að halda utan um verkefnið. Í framhaldinu þá hafði ég samband við Böðvar Guðmundsson rithöfund og hann kom fljótlega inn í verkefnið.

Málið er að það er afskaplega ólíkt að skrifa liberetto og annan texta. En Böðvar hefur þessa reynslu og breiðu færni og eftir að hann byrjaði að vinna þá fundum við John að þetta gæti farið í gang fyrir alvöru og orðið að veruleika. John varð strax mjög hrifinn af því efni sem kom frá Böðvari og setti þessa vinnu í forgang."

Ævintýraveröld

Eins og Sverrir bendir á þá er þetta verkefni ekki að fara alveg hefðbundnu leiðina frá höfundum til óperuhúss en þau sem að þessu koma hafi verið ákveðin í að láta það þó ekki stöðva sig. „Nei, því miður þá virðist vera lítill áhugi hérlendis fyrir nýjum óperum. Þannig að ég fór þá leið að vinna verkefnið með Myndlistarskólanum í Reykjavík. Við vildum gefa ungu fólki kost á því að vinna með okkur að þessu og við það myndaðist þetta hliðarverkefni sem er sýningin í Listasafni Einars Jónssonar. Af því tilefni sömdu Böðvar og John saman kórverk sem fjallar um ímyndunarafl og sköpunarkraft, þetta inntak Lísu í Undralandi, og það var frumflutt við opnun sýningarinnar þar sem nemendur hafa svo sannarlega skapað mikla ævintýraveröld út frá verkinu.

> **Kynna aðeins fyrir því undraheim þessarar tónlistar sem er dálítið meira krefjandi en það sem flestir krakkar eru að hlusta á dags dagslega.**

Þriðja afurð verkefnisins er svo listasmiðja fyrir ungt fólk sem verður boðið upp á án endurgjalds í Listasafni Einars Jónssonar næsta sunnudag. Það er verkefni sem væri gaman að vinna áfram næsta haust en það veltur kannski aðeins á því að Myndlistarskólinn fái fjármögnun til þess.

Aðalástæðan fyrir því að við höfum farið þessa leið er að við vildum ná sambandi við ungt fólk með þetta verkefni. Kynna aðeins fyrir því undraheim þessarar tónlistar sem er dálítið meira krefjandi en það sem flestir krakkar eru að hlusta á dags dagslega. Fá þau til þess að leggja frá sér símann og vera með okkur í þessu og mér sýnist það hafa tekist alveg ljómandi vel."

Te með Matta hattara

Sverrir er einnig einn þeirra söngvara sem koma til með að flytja hluta úr óperunni sem er í raun enn verk í vinnslu. „John hefur alveg frá upphafi verið að semja fyrir ákveðnar raddir. Hlutverk Lísu er þannig samið fyrir Þóru Einarsdóttur og hlutverk Matta hattara fyrir mig og við erum bæði fyrst og fremst óperusöngvarar. Hins vegar var John á því að hann vildi fá djasssöngkonu til þess að syngja Köttinn brosandi. Ég lagði til að fá Kristjönu Stefánsdóttur til þess að taka þetta að sér og hún gerir það auðvitað alveg frábærlega.

Það verða fluttir hlutar úr verkinu næsta laugardag kl. 17 í listasafni Einars Jónssonar sem hefur tekið okkur afskaplega vel og við erum mjög þakklát fyrir það. Að loknum tónleikunum verður gestum líka boðið í te að hætti Matta hattara svo þetta verður vonandi skemmtileg reynsla fyrir okkur öll. Á næsta ári stefnum við svo að því að vera með tónleikauppfærslu á óperunni á Listahátíðinni í Reykjavík en þá fer fram annar hluti sömu hátíðar."

magnus@frettabladid.is

Hvergi dauður punktur

ÓPERA ★★★★☆

Peter Grimes
eftir Benjamin Britten
LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt einsöngvurum og Kór Íslensku óperunnar.
STJÓRNANDI: DANÍEL BJARNASON

Eldborgarsalur Hörpu
FÖSTUDAGUR 22. MAÍ

Breska tónskáldið Benjamin Britten (1913-1976) var samkynhneigður, og óperan hans, Peter Grimes, var á vissan hátt táknræn fyrir stöðu hans í samfélaginu. Grimes er fiskimaður í litlu sjávarþorpi sem verður fyrir einelti og rógburði, á endanum fremur hann sjálfsmorð.

Britten var líka haldinn barnagirnd sem hann barðist alla tíð við og lét aldrei undan. En hún var þarna og eftir því eru börn áberandi í óperum hans. Ungur drengur sem aðstoðar Grimes við sjómennskuna deyr grunsamlega og það er uppspretta rógsins sem er rauði þráðurinn í óperunni. Grimes fær svo annan dreng til að aðstoða sig en örlög hans eru engu betri. Það er eitthvað afbrigðilegt við samband Grimes við drengina.

Þrátt fyrir þetta er ópera Brittens snilldarverk. Tónlistin er aðgengileg og í mismunandi myndum, allt eftir því hvað er að gerast í sögunni. Stór hluti óperunnar gerist í ofsaveðri og brotsjórinn birtist manni ljóslifandi í kraftmiklu tónmálinu. Söngvararnir hafa hver sinn karakter og þannig verður tónlistin ótrúlega fjölbreytt. Hvergi er dauður punktur, framvindan er hröð og áköf.

Þetta gerði að verkum að þótt óperan væri í svokallaðri konsertuppfærslu í Eldborg Hörpu á föstudagskvöldið, þá var hún aldrei leiðinleg. Til þess var tónlistin einfaldlega of spennandi. Sú litla sviðsetning sem boðið var upp á var auk þess furðu áhrifamikil. Fyrir ofan sviðið var tjald og á það var varpað ljósmyndum af hafinu, ýmist kyrrlátu eða ólgandi. Á myndunum birtist svo íslensk þýðing á textanum sem verið var að syngja. Smekkleg lýsing undirstrikaði stemninguna í hverri senu.

Einsöngvararnir stóðu sig með mikilli prýði. Merkilegt nokk, þá mátti helst finna að frammistöðu Stuarts Skelton, sem var í hlutverki Grimes. Hann er vissulega frábær söngvari, en hér virtist hann ekki í formi. Hann var fremur hás og röddin átti það til að bresta. Judith Howard olli líka dálitlum vonbrigðum. Hún söng fallega en rislítið.

Íslensku söngvararnir voru betri og þar var langfremstur Ólafur Kjartan Sigurðarson, sem var í hlutverki skipstjórans Balstrode. Ég hef fylgst með ferli Ólafs Kjartans allt frá því hann steig fyrst á svið hér á landi sem fullmenntaður söngvari. Hann hefur verið í stöðugum vexti og nú er svo komið að hann er einn okkar allra fremsti óperusöngvari. Rödd hans um kvöldið var aðdáunarverð, kröftug og breið, söngurinn áreynslulaus og þéttur.

Gaman var líka að hinni nevrótísku Frú Sedley í skondinni túlkun Ingveldar Ýrar Jónsdóttur. Viðar Gunnarsson var sömuleiðis sannfærandi í hlutverki lögmannsins Swallow. Þau Snorri Wium, Garðar Thór Cortes, Hanna Dóra Sturludóttir, Hallveig Rúnarsdóttir, Lilja Guðmundsdóttir, Oddur Arnþór Jónsson og Jóhann Smári Sævarsson voru jafnframt með allt sitt á hreinu. Theódór Pálsson í hlutverki drengsins var einnig flottur.

Kór Íslensku óperunnar var hinn glæsilegasti, það hefði þó að ósekju mátt heyrast meira í honum. En hljómsveitin spilaði fallega og öllu saman stjórnaði Daníel Bjarnason af fagmennsku og öryggi. Þetta voru skemmtilegir tónleikar; mikið væri nú gaman að sjá Peter Grimes í fullri sviðsetningu hér í framtíðinni.

Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Flestir söngvararnir stóðu sig frábærlega, hljómsveitin og kórinn var góður.

11. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU

GCD

TIL HEIÐURS RÚNARI JÚLÍUSSYNI 1945 - 2015

BUBBI OG PÁLMI GUNNARS

HLJÓMSVEIT

BENEDIKT BRYNLEIFFSON · GUÐMUNDUR PÉTURSSON · INGÓ GEIRDAL · ÞÓRIR BALDURSSON

MIÐASALA HEFST FIMMTUDAGINN 28. MAÍ KL. 12

prime

EITTLAGENN

HARPA

MIÐASALA Á WWW.HARPA.IS, Í SÍMA 528 5050 OG Á WWW.TIX.IS

STJARNA Í NÆRMYND
MÅNS ZELMERLÖW

FULLT NAFN: **Måns Petter Albert Sahlén Zelmerlöw**

FÆDDUR: **13. júní 1986 í Lundi í Svíþjóð.**

FORELDRAR: **Birgitta Sahlén prófessor og Sven-Olof Zelmerlöw skurðlæknir.**

MAKI: **Enginn.**

PLÖTUR: **Stand by For ... (2007), MZW (2009), Christmas with Friends (2010), Kära vinter (2011), Barcelona Sessions (2014), Perfectly Damaged (2015).**

Sigurvegari Eurovision 2015, Måns Zelmerlöw, kom sá og sigraði um helgina, en hver er þessi myndarlegi drengur í leðurbuxunum? Måns varð fyrst þekktur þegar hann tók þátt í sænska Idolinu árið 2005, þar sem hann lenti í fimmta sæti. 2006 vann hann danskeppnina Let's Dance. 2007 tók hann þátt í Melodifestivalen, undankeppni Eurovision í Svíþjóð, með lagið Cara Mia sem sló í gegn í Svíþjóð. 2009 tók hann aftur þátt með lagið Hope & Glory. Hann var síðan kynnir keppninnar 2010 og 2011.

Hann hefur leikið í þó nokkrum söngleikjum og fór með aðalhlutverk í Rómeó og Júlíu og Grease, og aukahlutverk í Footloose. 2004 var hann í fríi með fjölskyldu sinni í Taílandi og upplifði flóðbylgjuna sem skall á annan í jólum. Zelmerlöw hefur unnið mikið sem sjálfboðaliði með börnum í Afríku. 2014 stofnaði hann góðgerðarsamtökin Zelmerlöw & Björkman Foundation, sem aðstoða börn sem búa við slæmar aðstæður að virkja hæfileika sína og mennta sig.

- asi

365 STIG Måns fékk 365 stig í Eurovision, sem er þriðji mesti stigafjöldi sem sigurvegari hefur fengið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Vonast til að snerta hjörtu Íslendinga með nepalskri matargerð

Félag Nepala á Íslandi heldur hlaðborð á Kaffi Nauthól. Allur ágóðinn rennur til fórnarlamba jarðskjálftanna í Nepal.

„Nepalskur matur gerir ævinlega mikla lukku á meðal Íslendinga og við viljum reyna að snerta hjörtu þeirra sem vilja leggja söfnuninni lið," segir Ashu Gurung, formaður Félags Nepala á Íslandi. Félagið tekur yfir veitingastaðinn Nauthól um hádegisverðarbilið á sunnudaginn, 31. maí. Verður þar boðið til hefðbundinnar nepalskrar hlaðborðsveislu til styrktar fórnarlömbum jarðskjálftans sem varð í Nepal þann 25. apríl síðastliðinn og fjölmargra sem fylgdu í kjölfarið.

„Leiðin að hjartanu er í gegnum magann, er það ekki alltaf sagt?" segir Ashu og bætir við: „Það lá beint við að fá fólk til að upplifa menningu okkar Nepala í gegnum matinn okkar, sem er að okkar mati einstaklega bragðgóður."

Allt frá því að fyrsti skjálftinn reið yfir Nepal fyrir mánuði hefur Félag Nepala staðið fyrir fjársöfnun til styrktar fórnarlömbum náttúruhamfaranna og þeirra sem eru berskjaldaðir í kjölfar þeirra. Enn er mikil þörf á hjálpargögnum og neyðarástandi í Nepal er hvergi nærri lokið. Hátt í 10 þúsund manns eru látnir í Nepal og 20 þúsund slasaðir auk þess sem milljónir misstu heimili sín.

Í félaginu á Íslandi eru vel á annað hundrað meðlimi sem hafa látið hendur standa fram úr ermum síðastliðinn mánuð. Félagsmenn líta á söfnunarstarfið sem ákveðna sálgæslu – með því móti gera þau gagn fyrir heimalandið í stað þess að sitja með hendur í skauti í örygginu í Norður-Atlantshafi. Félagið hefur nú þegar safnað um níu milljónum króna og munar þar miklu um rausnarlegt framlag Pokasjóðs, sem hljóðaði upp á fimm milljónir.

SAFNA FYRIR LANDA SÍNA Hér má sjá Ashu Gurung og landa hans. Félag Nepala safnar nú peningum til að nota í neyðaraðstoð í heimalandinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hægt er að panta borð í nepölsku veisluna á heimasíðu Félags Nepala, www.icenepali.com, og kostar veislan 10 þúsund krónur á mann. Allt matreiðslu- og þjónustustarfsfólk gefur vinnu sína og fer allur ágóði í söfnun Félags Nepala til fórnarlamba jarðskjálftanna.

kjartanatli@365.is

> **Leiðin að hjartanu er í gegnum magann, er það ekki alltaf sagt?**

Matseðill hlaðborðsins:

CHICKEN CURRY
Hefðbundinn kjúklingur í karrí, niðursoðin í lauk og tómat og kastaníu hnetum, kryddaður með engifer, hvítlauk og ferskum chili-pipar

VEDA KO MASU KO MASALA
Lambakjötsréttur, niðursoðin í krydd-legi með kjúklinga- og nýrnabaunum

MO:MO
Nepalskur/tíbetskur réttur. Fylltar deigbollur með krydduðu svínakjöti

GOLBHEDA KO ACHAAR
Krydduð sósa með tómat, kúmeni og engifer. Borðuð með mo:mo

SEL ROTI
Sætt hringlaga djúpsteikt hrísgrjónabrauð

ACHAAR
Kryddað kartöflusalat með hvítkáli, gúrkum, rauðlauk, kóríander, hvítlauk, engifer og grikkjasmára, með grunni úr ristuðum og muldum sesamfræjum

ALOO DUM
Hægeldaðar kartöflur í kryddlegi

PAKODA
Hvítkál, gulrætur og laukur djúpsteikt í kjúklingabaunarasp

BHAT
Hefðbundin hrísgrjón

DAHI
Jógúrt með mangó, til að fríska upp á bragðlaukana

NEPALI CHIIYA
Nepalskt te soðið í mjólk með kryddjurtum

Stelpugrín er reyndar fyndið

Þær tvær er heiti nýrrar grínþáttaraðar sem fer í loftið á Stöð 2 í lok júní. Þær Júlíana Sara og Vala Kristín fóru markvisst út í þessi handritsskrif með það fyrir augum að storka kynbundnum hugmyndum um húmor.

„Þetta eru grínþættir sem upphaflega áttu að vera leikrit. Svo var þetta svo sketsalegt að við ákváðum að fara frekar með þetta í sjónvarpið," segir Júlíana Sara Gunnarsdóttir, annar helmingur tvíeykisins Þær tvær. Um ræðir grínþáttaröð upp á sex þætti sem Júlíana skrifar og leikur í ásamt Völu Kristínu Eiríksdóttur.

„Við grínumst um allt á milli himins og jarðar í þessum þáttum. Leyfum fólki að kynnast persónum vel og sköpum þannig tengsl," segir Júlíana og bætir við að týpurnar séu mikið til fengnar lánaðar úr daglegu lífi þeirra beggja: „Það þekkja allir eitthvað í þessum persónum," segir hún og skellir upp úr.

Aðspurð um hvort þær stöllur hafi meðvitað ætlað sér að standa uppi í hárinu á karllægum heimi grínista segir Júlíana svo vera: „Kynjaskiptingin var okkur mjög hugleikin og við ákváðum strax að við vildum hafa þetta okkar, við stelpurnar með okkar grín."

Báðar eru þær menntaðar leikkonur, Júlíana frá Rose Bruford í Bretlandi en Vala er að útskrifast frá Listaháskóla Íslands á næstunni. Verða þættirnir sex talsins. Þær eru að vonum spenntar fyrir frumrauninni og iða í skinninu eftir viðbrögðum áhorfenda. „Vala fer svo að vinna í Borgarleikhúsinu í sumar og ég ætla að eignast barn, gifta mig og flytja," segir Júlíana hin kátasta í lokin.

-ga

> **Við grínumst um allt á milli himins og jarðar í þessum þáttum. Leyfum fólki að kynnast persónum vel og sköpum þannig tengsl**
>
> *Júlíana Sara Gunnarsdóttir*

Á SETTI Stöllurnar bregða sér í allra kvikinda líki í þáttunum og hér sjást þær í gervum bandarískra ferðamanna.

Margir aðdáendur upplifa depurð eftir Eurovision

Félagar í FÁSES, Félagi áhugamanna um söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva segja aðdáendur finna fyrir depurð eftir herlegheitin.

„Þetta er vandamál sem hefur oft komið upp í Eurovision-samfélaginu," segir Hildur Tryggvadóttir Flóvenz Eurovision-aðdáandi um eftir-Eurovision-depurð, eða PED – Post Eurovision Depression. „Þetta er nú ekkert alvarlegt þunglyndi," segir hún hlæjandi og bætir við: „Þú ert búinn að vera á kafi í þessu frá því í janúar, allar undankeppnirnar og það. Svo kemur að keppninni sjálfri og maður er í einhverri Euro-bólu. Svo kemur skellurinn þegar þessu lýkur svona snögglega." Hildur segir misjafnt hvernig hver og einn taki þessu. „Sumir fá bara ógeð og fara að sinna öðru. Aðrir sökkva sér í gamlar keppnir og svo eru einhverjir sem fá einn keppanda á heilann og hlusta bara á hann. En svo rjátlast þetta af manni."

Hún segir að þeir sem fari á keppnina lendi verr í þessu. „Það gerir PED-ið enn verra, en þá er bara um að gera að ræða við aðra sem eru að ganga í gegnum það sama." Hún segir það hjálpa mikið til að byrja strax að huga að næstu keppni. „Það er bókað að þetta verður fullkomið, Svíarnir kunna þetta. Svo er undankeppnin í Sviss oftast í september þannig að þetta fer að byrja aftur," segir hún og hlær.

-asi

EKKERT GRÍN Hildur segir depurðina vera ansi algenga eftir keppni.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KEMUR FRAM Rapparinn Gísli Pálmi er á meðal þeirra listamanna sem bæst hafa í hópinn.

Gísli Pálmi og fleiri staðfestir

Skipuleggjendur Iceland Airwaves tilkynntu í gær fleiri listamenn sem koma fram á hátíðinni í ár en alls verða þeir um 200 talsins.

Á meðal þeirra innlendu listamanna sem bætast við eru Árstíðir, Brim, Dikta, Gísli Pálmi, Low Roar, Máni Orrason og Vio. Þá munu bandarísku sveitirnar Battles, Beach House og Future Brown koma fram auk fleiri erlendra hljómsveita; Bo Ningen frá Japan og nafna á borð við Felicita, Meilyr Jones, Kero Kero Bonito, Sleaford Mods og Sophie frá Bretlandi.

Hægt er að sjá heildarlista yfir þá listamenn sem fram koma á hátíðinni á Vísi.

Áður hafa verið tilkynntir listamenn eins og Björk, John Grant og Sinfóníuhljómsveit Íslands, Mammút, Vök, Father John Misty, Perfume Genius, GusGus, Júníus Meyvant og Ariel Pink.

Iceland Airwaves-hátíðin verður haldin í sautjánda sinn í ár, dagana 4. til 8. nóvember.

- glp

Leyndarmálið til New York

Victoria's Secret-undirfatasýningin fræga verður haldin aftur í New York í vetur. Í fyrra var hún færð til London en í ár mun sýningin fagna tuttugu ára afmæli sínu. „Okkur fannst viðeigandi að færa sýninguna til New York í tilefni afmælisins og halda hana þar sem þetta byrjaði allt saman," segir Sharon Jester Turney, forstjóri undirfatarisans. Áætlað er að sýningin fari fram í nóvember, en það hefur ekki fengist staðfest.

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

KJÓSUM UM VERKFALLSBOÐUN OG STÖNDUM ÞÉTT SAMAN!

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
MATVÍS
félag bókagerðarmanna

LAUGARÁS BÍÓ



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
TOMORROWLAND	5:25, 8, 10:35	12
PITCH PERFECT 2	5:30, 8, 10:30	12
MAD MAX	8, 10:30	16
ÁSTRÍKUR 2D	6	L

SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA		
TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 6:20 - 8 - 10:40	
GOOD KILL	kl. 8 - 10:55	
MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 9	
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 5:20 - 8 - 10:40	
MAD MAX: FURY ROAD VIP 2D	kl. 5:20 - 8 - 10:40	
THE WATER DIVINER	kl. 5:30	
AVENGERS 2 2D	kl. 5 - 8	
CHILD 44	kl. 10:20	
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL		
TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 8 - 10:40	
GOOD KILL	kl. 8	
MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 8 - 10:30	
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 5:30 - 9	
HOT PURSUIT	kl. 6	
AVENGERS 2 2D	kl. 6 - 10:20	
SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI		
TOMORROWLAND	kl. 5:20 - 8 - 10	
MAD MAX: FURY ROAD 2D	kl. 5:20 - 8 - 10:40	
MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 10:40	
HOT PURSUIT	kl. 6 - 8	
SAMBÍÓIN KEFLAVÍK		
TOMORROWLAND	kl. 8	
GOOD KILL	kl. 10:20	
MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 10:40	
PITCH PERFECT 2	kl. 8	
SAMBÍÓIN AKUREYRI		
TOMORROWLAND	kl. 5 - 8	
GOOD KILL	kl. 10:40	
MAD MAX: FURY ROAD 3D	kl. 8 - 10:40	
AVENGERS 2 2D	kl. 5	

SAMbíó.is

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Hættum að henda mat

BAKÞANKAR
Viktoríu Hermannsdóttur

Talið er að um þriðjungur þeirra matvæla sem framleidd eru í heiminum endi í ruslinu. Ef við heimfærum tölur frá nágrannalöndum okkar um mat sem er hent yfir á Ísland þá má varlega áætla að hver Íslendingur hendi um 100 kílóum af mat á ári.

ÉG er eins og flestir Íslendingar, ég hendi mat. Aðallega af því ég kaupi of mikið og svo kann ég ekki að elda þannig að oft endar máltíðin í ruslinu því hún er óæt. Ég hef samt undanfarið ár eða svo pælt mun meira í þessum málum eftir að mér var bent á þá staðreynd að með því að henda mat væri ég að henda peningum.

NÚ fer ég nánast aldrei og kaupi fulla körfu í stórverslunum eins og ég gerði áður. Ég pæli meira í því hvað ég set ofan í körfuna, hvort ég muni nota það og þá hvernig. Ég fer líka oftar í búð og kaupi þá frekar minna í einu eða hreinlega kaupi tilbúinn mat þar sem stundum er það ódýrara þar sem allt er selt í svo stórum umbúðum. Salat er bara til í risapokum og það sama á við um flest annað. Þess vegna endar enn þá alltaf eitthvað í ruslinu, því miður, þó minna en áður.

FRÉTTIR voru sagðar af því í vikunni að franska þingið hefði samþykkt frumvarp sem meinar stórmörkuðum að henda mat. Í stað þess að mat sé hent á að gefa hann góðgerðarsamtökum.

ÞETTA mætti líka taka upp hér. Miklu magni af mat er hent úr stórmörkuðum hérlendis, stundum er gámunum læst svo fólk geti ekki tekið matinn sem á að henda og í sumum tilvikum er hann hreinlega eyðilagður svo fólk geti ekki tekið hann. Hversu klikkað er það? Við erum að tala um mat sem er verið að fara að henda.

VÆRI ekki nær lagi að gefa þennan mat til góðgerðarsamtaka sem gætu komið matnum til þeirra sem þurfa á honum að halda? Á Facebook eru hópar þar sem fólk óskar eftir mat og aðrir gefa mat. Þar koma inn fjölmargar beiðnir frá fólki sem á ekki fyrir mat. Væri ekki tilvalið að þeir sem eru í neyð gætu fengið matinn sem á að henda? Það er fáránlegt að á sama tíma og öllum þessum mat er hent þá er fólk sem á engan mat. Er ekki hægt að samhæfa þetta eitthvað þannig að allir græði?

FALLEG Dúfurnar flögruðu um og höfðu það huggulegt innan veggja Þjóðleikhússins. Þær fara nú í verðskuldað frí til síns heima.

Bréfdúfurnar sem unnu hug og hjörtu leikara í Þjóðleikhúsinu

Sýningin Svartar fjaðrir hefur hlotið verðskuldaða athygli. Senuþjófarnir hafa svo sannarlega verið dúfurnar í sýningunni, sem skárust í leikinn á ögurstundu. Munu dúfurnar taka sér pásu frá leiklistinni eftir helgina.

„Þetta hefur gengið vonum framar með dúfurnar, þær eru þvílíkt töfrandi og einlæg nærvera sem þær hafa," segir Sigríður Soffía Níelsdóttir, danshöfundur verksins Svartar fjaðrir sem var opnunarsviðsverk listahátíðar í ár.

„Saga Garðarsdóttir, sem leikur eitt af aðalhlutverkunum, hefur til að mynda bundist einni dúfunni djúpum tilfinningaböndum, en hún er alltaf með þá sömu í sýningunum," útskýrir Sigga Soffía sem segir mikinn heilagleika myndast í senunni þar sem dúfurnar eru meðal leikara.

„Þetta er búið að vera frábært ævintýri og ógleymanlegt augnablik þegar allir leikararnir biðu í einfaldri röð eftir að fá úthlutaða dúfu til að kynnast og vera með á sviðinu."

Skemmst er að minnast þess er Sigga Soffía leitaði logandi ljósi að dúfum til að hlaupa í skarðið fyrir þær dúfur sem hún hafði þegar gert ráð fyrir í sýningunni, er brast á með óvæntu fæðingarorlofi hjá dúfunum.

„Ég var svo heppin að komast í samband við Ragnar Sigurjónsson, sem bjargaði mér fyrir horn en hann vildi gjarnan vera með og sérvaldi þær dúfur sem honum fannst henta í verkefnið, hefðbundnar bréfdúfur, dúfur af dönsku kyni en Ragnar á yfir 150 fugla."

SAGA GARÐARS

Sigga Soffía segir afar vel hafa verið hugsað um fuglana í sýningunni: „Þær nutu þess að fljúga um leikmyndina, sem minnir á risavaxna fuglagrind þar sem dúfurnar gátu flögrað milli skúlptúra og tyllt sér."

HÆFILEIKARÍK Sigga Soffía er höfundur sviðslistaverksins og hefur því unnið náið með dúfunum.

Um komandi helgi fá fuglarnir svo að fljúga um svið Þjóðleikhússins í síðasta skipti í bili. „Aðeins örfáir miðar eru eftir á sýningarnar um helgina svo ég hvet fólk til að missa ekki af dúfunum og koma í gleðina með okkur," segir Sigga Soffía að lokum, en síðustu sýningar á Svörtum fjöðrum eru þann 31. maí.

gudrun@frettabladid.is

> **Saga Garðarsdóttir, sem leikur eitt af aðalhlutverkunum, hefur til að mynda bundist djúpum tilfinningaböndum við eina dúfuna, en hún er alltaf með þá sömu í sýningunum.**
>
> *Sigríður Soffía Níelsdóttir, danshöfundur verksins.*

GUNNAR HANSSON VÍKINGUR KRISTJÁNSSON SAGA GARÐARSDÓTTIR

BAKK

LEIKSTJÓRN GUNNAR HANSSON OG DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON

FRUMSÝND 8. MAÍ

MYSTERY · KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS · "BAKK" · GUNNAR HANSSON · VÍKINGUR KRISTJÁNSSON · SAGA GARÐARSDÓTTIR · ÞORSTEINN GUNNARSSON · HALLGRÍMUR ÓLAFSSON · NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR · HALLDÓRA GEIRHARÐSDÓTTIR · ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR · ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON · JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON · ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR · HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR · EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR · ÞORSTEINN BACHMANN · HALLDÓR EYLFASON · FRIÐRIK FRIÐRIKSSON · ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON · ÁRNI FILIPPUSSON · ÞORSTEINN MAGNÚSSON · GUNNAR PÁLSSON · JÚLÍANNA STEINGRÍMSDÓTTIR · STEINUNN ÞÓRHARÐSDÓTTIR · VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR · ÁRNI GÚSTAFSSON · HULDAR FREYR ARNARSON · SNÆBJÖRG HELGADÓTTIR · ÁRNI FILIPPUSSON · DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON · GUNNAR HANSSON · GUNNAR HANSSON & DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON

mystery · sena · B|L

Hafdís bætti eigið met

FRJÁLSAR Hafdís Sigurðardóttir úr UFA bætti í gærkvöld Íslandsmetið í langstökki á öðrum hluta Vormóts UFA.

Hafdís Sigurðardóttir stökk 6,45 metra en gamla metið hennar var stökk upp á 6,41 metri en hún setti það í Evrópukeppni landsliða í Tíblisi í Georgíu í fyrra.

Stökksería hennar var mjög jöfn og góð að þessu sinni. Hafdís átti lengst stökk sem mældist 6,54 metrar en meðvindur var 2,1 m/sek eða 1/10 yfir löglegum mörkum.

Þetta er í þriðja sinn sem Hafdís bætir Íslandsmetið í langstökki utanhúss en hún eignaðist það fyrst fyrir tveimur árum og tveimur dögum betur þegar hún stökk 6,36 og bætti tæplega tíu ára met Sunnu Gestsdóttur. Hafdís Sigurðardóttir er að byrja tímabilið vel en hún keppir aftur í langstökki á Smáþjóðaleikunum í næstu viku.

PEPSI DEILDIN 2014

STAÐAN

FH	5	3	1	1	10-5	10
KR	5	3	1	1	9-6	10
Stjarnan	5	2	3	0	7-4	9
Breiðablik	5	2	3	0	6-4	9
Leiknir R.	5	2	2	1	8-4	8
Fylkir	5	2	2	1	9-6	8
Fjölnir	5	2	2	1	6-6	8
Víkingur R.	5	1	3	1	8-8	6
Valur	5	1	2	2	7-9	5
ÍA	5	1	1	3	3-7	4
Keflavík	5	0	1	4	3-10	1
ÍBV	5	0	1	4	2-9	1

visir.is

Meira um leiki gærkvöldsins

JAFNT Í STÓRLEIKNUM Steven Lennon í baráttunni við miðverði Stjörnunnar, Brynjar Gauta Guðjónsson og Daníel Laxdal, í Garðabænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TIMEOUT

Hægindastóll með skemli
Fáanlegur í mörgum útfærslum og litum.

Svart leður og hnota með skemli.
Fullt verð: 379.980 kr.

Tilboðsverð **299.990** kr.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566

Í VANDRÆÐUM Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, hefur um nóg að hugsa þessa dagana. Keflvíkingar eru aðeins með eitt stig eftir fyrstu fimm umferðirnar í Pepsi-deildinni og þurfa að fara að hala inn stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Versta byrjun í 55 ár

Keflavík er aðeins með eitt stig eftir fyrstu fimm umferðirnar í Pepsi-deild karla. Síðast þegar það gerðist, árið 1960, féllu Keflvíkingar niður um deild.

FÓTBOLTI Keflvíkingar hafa farið afar illa af stað í Pepsi-deild karla í sumar. Lærisveinar Kristjáns Guðmundssonar töpuðu sínum fjórða leik í fyrrakvöld þegar þeir lágu, 1-3, fyrir Fylki á Nettó-vellinum í Keflavík í 5. umferð deildarinnar.

Keflvíkingar eru sem stendur í 11. og næstneðsta sæti deildarinnar með aðeins eitt stig, sem þeir fengu fyrir jafnteflið gegn Breiðabliki í 3. umferð.

Þessi slaka byrjun Keflavíkur er gjörólík þeirri sem þeir áttu í fyrra. Þá vann liðið þrjá fyrstu leikina, tapaði næst fyrir KR en náði svo í stig gegn FH. Keflvíkingar voru því með tíu stig eftir fyrstu fimm umferðirnar í fyrra en þessi frábæra byrjun liðsins fór langt með að tryggja því áframhaldandi veru í Pepsi-deildinni. Keflavík vann aðeins þrjá leiki það sem eftir lifði tímabilsins en það breytti engu. Keflvíkingar enduðu í 8. sæti Pepsi-deildarinnar í fyrra, fjórum stigum frá fallsæti.

Nú er hins vegar annað uppi á teningnum. Keflavík er aðeins með eitt stig eftir fyrstu fimm umferðirnar en liðið hefur ekki verið með svona fá stig eftir fimm umferðir síðan 1960, eða í 55 ár. Þá gerði Keflavík 2-2 jafntefli við Val í 1. umferðinni en tapaði svo fjórum næstu leikjum sínum með markatölunni 1-13.

Keflvíkingar unnu tvo leiki í seinni umferðinni – á þessum tíma voru sex lið í deildinni og tvöföld umferð leikin – en það dugði ekki til að bjarga þeim frá falli.

Keflavík féll niður í 2. deild og þeirra sæti tók ÍBH (Íþróttabandalag Hafnarfjarðar). Keflavík var tvö ár í 2. deild en sneri aftur í deild þeirra bestu 1963. Ári seinna varð liðið svo Íslandsmeistari í fyrsta sinn.

Frá 1960 hefur Keflavík ekki fengið minna en tvö stig (sé tveggja stiga reglan umreiknuð í þriggja stiga regluna) í fyrstu fimm umferðunum í efstu deild. Minnst fengu Keflvíkingar tvö stig 1968 og 1996 en bæði árin björguðu þeir sér frá falli. Jafnvel árin sem Keflavík féll niður um deild, 1980, 1989 og 2002, fékk liðið alltaf þrjú stig eða fleiri.

Athyglisvert verður að sjá hvort Keflvíkingar nái að hala inn fleiri stig á næstunni en ljóst er að þeir þurfa að taka sig taki ef ekki á illa að fara.

ingvithor@365.is

1-1

Samsung-völlur
Áhorf: 2.264
Garðar Örn Hinriksson (6)

Mörkin: 1-0 Ólafur Karl Finsen (8.), 1-1 Kassim Doumbia (60.).

STJARNAN (4-3-3): *Gunnar Nielsen 8 - Heiðar Ægisson 7, Brynjar Gauti Guðjónsson 7, Daníel Laxdal 7, Hörður Árnason 6 - Ólafur Karl Finsen 5 (79. Arnar Már Björgvinsson -), Þorri Geir Rúnarsson 6, Michael Præst 6, Halldór Orri Björnsson 4 - Veigar Páll Gunnarsson 5 (60. Pablo Punyed 5), Garðar Jóhannsson 4 (60. Jeppe Hansen 6).

FH (4-4-2): FH (4-4-2): Róbert Örn Óskarsson 5 - Jón Ragnar Jónsson 6, Pétur Viðarsson 6, Kassim Doumbia 6, Böðvar Böðvarsson 6 - Jeremy Sewry 7 (72. Þórarinn Ingi Valdimarsson -), Davíð Þór Viðarsson 7, Bjarni Þór Viðarsson 6, Sam Hewson 6 - Atli Guðnason 6, Steven Lennon 5 (78. Atli Viðar Björnsson -).

Skot (á mark): 6-11 (2-5) **Horn**: 2-9

Varin skot: Gunnar 3 - Róbert Örn 1.

0-1

Norðurálsvöll.
Áhorf: 1.050
Þóroddur Hjaltalín (6)

Mörkin: 0-1 Arnþór Ari Atlason (68.).

ÍA (4-4-2): Árni Snær Ólafsson 6 - Gylfi Veigar Gylfason 5, Ármann Smári Björnsson 6, Arnór Snær Guðmundsson 4, - Marko Andelkovic 4 (67. Ingimar Elí Hlynsson 4), Albert Hafsteinsson 6, Þórður Þorsteinn Þórðarson 5, Jón Vilhelm Ákason 5 (79. Ásgeir Marteinsson -), Darren Lough 4 - Arsenij Buinickij 4, Garðar Gunnlaugsson 5 (Steinar Þorsteinsson -).

BREIÐABLIK (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5, ***Elfar Freyr Helgason 7**, Damir Muminovic 5, Kristinn Jónsson 7 - Óliver Sigurjónsson 7, Arnþór Ari Atlason 6, Andri Rafn Yeoman 6 - Guðjón Pétur Lýðsson 6 (75. Atli Sigurjónsson -), Höskuldur Gunnlaugsson 5, Ellert Hreinsson 5 (89. Ismar Tandir -).

Skot (á mark): 2-12 (0-5) **Horn**: 5-8

Varin skot: Árni Snær 4 - Gunnleifur 0.

2-0

Leiknisvöllur.
Áhorf: 785
Vilhjálmur Alvar Þór. (6)

Mörkin: 1-0 Sindri Björnsson (32.), 2-0 Charley Fomen (61.).

LEIKNIR (4-3-3): Eyjólfur Tómasson 7 - Eiríkur Ingi Magnússon 6, Óttar Bjarni Guðmundsson 6, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Charley Fomen7 - Atli Arnarson 6, ***Sindri Björnsson 7**, Hilmar Árni Halldórsson 7 - Elvar Páll Sigurðsson 6, Amath Diedhiou 4 (57. Kristján Páll Jónsson 5), Ólafur Hrannar Kristjánsson 5 (93. Magnús Már Einarsson -)

VÍKINGUR (4-3-3): Denis Cardaklija 3 - Davíð Örn Atlason 6, Milos Zivkovic 4, Alan Lowing 4, Halldór Smári Sigurðsson 4 (71. Ívar Örn Jónsson -) - Igor Taskovic 5, Finnur Ólafsson 4 Stefán Þór Pálsson 3 - Haukur Baldvinsson 4 (68. Tómas Guðmundsson 4), Rolf Toft 6, Andri Rúnar Bjarnason 4 (58. Arnþór Ingi Kristinsson 3)

Skot (á mark): 6-4 (4-1) **Horn**: 9-3

Varin skot: Eyjólfur 0 - Denis 2

Mikil gæði, lágt verð

– og frábær þjónusta

Hobart gasgrill
Ryðfríir brennarar og hliðarbrennari. Grillflötur 56 x 42 cm, 2 glerungshúðaðar grillgrindur. Rafstýrður kveikirofi, innbyggður hitamælir. Þrýstingsjafnari og slanga fylgja.

39.995.- ~~43.995.-~~

Albany gasgrill
4 ryðfríir brennarar og 1 hliðarbrennari. Grillflötur: 67 x 42,5 cm. 3 ryðfríar grillgrindur. Rafstýrður kveikirofi, 2 hliðarborð úr stáli, innbyggður hitamælir, gasþrýstijafnari og slanga fylgja.

49.995.- ~~54.995.-~~

Rock 200 gasgrill
2 ryðfríir brennarar. Grillflötur 53 x 47 cm. Mattglerungshúðuð steypujárnsplata og steypujárnsgrind, hitamælir í loki.

64.995.-

Leon kúlugrill með gasi
Grillflötur 57 cm. Á þessu grilli geturðu bæði steikt og bakað eins og á hefðbundnu kúlugrilli og um leið nýtt þér hraða og hitastýringu gasgrillsins.

77.895.-

76.995.-

Monarch gasgrill
Með 3 Dual Tube brennurum. Grillflötur: 38 x 56 cm. Hliðarborð og skápur til að geyma í gaskút fylgja.

99.995.- ~~114.995.-~~

Canberra gasgrill
Fjögurra brennara kerfi úr sérlega endingargóðu steypujárni með fullkominni hitadreifingu og rafuppkveikju. Hliðarhilla sem taka má af, með hnífaparageymslu. Fjórskipt grind úr steypujárni, með hitagrind. Innbyggður hitamælir í loki.

120.995.-

Baron 440 gasgrill
Með 4 Dual-Tube tvöföldum brennurum og 1 hliðarbrennara með samanlögðum styrk sem nemur 2,7 kW. Grillflötur er 64 x 44 cm, grillhilla og geymsluskápur fyrir gaskút og áhöld fylgja.

129.995.-

Ascona gasgrill
Ascona 570, grátt. Þv. 54 cm. Tveggja brennara kerfi með innbyggðum kveikjurofa í báðum snúningshnöppunum. Stillanleg hæð á fótum og hallastillir. Innbyggður hitamælir í loki. Vinnuhæð: 86 cm.

169.995.- ~~184.995.-~~

Geneva kúlugrill með gasi
Þv. 57 cm. 2 brennarar með innbyggðri trekt sem hægt er að snúa til að tryggja bestu mögulegu beinu og óbeinu eldun. Postulínsglerungshúðuð grillgrind, grind úr ryðfríu stáli. Niðurfellanleg hliðarborð fylgja.

219.995.- ~~263.995.-~~

Regal XL gasgrill
2 í 1 grill. 4 + 2 Dual brennarar með heildarstyrk sem nemur 17,6 kW, fyrir aftan steikingarbrennara með styrk sem nemur 4,4 kW, auk hliðarbrennara með styrk sem nemur 2,7 kW. Grillflötur 64 x 49 cm + 30 x 49 cm. Skápur til að geyma í gaskút. ÞARF AÐ SÉRPANTA

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 28. maí til og með sunnudagur 31. maí 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

DAGSKRÁ

20:05
HEIMSÓKN
Hún er hálf íslensk og hálfur kani, hefur alltaf búið í New York og vill hvergi annarsstaðar vera. Audrey Nizen hefur unnið sem yfirmaður, bæði í Macy´s og Bloomingdales, býr í 350 fm svokölluðu lofti og sjón er sögu ríkari.

FJÖLBREYTT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

20:30
WEIRD LONERS
Glænýir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldri sem búa öll í sama fjölbýlishúsinu og eiga það sameiginlegt að vera mjög léleg í ástarmálum.

20:55
OUTLANDER
Mögnuð þáttaröð um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp í seinni heimsstyrjöldinni.

21:50
STALKER
Magnaðir spennuþættir um sérstaka deild innan lögreglunnar sem rannsakar mál tengd eltihrellum.

22:35
WEEDS
Skemmtilegir þættir um hina úrræðagóðu Nancy Boewden sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali eftir að hún missti eiginmann sinn.



22:00
FARGO
Mögnuð bíómynd eftir Coen-bræður um bílasala sem fær illa þokkaða náunga til að ræna eiginkonu hans.



Krakkastöðin **18:00**
DÓRA LANDKÖNNUÐUR
Dóra landkönnuður, Klossi og félagar fara í ævintýralegan leiðangur og leysa skemmtilegar þrautir á leiðinni.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**

STÖÐ 2

07.00 **Barnatími**
07.45 **Big Time Rush**
08.05 **Don't Trust the B*** in Apt 23**
08.30 **The Middle**
08.55 **Mom**
09.15 **Bold and the Beautiful**
09.35 **Doctors**
10.15 **Spurningabomban**
11.05 **Around the World in 80 Plates**
11.50 **Grey's Anatomy**
12.35 **Nágrannar**
13.00 **Mayday**
13.55 **The Lying Game**
14.40 **Don't Blame the Dog**
15.45 **Man vs. Wild**
16.30 **Big Time Rush**
16.55 **Baby Daddy**
17.20 **Bold and the Beautiful**
17.40 **Nágrannar**
18.30 **Fréttir**
18.47 **Íþróttir**
18.55 **Ísland í dag**
19.35 **Víkingalottó**
19.40 **The Middle** *(3:24)*
20.05 **Heimsókn** *(5:8)* Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.
20.30 **Weird Loners** *(1:6)* Frábærir nýir þættir um fjóra einstaklinga á fertugsaldrinum sem búa allir í sama fjölbýlishúsinu í Queens í New York. Þau eru öll mjög ólík en þó eiga þau það sameiginlegt að vera mjög léleg í ástarmálum en á milli þeirra myndast djúp vinátta sem getur af sér oft ansi spaugileg augnablik.
20.55 **Outlander** *(12:16)* Magnaðir þættir sem fjalla um hjúkrunarkonuna Claire Beauchamp en hún vinnur við að hjúkra særðum hermönnum í seinni heimsstyrjöldinni. Á dularfullan hátt er hún allt í einu komin til ársins 1743 og er stödd í miðju borgarastríði í Skotlandi. Ástina sína skildi hún eftir en stofnar til ástarsambands við annan mann í fortíðinni.
21.50 **Stalker** *(20:20)* Magnaður spennuþáttur um Jack Larsen og Beth Davies en þau vinna í sérstakri deild innan lögreglunnar í Los Angeles og rannsaka mál sem tengjast eltihrellum en þau mál eru jafn ólík og þau eru mörg.
22.35 **Weeds**
23.05 **Battle Creek**
23.50 **The Blacklist**
00.35 **The Following**
02.05 **The Object of My Affection**
03.55 **Season of The Witch**
05.30 **Fréttir og Ísland í dag**

STÖÐ 2 SPORT
besta sætið

07.00 **Stjarnan - FH**
08.45 **Pepsímörkin 2015**
10.00 **RN Löwen - Füchse Berlín**
11.20 **Formúla 1 2015 - Mónakó**
13.40 **Stjarnan - FH**
15.25 **Pepsímörkin 2015**
16.40 **Cleveland - Atlanta**
18.30 **Dnipro - Sevilla** Bein útsending
20.40 **Stjarnan - FH**
22.25 **Pepsímörkin 2015**
23.40 **Dnipro - Sevilla**

STÖÐ 2 SPORT 2
enski boltinn

10.30 **Aston Villa - Burnley**
12.10 **Arsenal - WBA**
13.50 **Hull - Man. Utd.**
15.30 **Messan**
16.45 **Preston - Swindon**
18.25 **Middlesbrough - Norwich**
20.05 **Football League Show 2014/15**
20.35 **Newcastle - West Ham**
22.15 **Premier League Review**
23.10 **Crystal Palace - Swansea**
00.50 **Man. City - Southampton**

INN

20.00 Björn Bjarna **20.30** Auðlindakistan **21.00** Á ferð og flugi **21.30** Ferðafélagsþættir

STÖÐ 3

18.15 **Last Man Standing**
18.35 **Hot in Cleveland**
19.00 **Hart of Dixie**
19.45 **Silicon Valley**
20.10 **Flash** *(23:23)* Hörkuspennandi þættir sem byggðir eru á teiknimyndaseríunni Flash Gordon.
20.55 **The Originals** *(1:22)* Önnur spennuþáttaröðin sem fjallar um Mikaelsons-fjölskylduna en meðlimir hennar eru jafnframt þeir fyrstu af hinum svokölluðu ofurvampírum en þær geta lifað í dagsljósi.
21.40 **The 100** *(9:16)*
22.20 **Dallas** *(9:15)*
23.05 **Hart of Dixie**
23.45 **Sirens**
00.10 **Supernatural**
00.55 **Silicon Valley**
01.20 **Flash**
02.05 **The Originals**
02.45 **The 100**
03.30 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

Krakkastöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.49** Tommi og Jenni **07.55** UKI **08.00** Lína langsokkur **08.22** Kalli á þakinu **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Latibær **09.47** Skoppa og Skrítla **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.49** Tommi og Jenni **11.55** UKI **12.00** Lína langsokkur **12.22** Kalli á þakinu **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Latibær **13.47** Skoppa og Skrítla **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.49** Tommi og Jenni **15.55** UKI **16.00** Lína langsokkur **16.22** Kalli á þakinu **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Latibær **17.47** Skoppa og Skrítla **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Undraland Ibba

GULLSTÖÐIN

17.10 **Friends**
17.35 **Modern Family**
18.00 **Mike and Molly**
18.20 **The Big Bang Theory**
18.45 **Fiskur án reiðhjóls**
19.10 **Hannað fyrir Ísland**
19.55 **Chuck** *(4:24)* Chuck Bartowski er mættur í fjórða sinn hér í hörkuskemmtilegum og hröðum spennuþáttum.
20.40 **The Newsroom** *(7:9)* Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skarta Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara stöðvarinnar.
21.35 **Cold Case** *(9:23)*
22.20 **Curb Your Enthusiasm** *(9:10)* Larry þarf að leggjast á hnén fyrir húðsjúkdómafræðingi sem hann hafði áður móðgað til að fá lyf fyrir kláðakenndu útbroti Cheryl.
22.55 **Sullivan and Son**
23.15 **Fiskur án reiðhjóls**
23.40 **Hannað fyrir Ísland**
00.25 **Chuck**
01.05 **The Newsroom**
02.00 **Cold Case**
02.45 **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

BÍÓSTÖÐIN

10.00 **Great Expectations**
11.50 **That Thing You Do!**
13.40 **Angels and Demons**
16.00 **Great Expectations**
17.50 **That Thing You Do!**
19.40 **Angels and Demons**
22.00 **Fargo**
23.40 **Parker**
01.40 **Crisis Point**
03.10 **Fargo**

RÚV

16.30 **Blómabarnið**
17.20 **Disneystundin**
17.21 **Finnbogi og Felix**
17.43 **Sígildar teiknimyndir**
17.50 **Fínni kostur**
18.15 **Táknmálsfréttir**
18.25 **Heilabrot**
18.54 **Víkingalottó**
19.00 **Fréttir**
19.25 **Íþróttir**
19.30 **Veðurfréttir**
19.35 **Kastljós**
20.00 **Neyðarvaktin** *(15:22)* Chicago Fire III
20.45 **Vinur í raun** *(1:6)* Moone Boy II
21.10 **Silkileiðin á 30 dögum** *(3:10)* Sidenvägen på 30 dagar
22.00 **Tíufréttir**
22.15 **Veðurfréttir**
22.20 **Goðsögnin um Shep Gordon Supermensch.** The Legend of Shep Gordon
23.45 **Gárur á vatninu**
00.35 **Kastljós**
01.00 **Fréttir**
01.15 **Dagskrárlok**

SKJÁREINN

06.00 **Pepsi MAX tónlist**
08.00 **Everybody Loves Raymond**
08.20 **Dr. Phil**
09.00 **The Talk**
09.45 **Pepsi MAX tónlist**
14.35 **Cheers**
15.00 **Jane the Virgin**
15.40 **Parenthood**
16.20 **Minute to Win It**
17.05 **Royal Pains**
17.50 **Dr. Phil**
18.30 **The Talk**
19.10 **Million Dollar Listing**
19.55 **The Millers**
20.15 **Black-ish** *(5:13)* Nýrík fjölskylda tekst á við þær breytingar að efnast hratt og kemur sér sífellt í aðstæður sem hún á erfitt með að vinna úr.
20.35 **The Odd Couple** *(10:13)* Glæný gamanþáttaröð sem slegið hefur í gegn í bandarísku sjónvarpi.
21.00 **Franklin & Bash** *(1:10)* Lögmennirnir og glaumgosarnir Franklin og Bash eru loks mættir aftur á SkjáEinn. Þeir félagar starfa hjá virtri lögmannsstofu en þurfa reglulega að sletta úr klaufunum.
21.45 **Blue Bloods** *(21:22)* Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki um valdafjölskyldu réttlætis í New York-borg.
22.30 **Sex & the City**
22.55 **Madam Secretary**
23.40 **Scandal**
00.25 **American Crime**
01.10 **Franklin & Bash**
01.55 **Blue Bloods**
02.40 **Sex & the City**
03.05 **Pepsi MAX tónlist**

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2015
13.00 Golfing World 2015
13.50 PGA Tour 2015
17.15 PGA Tour 2015 – Highlights
18.10 Golfing World 2015
19.00 European Tour 2015
21.35 PGA Tour 2015

HRINGBRAUT

10.00 Fólk með Sirrý **11.00** Atvinnulífið **11.30** Ritstjórarnir **12.00** Fólk með Sirrý **13.00** Atvinnulífið **13.30** Ritstjórarnir **14.00** Fólk með Sirrý **15.00** Atvinnulífið **15.30** Ritstjórarnir **16.00** Fólk með Sirrý **17.00** Atvinnulífið **17.30** Ritstjórarnir **18.00** Fólk með Sirrý **19.00** Atvinnulífið **19.30** Ritstjórarnir **20.00** Mannamál **20.45** Heimsljós **21.15** 433.is **21.45** Tara og Trixin **22.00** Mannamál **22.45** Heimsljós **23.15** 433.is **23.45** Tara og Trixin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

EINN VINSÆLASTI GRÍNISTI HEIMS AFTUR TIL ÍSLANDS!

REYKJAVIK COMEDY FESTIVAL 2015

SÍÐAST SELDIST UPP Á SKOTSTUNDU!

25. OKTÓBER Í ELDBORG

GABRIEL IGLESIAS

MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10!

MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS, Í MIÐASÖLU HÖRPU OG Í SÍMA 528-5050.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/RCF2015

MORGUNMATURINN

„Ég er ekki mikill morgunmatarmaður en fæ mér alltaf góðan kaffibolla. Svo fylgir skál af AB-mjólk með múslíi, banönum og því sem er til heima. Ég er að undirbúa mig fyrir Elvis í Hörpu svo ég þarf orkuna núna.“

Björgvin Halldórsson söngvari.

Sony gerir tilboð í Blóðberg Vesturports

Blóðberg er íslensk samtímasaga sem gæti orðið að tólf þátta alþjóðlegri sjónvarpsseríu ef samningar nást.

„Við erum að skoða þetta allt saman, það eru fleiri áhugasamir svo samningsstaðan okkar er mjög góð,“ segir Rakel Garðarsdóttir, framkvæmdastýra Vesturports, um áhuga Sony á kvikmyndinni Blóðberg.

Hefur japanska stórveldið áhuga á að semja við Vesturport um að gera úr kvikmyndinni tólf þátta sjónvarpsseríu. „Ef úr verður mun Björn Hlynur Haraldsson, sem bæði skrifaði handritið og leikstýrði myndinni, vera með í skrifum og hugmyndavinnu, en svo er þetta alfarið í höndunum á Sony. Þeir bæta svo bara við „byggt á“ og vísa í myndina okkar,“ segir Rakel og bætir við að þótt ekki sé búið að skrifa undir neitt hafi nöfn stórstjarna þegar verið nefnd varðandi hlutverkaskipan í þáttunum.

„Þetta er auðvitað stórkostlegt, og ekki síst vegna þess að þarna er á ferðinni ekkert annað en íslenskt hugvit sem verið er að flytja út,“ útskýrir Rakel og bendir á að stjórnvöld þurfi að vakna upp af værum blundi þar sem stöðugt er skorið niður í listum hérlendis. „Sérstaðan okkar er í skapandi greinum, það er nokkuð ljóst.“

Blóðberg var frumsýnd hér á landi um síðastliðna páska og braut blað í frumsýningarsögunni þar sem myndin var fyrst sýnd í sjónvarpi áður en hún fór í kvikmyndahús. „Maður verður að finna sér farveg þegar stöðugt er skorið niður,“ skýtur Rakel að í lokin. - ga

SPENNANDI Rakel gefur ekki upp verðið en segir að hér sé um að ræða rosalega stórar tölur, enda ekki lítið batterí hér á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

TJILLA Á TRJÁDRUMBI Hér er Kaleo að leika ljúfa tóna á trjádrumbi í Nýja-Mexíkó í aprílmánuði. Félagarnir voru að keyra í gegnum Bandaríkin og sáu þennan fallega trjádrumb og vildu ólmir taka lagið á honum.

Kaleo á ferð og flugi um Bandaríkin

Hljómsveitin hefur komið víða við síðan hún flutti vestur um haf í upphafi árs. Fjöldi tónleika er framundan og þá eru upptökur á nýju efni í fullum gangi.

Hljómsveitin Kaleo hefur síðustu mánuði verið á ferð og flugi um Bandaríkin, eftir að hafa gert plötusamning við Atlantic Records í lok síðasta árs. Strákarnir luku nýverið tónleikaferðalagi með ástralska tónlistarmanninum Vance Joy við góðar undirtektir.

Hljómsveitin er um þessar mundir að kynna lagið sitt, All the Pretty Girls, á hinum ýmsu útvarpsstöðvum víða um landið en lagið stökk upp í 24. sætið á Billboard-listanum í vikunni sem leið. Á vefsíðu Billboard er einnig umfjöllun um sveitina og farið fögrum orðum um hana.

Kaleo vinnur einnig um þessar mundir að sinni næstu plötu samhliða því að ferðast og koma fram á hinum ýmsu tónleikum. „Við nýtum allan lausan tíma þegar við erum ekki að ferðast eða spila til þess að komast í stúdíó og taka upp. Það þýðir að við erum að vinna í mismunandi hljóðverum á mismunandi stöðum. Það getur verið erfitt og krefjandi en það gengur vel,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari og annar gítarleikara Kaleo.

Hann segir sveitina stefna á að gefa út nýtt efni á næstunni. „Við munum gefa út nýtt lag í byrjun sumars sem ber heitið Way Down We Go,“ segir Jökull spurður út í nýja efnið. Sveitin kemur meðal annars fram á Life Is Beautiful hátíðinni í Las Vegas í september en þar koma fram tónlistarmenn á borð Stevie Wonder, Duran Duran og Weezer svo nokkur nöfn séu nefnd.

Hægt er að fylgjast með Kaleo á öllum helstu samfélagsmiðlum undir „officialkaleo“. Hér má sjá nokkrar myndir frá ferðum strákanna.

gunnarleo@frettabladid.is

SPILA Á STRÖNDINNI Hljómsveitin Kaleo kom fram á tónleikum í Mexíkó fyrir skemmstu. Ekki spillir fyrir að tónleikar fóru fram í sól og hita á ströndinni. Tónleikarnir voru hluti af útvarpsráðstefnu þar sem útvarpsstjórar hinna ýmsu útvarpsstöðva léðu sveitinni eyra.

UPPHITUN FYRIR VANCE JOY Kaleo hefur undanfarnar vikur verið á tónleikaferðalagi með áströlsku hljómsveitinni Vance Joy.

HITTU STJÖRNU Kaleo ásamt UFC-bardagakappanum Conor McGregor sem er einmitt góður vinur Gunnars Nelson. Þeir hittu kappann í Los Angeles.

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

KFC

VILTU BJÓÐA BRAGÐLAUKUNUM Í VEISLU?

Nýtt

SWEET & FIRE

SWEET & FIRE
Glóðheitur Zinger-borgari með káli, sjóðheitri 2HOT4U-sósu og krassandi sinnepssósu.
1.079 KR

SWEET & FIRE-borgari, 3 Hot Wings, franskar, gos og Florida-stykki.
1.849 KR

SVOOO GOTT

PIPAR\TBWA - SÍA - 151359

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

LÆGRA VERÐ STUNDVÍSI BREIÐASTA BROSIÐ NÝRRI VÉLAR
LOFORÐ WOW

FRÉTTIR AF FÓLKI

Á siglingu um Evrópu

Tónlistarkonan **Greta Salóme** siglir enn á fullu með Disney Magic-skemmtiferðaskipinu og og er stödd í Noregi sem stendur. „Við vorum að klára fimmtán daga siglingu þar sem við fórum frá Bandaríkjunum til Evrópu þannig að þetta hefur verið löng sigling," segir Greta um siglinguna. Hún er með sýningu um borð í skipinu og hefur í nógu að snúast. Skipið verður á siglingu um Evrópu það sem eftir er af sumrinu. „Þetta gengur rosalega vel."

Fyrir utan sýningarnar er hún að vinna að plötu og er með stúdíó í skipinu. „Ég er að vinna næsta smá-skífulag, þar sem Sinfóníuhljómsveit Norðurlands spilaði með mér. Annars er platan mín uppseld aftur hérna um borð og allt í góðum gír," bætir Greta við. Nýja lagið kemur út í júlí þegar Greta fær tveggja daga frí á Íslandi.

- glp

Gefur út nýja plötu

Tónlistarkonan **Lára Rúnarsdóttir** sendir í dag frá sér plötuna Þel. Lára hefur síðastliðið ár verið að vinna að plötunni í samstarfi við Stefán Örn Gunnlaugsson. Ólíkt fyrri plötum Láru þá eru öll lögin á plötunni sungin á íslensku. Prjú lög plötunnar eru nú þegar komin í spilun og hafa ratað ofarlega á vinsældalista útvarpsstöðva. Í tilefni útgáfunnar heldur Lára tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík 4. júní og á Græna hattinum á Akureyri 5. júní. Auk þess mun Lára vera á tónleikaferðalagi um landið í sumar til þess að kynna plötuna.

- vh

Mest lesið VÍSIR

1. „Bylting" í beinni: Mótmælendur mæta á Austurvöll
2. Krefjast afsagnar ríkisstjórnarinnar: Vill leyfa óánægjuröddum þjóðarinnar að heyrast
3. Falskri söguskoðun haldið að þjóðinni
4. Algjört niðurbrot
5. Hundurinn sem hraktist út á haf fannst dauður

Rauðrófu- og brokkolíduft
ásamt spínati, gulrótum, steinselju og káli

Mikil orka
Línurnar í lag

12 HITAEININGAR Í TESKEIÐ

lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

WOW!

ÞESSI KEMUR STERKUR INN!

ALICANTE frá
18.999 kr.
Tímabil: júní 2015

BARCELONA frá
18.999 kr.
Tímabil: júní 2015

TENERIFE frá
19.999 kr.
Tímabil: júní 2015

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, 999 kr. bókunargjald - og töskugjald ekki innifalið.